# FRÉTTABLAÐIÐ

211. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. SEPTEMBER 2015




**Sumri hallar við höfnina** Áhugasamir ferðamenn á Granda klifu í gær listaverkið Þúfuna eftir Ólöfu Nordal. Norska farþegaskipið Fram lá við festar í Austurhöfninni. Fréttablaðið/Vilhelm

## Segir vanta 1,4 milljarða

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum áhyggjur því það er ljóst að við getum ekki tekið fé úr rekstri okkar til þess að bæta húsnæðið. Sjúklingarnir þurfa á þeim peningi að halda,“ segir María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans. Í fjárlagafrumvarpi fyrir 2016 er gert ráð fyrir því að spítalinn fái sex hundruð milljónir í viðhald og nýframkvæmdir. Að sögn Maríu vantar þá 1.400 milljónir upp á fyrir nauðsynlegar framkvæmdir.



María Heimisdóttir

Margt þurfi að bæta. Til dæmis séu mjög mikil þrengsli víða á legudeildum. „Það þekkja svo allir dæmin um myglunа og lekann á spítalanum.“

Þá segir María mikla uppsafnaða þjónustuþörf. „Eitt af því sem er mjög brýnt að gera er að bæta við skurðstofu í Fossvoginn og er kostnaður við það metinn á um 100 milljónir.“

Einnig þarf að losa pláss fyrir sjúklinga með því að setja upp gámabyggingu fyrir skrifstofur í Fossvogi. Slíkt verkefni kostar 130 til 150 milljónir.

María vill minna á fjárframlög sem eru í frumvarpinu til nýs Landspítala við Hringbraut og segir það mjög mikilvægt skref. Þó sé nauðsynlegt að leggja ákveðinn kostnað í húsnæðið til að brúa bilið þar til nýr spítali kemst í notkun. – ngy

# Seldu eitur án þess að leyfi væru fyrir hendi

**Könnun Umhverfisstofnunar leiddi í ljós að fjölmargir kaupa ýmsar tegundir eiturefna án tilskilinna leyfa. Engin eftirmál eru fyrir þær verslanir sem seldu eitrið til leyfislausra. Ekki þótti ástæða til að tilkynna lögreglu um viðskiptin.**

**ÖRYGGISMÁL** Umhverfisstofnun komst að því í úttekt á sölu fjölmargra tegunda af eitri til að uppræta óæskilegan gróður, skordýr eða meindýr að rúmlega helmingur þeirra 202 einstaklinga sem keyptu slík efni á árinu 2014 í tengslum við atvinnurekstur sinn höfðu ekki til þess tilskilin leyfi. Alls voru seld rúmlega tíu tonn af þessum efnum til þessa hóps.

Samkvæmt efnalögum eru tveir flokkar af þessum efnum; þau sem almenningur getur keypt og hins vegar þau sem eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni. Þau síðarnefndu fást aðeins keypt gegn notendaleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun og sá sem þau selur ber ábyrgð á að umræddar vörur séu einungis afhentar þegar tilskildu leyfi er framvísað. Af þeim 202 sem keyptu vörurnar höfðu 87 aldrei haft tilskilið leyfi til kaupa á eiturefnunum. Til viðbótar voru leyfi 31 kaupanda runnin út.

Í gögnum Umhverfisstofnunar kemur ekki fram hversu mikið magn þeir keyptu sem voru leyfislausir en virk eiturefni samtals í þeim ellefu tonnum sem seld voru eru rúmt tonn; mest í sveppa- og illgresiseyði, þá skordýraeitri og langminnst í rottueitri eða innan við hálft kíló.

> Það var mat stofnunarinnar að ekki væri slík hætta á ferðum að efni stæðu til þess.
>
> Björn Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

Úttekt Umhverfisstofnunar náði til átta verslana, en samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni hafa þær yfirgnæfandi markaðshlutdeild í sölu á þeim vörum sem hér um ræðir.

Björn Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun sem annaðist rannsóknina, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að engin eftirmál verði af þessu fyrir viðkomandi verslanir – hvorki leyfissvipting eða sektir. Þó eru í nýjum efnalögum [2013] skýrari heimildir en áður til að fylgja eftir lögum og reglum varðandi markaðssetningu þessara efna.

Spurður hvort ekki sé full ástæða til að tilkynna lögreglu um kaup og sölu eiturefna án tilskilinna leyfa segir Björn að lögreglu hafi ekki verið gert viðvart um niðurstöðurnar „því það var mat stofnunarinnar að ekki væri slík hætta á ferðum að efni stæðu til þess“.

Ekki þótti heldur tilefni til að innkalla efnin sem keypt voru án leyfis, enda það langt um liðið frá kaupum að líklegt sé að „í yfirgnæfandi tilfellum sé búið að nota vörunar í þeim tilgangi sem þeim er ætlaður enda einkum um að ræða vörur sem notaðar eru árstíðabundið, og þá á sumrin“. – shá

### Kaupendur eiturefna vegna atvinnureksturs árið 2014

| Kaupandi | Fjöldi |
|---|---|
| Kaupandi með útrunnið leyfi | 31 |
| Kaupandi með leyfi í gildi | 84 |
| Kaupandi aldrei haft leyfi | 87 |

## Fréttablaðið í dag


SKOÐUN Katrín Jakobsdóttir skrifar um misskiptingu auðæfa. 26-32

SPORT Frábær fyrri hálfleikur gegn Spáni. 34-36

MENNING Flóttamannavandinn er lýðræðisvandi í Evrópu, segir rithöfundurinn Teju Cole. 44-47

LÍFIÐ Lars Lagerbäck er kurteis töffari. 70-78

PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Einelti er ógeð



Leggðu þitt af mörkum!

## Veður



Lægðin sem fór framhjá landinu í fyrrinótt var kraftmikil og í nótt var von á að systir hennar færi sömu leið. Hún var ekki jafn aflmikil, en engu að síður má búast við hvassviðri framan af degi og stormi um landið vestanvert þegar verst lætur. Þessu fylgir rigning, síst fyrir norðan. Síðdegis lægir vindinn smám saman og styttir upp að mestu. SJÁ SÍÐU 40

# Trampólínið stóð en tréð fór



„Það rifnaði upp með rótum en trampólínið hreyfðist ekki,“ segir Katrín Helga Hallgrímsdóttir, íbúi á Tómasarhaga í Vesturbænum í Reykjavík, um birkitré sem lét undan í rokinu aðfaranótt miðvikudags. Á myndinni sést sonur Katrínar, Kristján Sturla Katrínarson, hoppa á trampólíni í garðinum en það haggaðist ekki í rokinu. Fréttablaðið/Anton Brink

## Dregur enn úr barnadauða ár frá ári

**SAMFÉLAG** Á síðasta ári létust 6,6 milljónir barna fyrir fimm ára aldur á heimsvísu en samkvæmt árlegum tölum UNICEF um barnadauða hefur tala látinna barna fækkað um sjö hundruð þúsund í ár.

Þá hefur dregið úr barnadauða ár frá ári eða um 53 prósent frá árinu 1990. Frá því að ríki heimsins settu sér það þúsaldarmarkmið að draga úr ungbarnadauða um tvo þriðju hefur lífum 48 milljóna barna verið bjargað um víða veröld og enn dregur úr sem áður segir.

Barnadauði er einna minnstur á Íslandi af öllum ríkjum heims og er Ísland þar í flokki með Lúxemborg og Finnlandi, svo einhver lönd séu nefnd.

Mestur er barnadauði í löndum Afríku, til að mynda í Angóla og Sómalíu. **– ebg**

## Seinagangur ráðherra

**STJÓRNMÁL** Sjö af fimmtán fyrirspurnum þingmanna sem er ósvarað er beint til innanríkisráðherra. Fyrirspurnirnar eru um notkun dróna, framkvæmd banns við kaupum á vændi, nauðungarsölur án uppboðsheimilda, innheimtu dómsekta, þjónustu presta og mismunun á grundvelli kynhneigðar. Elsta ósvaraða fyrirspurnin var lögð fram 26. mars.

Fimm fyrirspurnum til fjármálaráðherra er ósvarað. Þar af tveimur er snúa að byggingu og rekstri Hörpu tónlistarhúss. Þær voru lagðar fram í vor af Pétri Blöndal heitnum sem lagði einnig fram fyrirspurn um stöðu A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, henni er líka ósvarað. Þá er fjármálaráðherra spurður um niðurfærslu húsnæðislána samkvæmt 110% leiðinni. Elsta fyrirspurnin er frá 3. mars. Einni er ósvarað til umhverfis- og auðlindaráðherra og varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Einni er ósvarað til félagsmálaráðherra og varðar endurgreiðslukröfur Fæðingarorlofssjóðs. Þær fyrirspurnir eru frá í júní og júlí. **– kbg**



**Ólöf Nordal innanríkisráðherra.**






# Ferjuáhöfn í fullu starfi að handlanga ælupoka

**Hundruð ferðamanna urðu í sumar sjóveik í ferjunni Sæfara á leið frá Dalvík til Grímseyjar. Skipstjórinn segir ástæðuna ömurlegt veður. Margir völdu að gista í eynni til að reyna að fá flug til baka frekar en að stíga aftur um borð í Sæfara.**

**GRÍMSEY** „Við höfum verið í fullu starfi við að rétta fólkinu ælupoka,“ segir segir Sigurjón Herbertsson, skipstjóri á ferjunni Sæfara sem býður upp á áætlunarferðir frá Dalvík til Grímseyjar.

Flestallir ferðamenn sem komu með ferjunni til Grímseyjar í sumar urðu sjóveikir að sögn Sigurjóns. Ferðin með Sæfara tekur að lágmarki þrjár klukkustundir og varð fólk flest sjóveikt strax í upphafi ferðarinnar. Hann segir vont veður vera ástæðu ástandsins.

„Það er búið að vera ömurlegt veður í sumar og hefur ástandið verið svona vegna norðanáttarinnar,“ segir Sigurjón.

Sæfari tekur 108 manns og siglir þrjár ferðir í viku. Algengast er að um 80 manns séu um borð á sumrin.

Sigurjón hefur farið sömu leiðina í um tuttugu ár og segist ekki muna eftir öðru eins sumri.

„Þetta hefur verið mjög leiðinlegt og það hefur verið mikið álag á okkur í áhöfninni við að þjónusta sjóveikt fólk, gefa því vatn að drekka og fara með suma í kojur,“ segir Sigurjón og bætir við að í ágúst hafi ein ferðin verið felld niður sökum veðurs. Það hafi aldrei gerst áður að sumarlagi.

Þá segir Sigurjón að sjóveikir ferðamenn hafi oft ekki treyst sér með ferjunni til baka og keypt sér í staðinn flug til meginlandsins.

„Fólk var kvíðið að því að þurfa að fara til baka og ákvað því að gista í eynni eða kaupa sér flug til baka. Það gerðist svo stundum að ekki var flogið vegna þoku og fólkið neyddist til þess að koma með um borð.“



**Sæfari sigldi ekki alltaf lygnan sjó í sumar.** Mynd/Anna María Sigvaldadóttir

Anna María Sigvaldadóttir, eigandi matvöruverslunarinnar í Grímsey og afgreiðslumaður ferjunnar Sæfara, segist ekki mun eftir eins mörgum sjóveikum ferðamönnum áður.

„Fólkið var sjóveikt í marga tíma eftir ferðina. Ég held að það hafi verið svona tvær ferðir í sumar þar sem fólk varð ekki sjóveikt. Þetta er vegna veðursins, enda var meðalhitinn hér í sumar þrjár til fjórar gráður og norðanátt.“ **nadine@frettabladid.is**

> **Það gerðist svo stundum að ekki var flogið vegna þoku og fólkið neyddist til þess að koma með um borð.**
>
> Sigurjón Herbertsson, skipstjóri Sæfara





Tilboð!
20.000 kr.
afsláttur

**Samsung Smart TV** 50 LED 3D

**149.990 kr.** stgr.

Fullt verð 169.990 kr.



**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mán. í 3 mán. fylgir.

**35.000 kr. Level On heyrnartól** fylgja frítt með

**Samsung Galaxy Note 4**

**119.990 kr.** stgr.

# Samsung dagar hjá Nova!

**20% afsláttur** af Samsung aukahlutum

**Ókeypis heimsending!** nova.is



**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mán. í 12 mán. fylgir.

**Galaxy S6 Edge+** 32GB

**149.990 kr.** stgr.



**1.000 kr.** notkun eða **500 MB** á mán. í 3 mán. fylgir.

**Galaxy S5** 16GB

**69.990 kr.** stgr.



**500 kr.** notkun eða **250 MB** á mán. í 3 mán. fylgir.

**Galaxy J1** 4GB

**16.990 kr.** stgr.

Fullt verð 19.990 kr.



Tilboð!
45.000 kr.
afsláttur

**Galaxy Tab Active** Wi-Fi 8“

**39.990 kr.** stgr.

Fullt verð 84.990 kr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Bæjarstjórinn segir lögfræðiálit byggt á misskilningi

**SVEITARSTJÓRNIR** Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn því að Hafnarfjarðarbær breyti skipuriti sínu í þá átt að Hafnarfjarðarhöfn verði færð undir bæjarstjóra. Þetta kemur fram í lögfræðiáliti sambandsins varðandi umræddar breytingar. Lögfræðiálitið barst bæjarfulltrúum þann 7. september síðastliðinn, tveimur vikum eftir að álitið barst bænum.

Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri segir álitið byggt á misskilningi. „Þessi misskilningur orsakast þannig að vinnudrög að skipulagi hafnarinnar voru send Sambandi sveitarfélaga og þau drög hafa aldrei farið fyrir bæjarstjórn. Ég hef ekki lesið álit Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem í ljós kom að fyrri drög voru byggð á misskilningi. Eftir að ég kom úr sumarfríi lágu ný drög fyrir sem lögfræðingar sambandsins gerðu ekki athugasemdir við og þau drög liggja fyrir til samþykktar í bæjarstjórn,“ segir Haraldur.

Gunnar Axel Axelsson segir það skipta máli að allar upplýsingar liggi á borðinu þegar ákvarðanir eru teknar um grunnreglur sveitarfélagsins. „Við verðum að sjá allar þær upplýsingar sem liggja að baki og eru til um málið áður en ákvörðun er tekin og það orkar tvímælis að enginn kjörinn fulltrúi hafi séð lögfræðiálit Sambands sveitarfélaga sem leggst gegn hugmyndum um breytingar hafnarinnar,“ segir Gunnar Axel. **– sa**



**Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Haraldur Líndal Haraldsson, segir lögfræðiálit byggt á misskilningi.**

# Fíkniefni á hundruð milljóna

**Hald var lagt á hátt í níutíu kíló af fíkniefnum á Seyðisfirði á þriðjudagsmorgun. Ljóst er að markaðsvirðið hleypur á hundruðum milljóna. Hollenskt par var dæmt í tveggja vikna gæsluvarðhald vegna smyglsins.**

**SAKAMÁL** Hollenskt par er í haldi lögreglu eftir að hátt í 90 kíló af fíkniefnum fundust í húsbíl sem þau tóku á leigu og fluttu til landsins með Norrænu.

Ferjan kom frá Danmörku með viðkomu í Færeyjum og þaðan til Íslands á þriðjudagsmorgun. Fíkniefnin voru í mörgum litlum pokum í húsbílnum. Tæknideild lögreglunnar vinnur enn að greiningu efnanna. Því er ekki enn vitað hvaða fíkniefni er um að ræða en komið hefur fram að um hvít, hörð efni sé að ræða. Götuverð á amfetamíni samkvæmt heimildarmanni Fréttablaðsins innan lögreglunnar er um 3.500 krónur grammið. Götuverð á kókaíni er samkvæmt sömu heimildum 18.000 krónur grammið. Eftir að aðgerðum tollvarða og lögreglu lauk við höfnina var parið sem er á fertugsaldri flutt með flugi frá Egilsstöðum til Reykjavíkur, þar er það í haldi lögreglu og hefur verið úrskurðað í tveggja vikna gæsluvarðhald. Fíkniefnafundurinn er afrakstur samstarfs lögreglustjórans á Austurlandi, embættis tollstjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og færeyskra tollayfirvalda. Lögreglurannsókn er í höndum lögreglunnar á Austurlandi.

**Vill fleiri tollverði**

Árangurinn telst lofsverður í ljósi þess að aðeins fjórir tollverðir starfa á Austurlandi við tollgæslu. Heimildarmenn Fréttablaðsins í lögreglunni segja að á meðan svo er, séu smyglleiðir inn og út úr landinu opnar. Engin leið sé að anna eftirliti með svo fámennri tollgæslu. Umdæmið spannar allar hafnir frá Vopnafirði og suður í Höfn í Hornafirði. Stefán Bjargmundsson aðstoðaryfirtollvörður segist myndu vilja hafa fleiri tollverði við eftirlit. Sér í lagi í ljósi aukins ferðamannafjölda. Í sumar voru fleiri tollverðir að störfum fyrir austan. „Lögregla og tollgæsla glíma við fjölgun ferðamanna um allt land, við reynum sem við best getum að nýta þann mannafla og tækjakost sem við höfum.“




Hann segir aldrei hægt að koma í veg fyrir allan fíkniefnainnflutning. Haldlagt magn sé afar misjafnt á milli ára. Spurður hvort talið sé að fíkniefnasmyglarar nýti sér veikar varnir á Austurlandi segir hann það ekki vitað. „Við vitum það hreinlega ekki, en þetta kemur í bylgjum. Stundum er lagt hald á meira, stundum minna.“

**Stór mál fyrir austan**

Málið telst eitt stærsta fíkniefnamál Íslands. Síðustu stóru fíkniefnamál sem komu upp fyrir austan áttu það sammerkt að smyglarar reyndu að koma fíkniefnum inn í landið um hafnir fyrir austan. Tvær þýskar konur á fimmtugsaldri voru handteknar við komuna til landsins með Norrænu 17. júní 2010 og fundust í bifreið þeirra um 20 lítrar af amfetamínbasa. Samkvæmt útreikningum lyfja- og eiturefnafræðinga í því máli var fundið út að framleiða mætti 264 kíló af amfetamíni.

Í apríl árið 2009 smygluðu Rúnar Þór Róbertsson, Árni Hrafn Ásbjörnsson og Peter Rabe 109 kílóum af fíkniefnum með skútunni Sirtaki sem kom að landi á Djúpavogi.

Árið 2008 fundust 190 kíló af hassi falin í húsbíl í Norrænu.

Í september 2007 smygluðu þeir Einar Jökull Einarsson, Alvar Óskarsson, Guðbjarni Traustason og Bjarni Hrafnkelsson 23,5 kílóum af amfetamíni, 14 kílóum af ecstasy-dufti og 1.746 e-töflum á skútu frá Danmörku til Fáskrúðsfjarðar.




**Mynd þessi er tekin á þriðjudagsmorgni þegar tollgæsla stöðvaði par í húsbíl og fann við leit í bílnum hátt í níutíu kíló af fíkniefnum.** Mynd/Stöð 2

**Tollvörður í upptökum fyrir Stöð 2**

Tilviljun réð því að á sama tíma og parið var tekið með fíkniefni í húsbíl sínum fóru fram tökur á þætti í nýrri þáttaröð Stöðvar 2, um störf lögreglunnar og íslensk sakamál. Einn þeirra tollvarða sem starfa á Austurlandi, Elvar Snær Kristjánsson, féllst á að leika sjálfan sig í þáttunum. Hann var því á vettvangi þegar aðgerðir við höfnina hófust. „Ég var staddur á svæðinu, við vorum að taka upp efni í þáttinn sem fjallar um fíkniefnamál frá árinu 2008, þar sem reyndar var líka gerð tilraun til þess að flytja inn efni í húsbíl. Ég sá strax að þarna var umfangsmikið mál á ferðinni, væntanlega efni í annan þátt.“

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



**Stormurinn lék Þórsmörk grátt í fyrrinótt.** Mynd/Brynjar Tómasson

# Kári gerði óskunda í Þórsmörk

**ÓVEÐUR** „Manni stóð ekki alveg á sama,“ sagði Brynjar Tómasson, skálavörður í Langadal í Þórsmörk, eftir að sextán rúður í bílum og húsum brotnuðu í miklu hvassviðri í fyrrinótt.

Tólf erlendir gestir og tveir skálaverðir voru í skála Ferðafélags Íslands þegar veðrið gekk yfir. Brynjar sagði hvellinn hafa staðið frá því eftir miðnætti og fram undir morgun. Tveir tjaldbúar voru á svæðinu en Brynjar segir þá hafa verið í góðu skjóli.

„Þetta var kannski ekki mannskaðaveður en það hristist allt og skalf,“ sagði Brynjar sem kvað menn undirbúna fyrir næsta áhlaup sem von var á í nótt. „En hér eru reyndar engin trampólín eða októberfesttjöld til að hafa áhyggjur af.“

Í óveðrinu brotnuðu sem fyrr segir samtals sextán rúður. Þær voru í jeppa, dráttarvél og sjálfum skála Ferðafélagsins. „Elstu menn muna ekki eftir öðru eins veðri hér,“ sagði Brynjar Tómasson. **– gar**




# Japanir hrifnir af íslenskum banönum

**SAMFÉLAG** „Þau voru mjög hrifin af alíslenskum banönum, enda mjög gómsætir,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, en Mitsuko Shino, sendiherra Japans, og Yutaka Kikuchi, borgarstjóri Izu í Japan, heimsóttu Hveragerðisbæ á dögunum.

„Þau komu hingað til þess að kynna sér starfsemi íslenskra sveitarfélaga og notkun jarðvarma. Við fórum saman að heimsækja garðyrkjudeild Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum til þess að skoða banana sem þar eru ræktaðir ásamt tilraunahúsi garðyrkjunnar,“ segir Aldís.

Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari á Reykjum, tók vel á móti gestunum að sögn Aldísar. Á Reykjum eru ræktuð fimm hundruð kíló af banönum á ári.

„Við ræddum nokkuð lengi um málefni er tengja þjóðirnar. Þá sögðu þau mér að í borginni Izu búi um þrjátíu og tvö þúsund manns en það fæðist einungis um 130 börn á ári, enda leggi Japanir mestu áhersluna á sjálfa sig og hafi ekki pláss fyrr börn eða maka. Til að bregðast við þessu hafi yfirvöld í Izu ákveðið að greiða verðandi mæðrum fjögur hundruð dali við 26. viku meðgöngu svo þær geti búið sig sem best undir fæðingu barnsins.“ **– ngy**



**Borgarstjóri japönsku borgarinnar Izu, aðstoðarmaður hennar og japanski sendiherrann gæddu sér á alíslenskum banönum.** Mynd/Aldís Hafsteinsdóttir


DRESSMANN Í SMÁRALIND OPNAR STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN EFTIR BREYTINGAR
AF ÞESSU TILEFNI VERÐA ALLAR VÖRUR Í VERSLUNUM OKKAR Á
40%
AFSLÆTTI
í dag fimmtudaginn 10. september
Dressmann®
SMÁRALIND 5659730 / KRINGLAN 5680800 / GLERÁRTORG 4627800
Dressmann XL
SMÁRALIND XL 5650304



Fæst barna á vergangi eru ungbörn. Yfirleitt er um 14-17 ára drengi að ræða. Fréttablaðið/Vilhelm

# Ættleiðingar ekki besta lausnin

**SÝRLAND** „Mikilvægast er að sameina fjölskyldur. Ég skil vel að fólk hugsi til þess möguleika að ættleiða börn frá Sýrlandi en það er ekki endilega besti kosturinn,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

Forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á setningu Alþingis að það þyrfti að meta hvort hægt væri að einfalda ættleiðingar barna frá Sýrlandi þar sem þúsundir sýrlenskra barna eru munaðarlaus og búa við erfiðar aðstæður. Einnig hafa margir lýst yfir vilja til að ættleiða sýrlensk börn í umræðunni síðustu vikurnar.



Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF

Bergsteinn segir aftur á móti staðreyndina vera þá að langflest munaðarlausu barnanna eigi fjölskyldu og í Mið-Austurlöndum sé mikil hefð fyrir að ættingjar taki að sér munaðarlaus börn.

„Flest hjálparsamtök sem vinna í þessum geira leggja áherslu á að ættleiðingar milli landa séu síðasta lausnin, þegar sameining við fjölskyldu er þaulreynd. Svo sjáum við ef til vill fyrir okkur annan veruleika. Þetta eru ekki ungabörn á vergangi heldur eru þetta oftast 14-17 ára drengir sem ferðast um í hópum og þeir líta ekki á sig sem börn.“

Bergsteinn hvetur þó til að tekið verði á móti fylgdarlausum börnum á flótta. „En reynum að finna fjölskyldur þeirra og tökum einnig á móti þeim. Þannig sameinum við fjölskyldur.“ – ebg

# Í haldi lögreglu




Hundruðum flóttamanna sem komu til Ungverjalands í gær var haldið af lögreglu skammt frá bænum Roszke. Tæplega 200 þúsund flóttamenn hafa komist ólöglega til landsins það sem af er ári. Síðastliðinn föstudag var samþykkt á ungverska þinginu að þeir flóttamenn sem kæmu ólöglega til landsins yrðu umsvifalaust handteknir. Fréttablaðið/EPA

# Þrír metnir hæfastir

**DÓMSMÁL** Arnar Þór Jónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, Lárentsínus Kristjánsson hæstaréttarlögmaður og Pétur Dam Leifsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, voru metnir hæfastir til að hljóta skipun í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Alls sóttu sjö manns um starfið en það var auglýst í Lögbirtingablaðinu 12. júní síðastliðinn.

Aðrir sem sóttu um starfið voru Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis, Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis, Stefanía G. Sæmundsdóttir, settur saksóknari, og Stefán Erlendsson, héraðsdómslögmaður og lögfræðingur hjá Vegagerðinni. – nj




# Vörugjöld á bílaleigur orsaka keðjuverkun

**Ívilnun sem bílaleigur njóta um afnám vörugjalda af ökutækjum verður lögð af. Steingrímur Birgisson, forstjóri stærstu bílaleigu landsins, segir það slæmt fyrir ferðaþjónustuna. Markaðsstjóri BL segir þurfa að skoða skipulag fyrirtækisins.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gert er ráð fyrir að afnumin verði í tveimur skrefum sú ívilnun sem bílaleigur njóta í vörugjaldi af ökutækjum við innflutning. Er þetta hluti lagabreytinga sem munu fylgja fjárlagafrumvarpi Bjarna Benediktssonar. Ljóst þykir að þetta muni hafa mikil áhrif á kaup bílaleiga á nýjum bílum á næstu árum að mati Steingríms Birgissonar, forstjóra Bílaleigu Akureyrar. Bílaleigur hafa keypt helming allra nýrra bíla hér á landi frá hruni.




Bílaleigur munu draga saman seglin í kaupum á nýjum bílum á næsta ári nái fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Fréttablaðið/GVA

„Ég er gáttaður á framgöngu fjármálaráðherra í þessu máli. Það hefur ekkert samráð verið haft við okkur vegna þessara breytinga til að reyna að meta hvaða áhrif þetta mun hafa á kaup bílaleiga á nýjum bílum í framtíðinni,“ segir Steingrímur. „Það er alveg ljóst að með þessum breytingum munum við draga mjög úr kaupum á nýjum bifreiðum í flotann okkar sem mun hafa miklar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir okkur, bílasölur og ferðaþjónustuna í heild sem atvinnugrein.“

Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins og er á fjórða þúsund bifreiða í flota hennar. Steingrímur segir þessar breytingar verða til þess að flotinn verði ekki endurnýjaður eins hratt, hver bíll verði keyrður lengra sem veldur því að bílarnir verða ekki eins öruggir fyrir ferðamenn. „Þetta er ekki til þess að efla ferðaþjónustuna sem er atvinnugrein sem er ört vaxandi á Íslandi í dag. Í raun má segja að fjöldi fyrirtækja muni eiga í erfiðleikum. Hér eru um 170 starfandi bílaleigur og með þessum breytingum er verið að sparka okkur á haf út.“



Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar



Loftur Ágústsson, markaðsstjóri BL

Loftur Ágústsson, markaðsstjóri BL, segir mjög líklegt að boðaðar breytingar muni hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins í framtíðinni. BL selji mikið magn nýrra bíla til bílaleiga ár hvert. „Við þurfum auðvitað að reikna með þessu í okkar skipulagi og þetta mun vissulega hafa áhrif á okkur, það er engin spurning.

Hins vegar er enginn í stakk búinn til að meta það hversu mikið það verður. En við munum þurfa að taka með í reikninginn að sala til bílaleiga mun minnka við þessar breytingar,“ segir Loftur. sveinn@frettabladid.is

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 10.-14. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Lækkun skatta gæti ýtt undir þenslu

**Dósent í hagfræði við Háskóla Íslands telur hættu á að þensla muni aukast þar sem óbærilegur þrýstingur verði á að eyða peningum sem skila sér í ríkissjóð á næstunni. Mikilvægt sé að sýna aðhald. Félag atvinnurekenda fagnar hins vegar afnámi tolla á fatnað og skó.**



Í næstu fjárlögum verða tollar af skóm og fatnaði afnumin. Fréttablaðið/Hari

EFNAHAGSMÁL Við kynningu fjárlagafrumvarpsins sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra stærstu breytingarnar á skattkerfinu árið 2016 snúa að tekjuskatti einstaklinga og afnámi tolla á fatnað og skó.

Almenn ánægja virðist með afnám tolla af fötum og skóm. Félag atvinnurekenda hefur meðal annars fagnað því. Hins vegar telur Ásgeir Jónsson, dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands, að skattalækkanir geti leitt til þenslu. Hann segir mikilvægt að sýna aðhald í rekstri ríkissjóðs, ef auknum tekjum í ríkissjóði verður eytt þegar ríkir meðbyr geti ríkissjóður lent í tómu tjóni þegar niðursveifla kemur aftur í hagkerfið.

Gangi nýtt fjárlagafrumvarp í gegn mun tekjuskattur einstaklinga lækka í tveimur áföngum og við þann síðari fækkar skattþrepum úr þremur í tvö. Skattprósenta í lægra þrepi verður lækkuð úr 22,86% í 22,68% 1. janúar 2016 og í 22,50% við ársbyrjun 2017. Álag í milliþrepi verður lækkað um helming frá ársbyrjun 2016 og fellur það saman við neðsta þrepið um áramótin 2016/2017.

Ásgeir telur breytingarnar varðandi tollana mjög tímabærar og mikið framfaraspor. Sama á við um fækkun skattþrepa. Hann telur þó að skattalækkanirnar sem slíkar geti ýtt undir þenslu.

„Miðað við hvernig íslenskt skattkerfi er bæði hvað varðar mjög háa jaðarskatta af tekjum sem og mikið vægi veltuskatta þá auka efnahagsuppsveiflur tekjur ríkisins hlutfallslega mjög mikið þannig að afgangur á fjárlögum verður eiginlega sjálfgefinn í þenslu. Það þarf þó ekki endilega að tákna að raunverulegt aðhald sé til staðar,“ segir Ásgeir.

Hann bendir jafnframt á að það sé fallvalt að treysta neyslutengdum skatttekjum. „Yfirleitt er það svo að með mjög hröðum vexti skatttekna koma tímar með skörpum samdrætti í niðursveiflu eins og gerðist hér fyrir nokkrum árum. Það ætti að vera regla að skattalækkanir á uppsveiflutímum séu ávallt fjármagnaðar með raunverulegri lækkun ríkisútgjalda.“

Ásgeir telur því brýnt nú að sýna aðhald í rekstri ríkissjóðs.

„Það hefur alltaf gerst á Íslandi, alla vega svo langt sem mitt minni nær, að Íslendingar sýna skynsemi í mótbyr og hafa dug til að taka erfiðar ákvarðanir, en við látum síðan skipið reka á reiðanum í meðbyr. Oft hafa margar slæmar ákvarðanir verið teknar í blásandi byr á Íslandi sem dæmin sanna. Það er einnig svo að eftir undangenginn samdrátt eru þau mörg þjóðþrifaverkefnin sem fólki finnst að nú þurfi aukið fjármagn. Hins vegar er það mjög óheppilegt fyrir ríkið að færa út kvíarnar á sama tíma og fjárfesting er fyrst að taka við sér og vinnuaflsskortur er þegar farinn að gera vart við sig líkt og nú er raunin. Rétti tíminn fyrir opinberar framkvæmdir er á tímum niðursveiflu og þá er kostnaður líka mun minni, enda nægt fólk á lausu. Ég hef sérstakar áhyggjur af því að þrýstingurinn verði óbærilegur að eyða þeim fjármunum sem kröfuhafar eru bráðlega að fara að leggja inn í ríkissjóð, án þess þó að ég sé að gera mönnum upp slæmar fyrirætlanir,“ segir Ásgeir.



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði.

Aðspurður segist Ásgeir telja að pólitískar ákvarðanir hafi áhrif á ríkisfjármálin. „Yfirleitt er bætt í ríkisútgjöldin fyrir kosningar og aðhaldið aukið eftir þær. Þannig virkar lýðræðið.“ saeunn@frettabladid.is

## Kosningabragur á fjárlagafrumvarpinu

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði og forstöðumaður Evrópufræðaseturs, segir svolítinn kosningabrag á fjárlagafrumvarpinu. „Það er verið að stilla upp loforðunum og lækka skatta. En þetta sýnir líka það að staða ríkissjóðs hefur batnað á undanförnum árum, ef þetta er rétt svona.“

Spurður um hvort hann telji að fylgistapið hjá stóru flokkunum að undanförnu hafi markað þetta segist Eiríkur ekki alveg klár á því.

„En stjórnarflokkarnir þurfa náttúrulega að stilla sér upp gagnvart sínum kjósendum. Sjálfstæðisflokkurinn gerir það með skattalækkunum og Framsókn gerir það með húsnæðisliðnum. En þetta er bara pólitík eins og pólitík er, frekar en að þetta sé viðbragð við Pírötum,“ segir Eiríkur. Spurður hvort hann telji þá að flokkarnir séu að huga að kosningum fyrr en venjulega segist Eiríkur ekki átta sig nákvæmlega á því.

„Við erum búin að vera í svo óeðlilegu ástandi undanfarið, það er búið að vera svo þröngt í búi eftir hrun að ríkisstjórnir hafa ekki getað stillt sér svona upp. En ef við erum núna í einhvers konar eðlilegu ástandi, og efnahagslífið í sæmilegu ásigkomulagi, þá má segja að þetta sé upptaktur fyrir kosningafjárlög næsta árs.“






Miðstöð skólaþróunar býður einnig upp á innleiðingu stærðfræðikennsluaðferðar sem byggð er á hugmyndafræði byrjendalæsis. Fréttablaðið/Vilhelm

# Byrjendalæsi hefur kostað 84,5 milljónir

MENNTAMÁL Tekjur af innleiðingu, fræðsluefni, þróun, eftirfylgni og úrvinnslu úr mati á byrjendalæsi í 83 skólum á árunum 2005-2014 eru 84,5 milljónir og þar af 9,5 milljónir á síðasta ári.

Undanfarið hefur umræða skapast um árangur byrjendalæsis, sem er kennsluaðferð í lestri í fyrstu bekkjum grunnskóla. 83 grunnskólar á landinu hafa keypt kennsluaðferðina af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og í samanburði við aðra grunnskóla í landinu hefur aðferðin ekki skilað þeim árangri sem búist var við.

Miðstöðin er sjálfstætt starfandi eining innan hug- og félagsvísindasviðs háskólans sem rekin er af sjálfsaflafé. Heildartekjur miðstöðvarinnar frá 2005-2014 voru um 40 milljónir á ári að jafnaði eða alls 401,5 milljónir króna yfir tímabilið.

**132**
þúsund kostar kennslumappa í byrjendalæsi

Auk byrjendalæsis býður miðstöðin upp á endurmenntun, mat á skólastarfi og alls kyns námskeið tengd kennslu. Einnig er boðið upp á innleiðingu stærðfræðikennslu sem byggð er á hugmyndafræði byrjendalæsis. Engar rannsóknir voru gerðar á byrjendalæsi áður en kennsluaðferðin var innleidd í skólana á síðustu níu árum. Ekki er vitað til þess að rannsóknir hafi verið gerðar á stærðfræðiaðferðinni.

Samkvæmt verðskrá miðstöðvarinnar er grunnkostnaður á innleiðingu byrjendalæsis um 1,1 milljón króna á hvern skóla. Innleiðingin tekur tvö ár. Fréttablaðið hefur í höndunum tvo samninga grunnskóla í landinu við miðstöðina, þar sem greiddar eru 600-900 þúsund krónur fyrir eingöngu annað árið.

Stærsti kostnaðarliðurinn í samningnum hjá minni skólanum er námskeið fyrir kennara eða um 135 þúsund. Næststærsti liðurinn er kennslumappa um byrjendalæsi eða 132 þúsund. Annar kostnaður er t.a.m. smiðjuvinna, kennsluáætlanir, lestrarpróf og úrvinnsla læsisprófa. Ferðakostnaður ráðgjafa miðstöðvarinnar er ekki tekinn með í kostnaðinum. – ebg

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# BETRI BÍLAR
# Í KAUPTÚNI

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna 06.13 Ekinn 46.000 km.
Verð: 8.290.000,- Raðnr: 280392

BNB



Toyota Yaris Live
1000 Bensín beinsk.
Á götuna 06.14 Ekinn: 31.000 km.
Verð: 2.390.000,- Raðnr: 280385

BNB



Toyota Auris H/B Live
1400 Dísel beinsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 34.000 km.
Verð: 3.190.000,- Raðnr: 990012
Betra verð: 2.790.000,-

BNB



Toyota Avensis S/D Terra
1800 Bensín Beinsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 31.000 km.
Verð: 3.350.000,- Raðnr. 280390
Betra verð: 2.990.000,-

BNB



Toyota Prius Hybrid Active
1800 Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 01.14 Ekinn 14.000 km.
Verð: 4.490.000.- Raðnr: 38023

BNB



Toyota Corolla S/D Active
1600 Bensín Sjálfsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 29.000 km.
Verð: 3.850.000,- Raðnr. 990013

BNB



Toyota Auris H/B Live
1330 Bensín beinsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 29.000 km.
Verð: 2.990.000,- Raðnr: 990006
Betra verð: 2.590.000,-

BNB



Toyota Aygo X-Play-navi
1000 Bensín beinsk.
Á götuna 09.14 Ekinn 7.000 km.
Verð: 2.190.000,- Raðnr: 280391

BNB



Toyota Avensis W/G Active
1800 Bensín Beinsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 27.000 km.
Verð: 4.090.000,- Raðnr: 990003

BNB



Toyota Auris TS W/G Live
1330 Bensín Beinsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 26.000 km.
Verð: 3.150.000,- Raðnr: 990014

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna 06.13 Ekinn: 47.000 km.
Verð: 9.990.000,- Raðnr: 999999

BNB



Toyota Auris H/B Hybrid Active
1800 Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 05.13. Ekinn 23.000 km.
Verð: 3.520.000,- Raðnr: 990010

## MIKIL SALA - ÞÚ GÆTIR UNNIÐ IPAD

Nú er mjög mikil sala í notuðum bílum. Ef þú skráir Toyota eða Lexus bíl til sölu hjá Toyota Kauptúni gætir þú eignast nýjan iPad eða fengið 50% söluþóknunarinnar endurgreitt.

Sérfræðingar okkar aðstoða við verðmat og skráningu á bílnum. Þeir eru í góðu sambandi við viðskiptavini og miðla upplýsingum um tilboð áhugasamra kaupenda.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
Betri notaðir bílar

**UB**
Umboðssölu-bílar

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG BÍLNUM ÞÍNUM

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 06/14, ekinn 28 þús. km. dísil, beinskiptur.
Rnr. 191864

Frábært verð!
3.190 þús.



HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 11/11, ekinn 73 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.790 þús.
Rnr. 120709.



RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 02/13, ekinn 63 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.980 þús.
Rnr. 102666.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02/14, ekinn 36 þús km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 320373.



KIA SPORTAGE EX
Nýskr. 05/14, ekinn 41 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.390 þús.
Rnr. 282830.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 01/13, ekinn 77 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.750 þús.
Rnr. 120731.



FORD MONDEO TITANIUM
Nýskr. 03/12, ekinn 53 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.890 þús.
Rnr. 320447.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Fundur samninganefnda þriggja stærstu félaga BSRB (SFR, SLFÍ, og LL) og samninganefndar ríkisins hjá ríkissáttasemjara í gær var árangurslaus. Annar fundur hefur ekki verið boðaður. Fréttablaðið/GVA

# Ekki annað í stöðunni en að grípa til aðgerða

**Grafalvarleg staða er sögð í kjaradeilu þriggja stærstu stéttarfélaga BSRB við ríkið. Ekki hefur verið boðaður fundur eftir árangurslausan fund í gær. Stéttarfélögin boða félaga á stóran fund eftir viku og hugleiða aðgerðir.**

**KJARAMÁL** Samninganefnd ríkisins heldur sig við að gerðardómur um kjör BHM og hjúkrunarfræðinga komi ekki kjaradeilu þriggja stærstu stéttarfélaga BSRB og ríkisins við. Þetta segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu. Auk SFR eiga í viðræðunum Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ) og Landssamband lögreglumanna (LL).

Í gær lauk sjöunda fundinum í deilunni eftir að henni var vísað til ríkissáttasemjara. „Fundurinn fór illa, það var enginn árangur af fundinum þannig að ríkissáttasemjari sleit honum bara og annar hefur ekki verið boðaður,“ segir Árni Stefán.

Samninganefndir beggja segir hann að haldi sig við sínar kröfur og þeim beri enn mikið í milli. „Það munar eitthvað um ellefu prósentum á okkar kröfum og því tilboði sem ríkið bauð okkur.“

Samninganefnd ríkisins haldi sig jafnframt við að gerðardómurinn í ágúst komi þessari kjaradeilu ekkert við. „Það teljum við mjög einkennilega nálgun, að ríkið ætli að semja við hluta sinna starfsmanna á miklu betri nótum en aðra, sem sannarlega eru þó lægst launaðir.“

Árni segir samninganefnd félaganna hafa verið vongóða fyrir fundinn, sér í lagi í ljósi nýafstaðinna eldhúsdagsumræðna þar sem peningar hafi virst fljóta út úr ríkissjóði. Fyrirstaðan virðist hins vegar ótti við að raska samningum á almenna markaðnum. „En það er náttúrlega bara vitleysa. Við erum að semja við ríkið og höfum bent á það oftar en einu sinni að við erum með 16 prósentum lægri laun en starfsmenn í sambærilegum störfum á almenna markaðnum.“ Þá hafi gerðardómur rökstutt mjög vel að niðurstaða hans hefði engin teljandi áhrif á stöðugleika eða verðbólgu.

Árni segir komið að þeirri stund að samninganefndir félaganna leiti í baklandið eftir því hvernig bregðast eigi við þeirri grafalvarlegu stöðu sem uppi sé í viðræðunum. Því hafi nefndin hafnað því að hefja viðræður um sérkröfur og hvíla viðræður um launaliðinn. „Við töldum hvorki stund né stað til þess.“

Næsta þriðjudag, 15. september, klukkan fimm segir Árni Stefán gert ráð fyrir stórum fundi í Háskólabíó þar sem félögin þrjú kalli til sína félagsmenn. „Og spurningin sem við berum undir okkar félagsmenn er um næstu skref. Og við sjáum ekki annað en að við þurfum að grípa til einhverra aðgerða.“ Einhver tími líður þó áður en til aðgerða getur komið, segir Árni Stefán, því fyrst þurfi að greiða um þær atkvæði og síðan verði að líða hálfur mánuður áður en verkfall taki gildi. „Við náum þessu í fyrsta lagi eitthvað um 5. október.“

olikr@frettabladid.is

> Við erum að semja við ríkið og höfum bent á það oftar en einu sinni að við erum með 16 prósentum lægri laun en starfsmenn í sambærilegum störfum á almenna markaðnum.
>
> Árni Stefán Jónsson, formaður SFR

## Umburðarlyndi í Hveragerði

**HVERAGERÐI** Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sendi í dag bréf fyrir hönd bæjarstjórnar til velferðarráðuneytisins þar sem vilja bæjarstjórnar til að taka við flóttamönnum var lýst.

„Málið er á dagskrá bæjarstjórnar á morgun en þar sem frestur til að tilkynna um vilja bæjarstjórnar rann út í dag urðu bæjarfulltrúar ásáttir um að gera þetta með þessum hætti,“ segir Aldís frá á heimasíðu sinni.

„Hér eru á margan hátt ákjósanlegar aðstæður til móttöku flóttamanna eins og lýst var í bréfinu en best fannst mér samt að geta með sanni og stolti sagt eftirfarandi í lokin á bréfinu til ráðuneytisins: „Síðast en ekki síst: Hér í Hveragerði hafa íbúar ávallt verið umburðarlyndir gagnvart nýjungum og nýjum íbúum enda búa hér aðilar frá öllum heimshornum, af hinum ýmsu trúarbrögðum og kynþáttum, ávallt án allra árekstra. Með von um að málefni flóttafólks fari í farsælan farveg hér á landi sem annars staðar.““ – kbg

## Fleiri vagnstjórar ráðnir

**KJARAMÁL** „Það gengur ljómandi vel að ráða fleiri vagnstjóra. Við erum að ganga frá því núna að fylla í allar lausar stöður,“ segir Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætós. Í byrjun mánaðar var sagt frá því að ferðir hefðu verið felldar niður vegna manneklu hjá fyrirtækinu og að þeir vagnstjórar sem starfa hjá fyrirtækinu störfuðu undir auknu álagi.

Sigríður sagði aukna eftirspurn eftir bílstjórum með meirapróf. Bílstjóri sem hafði samband við ritstjórn Fréttablaðsins sagðist hafa hafnað starfi hjá fyrirtækinu vegna lágra launa. Launin væru undir 250 þúsund krónum. Honum hefði verið boðið starf og mánaðarlaunin væru 244.340 krónur. Launin gæti hann hækkað með vaktavinnu. Sigríður segir þetta rétt en þar sem starf vagnstjórans sé vaktavinna bætist vaktaálag ofan á launin, 33% eða 55%, sem fer eftir því hvenær sólarhrings vaktirnar eru unnar. „Auk þess eiga flestir kost á yfirvinnu. Einnig ber að geta þess að við þetta bætast svo starfsaldurshækkanir skv. kjarasamningum. Fram undan eru nýir kjarasamningar þannig að gert er ráð fyrir einhverjum hækkunum á grunntaxta þá.“ – kbg



Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra.

# Það smell passar í
# DEBENHAMS

## 20% AFSLÁTTUR*

af vörum frá DEBENHAMS HÖNNUÐUM

fyrir DÖMUR, HERRA & BÖRN



BAKER BY TED BAKER

JASPER J CONRAN

JEFF BANKS LONDON

STAR BY julienmacdonald

principles BY BEN de LISI

ROCHA.JOHN ROCHA

*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

**Opið til kl. 21:00 í kvöld**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Dýrari en Perlan en ódýrari en Harpa

**Allir eru að tala um mögulega byggingu þjóðarleikvangs á Laugardalsvelli. Þingmenn ræddu hugmyndirnar við setningu Alþingis og bæði fjármálaráðherra og menntamálaráðherra segja tíma kominn á nýjan leikvang. Formaður KSÍ segir of háar fjárhæðir vera nefndar.**

**FRAMKVÆMDIR** Kostnaður og stærð nýs þjóðarleikvangs eru langt frá hugmyndum þeirra sem hafa verið hvað mest stórhuga í umræðunni síðustu daga, að mati Geirs Þorsteinssonar formanns KSÍ. Hann segir umræðu um fimmtán til tuttugu milljarða króna leikvang algjörlega úr lausu lofti gripna. „Við höfum aldrei látið okkur dreyma um slíkar fjárhæðir.“

Síðastliðin ár hefur völlurinn aðeins fyllst á leikjum karlalandsliðsins í fótbolta, sem fara fram á vellinum þrisvar til fimm sinnum á ári. En þá komast líka færri að en vilja.



**Geir Þorsteinsson**
**formaður KSÍ**

Hugmyndir KSÍ um nýjan þjóðarleikvang á Laugardalsvelli snúa að því að loka vellinum af í báða enda með stúkum og þannig fjölga sætum úr tíu þúsundum og í tuttugu þúsund. Framtíðardraumarnir eru að byggja þak yfir völlinn til að veita meira skjól. Til þess þyrfti meðal annars að taka hlaupabrautina, sem nú er í stórum sveig fyrir aftan mörk vallarins.

„Ef það á að loka vellinum af og byggja stúku til endanna þá verða þær að vera svona fimm til tíu metrum fyrir aftan mörkin. Við viljum byggja venjulegan ferhyrndan völl,“ segir Geir.

Reykjavíkurborg er eigandi Laugardalsvallar. Geir segir að fjölbreyttari starfsemi en fótboltaleikir yrði að fara fram í húsinu. „Reykjavík hlýtur að þurfa að eiga einn svona viðburðastað þar sem fólk getur komið saman á stóra menningarviðburði og við getum notað í fótboltaleiki nokkrum sinnum á ári.“

„Innan þessarar stóru lóðar sem Laugardalsvöllur afmarkar gæti til dæmis verið heilsuhótel, á besta stað borgarinnar. Stúkan á móti gömlu stúkunni hefur ekkert líf nema þegar leikið er á vellinum. Það er ekki okkar draumur að byggja einhver sæti sem myndu standa auð,“ segir Geir og bætir við: „Ég held að þeir sem eru stórhuga gagnvart viðburðum og menningu í Reykjavík, yfirvöld, ættu að sjá fyrir sér menningarviðburðahús þar sem gætu verið ráðstefnur og tónleikar í vaxandi höfuðborg.“

KSÍ tilkynnti í gær að til samstarfs hefði verið stofnað við ráðgjafarfyrirtækið Borgarbrag um að leiða vinnu við kostnaðaráætlun og kanna möguleikann á byggingu vettvangsins. Guðmundur Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri Borgarbrags, segir ekki tímabært að nefna kostnað við leikvanginn. „Það er ómögulegt að segja hvað mannvirkið mun kosta ef af því verður. Klárlega myndi þetta hlaupa á einhverjum milljörðum en hvort þeir verða fimm, tíu eða fimmtán, það er ómögulegt að segja,“ segir Guðmundur.

Hann segir að þeirra fyrsta skref sé að ræða við hagsmunaaðila, svo sem Reykjavíkurborg og íþróttahreyfinguna. Í kjölfarið væri svo ráðist í þarfagreiningu. „Ég myndi ekki segja að það stæði til að raska umhverfinu meira en hefur verið gert, eða að fara inn á nýja byggingareiti. Yfirbyggingin sem slík, hvort það verður þak á vellinum eða ekki, er seinni tíma mál.“ **snaeros@frettabladid.is**



**Að mati formanns KSÍ væri hægðarleikur að fylla stærri völl því uppselt hafi verið á alla karlalandsleiki síðastliðin ár.**

## Kostnaður við aðrar stórar framkvæmdir framreiknaður til dagsins í dag




SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Íslendingar elska Skoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, endingargóðir og frábærir í endursölu. **Komdu við hjá okkur í Heklu og prófaðu skemmtilega Skoda.**

Eyðsla frá 3,8 l/100 km
$CO_2$ frá 99g/km
ÖRYGGI ★★★★★ 5 stjörnur í árekstrarprófi EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is


HÚSASMIÐJAN
blómaval
ÚTSALA
HÚSASMIÐJUNNAR
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU Á ÚTSÖLU ÁRSINS
30% AFSLÁTTUR
BLACK & DECKER VERKFÆRI
25% AFSLÁTTUR
STANLEY LOFTPRESSUR
35% AFSLÁTTUR
ALLAR VERKFÆRA-TÖSKUR
30% AFSLÁTTUR
ÖLL GARÐ-VERKFÆRI
25% AFSLÁTTUR
ÖLL SMÁRAFTÆKI
20% AFSLÁTTUR
NORDLUX LJÓS
30% AFSLÁTTUR
ALLAR FLÍSAR
20% AFSLÁTTUR
ALLT HARÐPARKET
25% AFSLÁTTUR
EMMEVI BLÖNDUNARTÆKI
20-40% AFSLÁTTUR
VINNU - FATNAÐUR
25-50% AFSLÁTTUR
BÚSÁHÖLD
20-50% AFSLÁTTUR
POTTAPLÖNTUR
30% AFSLÁTTUR
PLASTKASSAR
25% AFSLÁTTUR
HREINSIVÖRUR
Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Hvað myndir

# 60 MILL

Nýtt hús? Kartöflugarð á tunglinu?




DRÖGUM Í DAG
10. SEPT.
Fáðu þér miða
**fyrir kl. 18**

Stóri dagurinn

Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma
**563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni.
**Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**
**Einn miði gildir í heila 3 leiki** í sama útdrætti.

**Þú átt möguleika** - *ef þú átt miða!*

PIPAR\TBWA • SÍA • 154188

Þú fá þér fyrir

# JÓNIR?

Kauptu miða og hugsaðu málið.




„Svo gætir þú auðvitað boðið öllum í hverfinu á EM í Frakklandi 2016“

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vænlegast til vinnings



**22,9 MILLJÓNIR** manna bjuggu í Sýrlandi árið 2013, en 11,7 milljónir þeirra hafa hrakist að heiman vegna stríðsins undanfarin fjögur og hálft ár.



**4,1 MILLJÓN** þeirra hefur flúið til annarra landa, en 7,6 milljónir eru á vergangi innanlands.

**360 ÞÚSUND** sýrlenskra flóttamanna hafa komið til Evrópu frá upphafi átakanna, þar af nærri 190 þúsund það sem af er þessu ári.



# Juncker segir ekki hægt að bíða lengur

**Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Jean-Claude Juncker, segir ótækt að láta Ítalíu, Grikkland og Ungverjaland sitja ein uppi með flóttamannavandann. Amnesty International segir viðbrögð Evrópusambandsins hafa verið brotakennd og samhengislítil.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**BELGÍA** „Það er tími kominn til að tala hreint út um stóru málin sem Evrópusambandið stendur frammi fyrir,“ sagði Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þegar hann flutti fyrstu stefnuræðu sína á Evrópuþinginu í gær.

Hann sagði ástandið á Evrópusambandinu ekki vera gott, og vísaði þar til flóttafólksins sem streymir jafnt og þétt frá átakasvæðum í Mið-Austurlöndum og norðanverðri Afríku. Aðildarríki sambandsins hafi ekki getað komið sér saman um viðbrögð við þessu ástandi.

Síðan kynnti hann tillögur framkvæmdastjórnarinnar um flóttamannakvóta, þar sem flóttafólki, sem nú er komið til Grikklands, Ítalíu og Ungverjalands, verður deilt niður á önnur aðildarríki Evrópusambandsins í ákveðnum hlutföllum.

Til viðbótar við þá 40 þúsund flóttamenn sem fyrir nokkrum mánuðum var samþykkt að deila niður á ríkin með þessum hætti koma nú 120 þúsund að auki.

Tillögurnar verða bornar undir fund innanríkisráðherra ESB-ríkjanna, sem haldinn verður í Brussel á mánudaginn kemur, og síðan leiðtogafundinn á þriðjudag og miðvikudag.

„Við þurfum að grípa strax til aðgerða,“ sagði Juncker. „Við getum ekki skilið Ítalíu, Grikkland og Ungverjaland eftir til að takast á við vandann upp á eigin spýtur.“

Hann sagði jafnframt ótækt að spyrja um trúarbrögð flóttafólks þegar umsóknir þess um hæli eru afgreiddar.

> **Það er alveg rétt að Evrópa getur ekki hýst alla eymd veraldar.**
>
> Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB



„Það er alveg rétt að Evrópa getur ekki hýst alla eymd veraldar. En við skulum vera heiðarleg og setja hlutina í rétt samhengi,“ sagði Juncker. „Vissulega er fjöldi flóttafólks, sem nú kemur til Evrópu, bæði umtalsverður og fordæmalaus. En samt samsvarar þetta enn ekki nema 0,11 prósentum af heildaríbúafjölda Evrópu. Í Líbanon er flóttafólk 25 prósent íbúanna.“

Stuttu áður en Juncker hóf lestur stefnuræðu sinnar sendu mannréttindasamtökin Amnesty International frá sér harða gagnrýni á viðbrögð Evrópusambandsins við flóttamannastraumnum.

„Sú þjáning sem mætt hefur flóttafólki, sem er að forða sér frá ofbeldi og mannréttindabrotum, hefur náð þvílíkum hæðum í Evrópu að annað eins hefur ekki sést frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar,“ sagði John Dalhuisen, yfirmaður samtakanna í Evrópu og Mið-Asíu.

„Viðbrögðin við flóttamannavandanum í Evrópu hafa verið brotakennd og samhengislítil, nú þegar þörfin hefur aldrei verið meiri á skarpskyggnri forystu og róttækum endurbótum á flóttamannafyrirkomulagi Evrópu, sem er að hruni komið.“

## Sumir verða lokaðir úti

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði á þingi í gær að flóttafólk frá átakasvæðum, þar sem lífi þess væri mikil hætta búin, verði að fá að hafa forgang þegar tekið er við fólki. Hinir verði sendir heim aftur.

„Þeir sem koma til okkar vegna efnahagslegra erfiðleika geta ekki verið áfram í Þýskalandi,“ sagði hún. „Hversu erfitt sem persónulegt líf þeirra kann að vera, þá er þetta engu að síður partur af sannleikanum.“

Þetta er í fullu samræmi við kvótaáætlun Evrópusambandsins, sem Jean-Claude Juncker kynnti í gær. Samkvæmt henni verður gerður listi yfir svonefnd örugg lönd, sem óhætt á að vera að vísa fólki aftur til.

Til að byrja með verða sjö lönd á þessum lista: Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Kósóvó, Makedónía, Serbía, Svartfjallaland og Tyrkland.

„Um það bil 17 prósent af öllum umsóknum sem skráðar eru í Evrópusambandinu koma frá ríkisborgurum þessara sjö landa. Vera kann að fleiri löndum verði bætt á þennan lista í framtíðinni,“ segir í áætluninni.



**Angela Merkel** kanslari Þýskalands

**500 þúsund** flóttamenn hafa komið til Evrópu á árinu 2015

**213 þúsund** þeirra eru í Grikklandi

**145 þúsund** eru í Ungverjalandi

**115 þúsund** eru á Ítalíu

## Flóttamannakvóti Evrópusambandsins

ESB-ríkin hafa ákveðið að taka við 120 þúsund manns, til viðbótar þeim 40 þúsundum sem áður var búið að fallast á, og skipta þeim á milli sín eftir ákveðnum reiknireglum: Mannfjöldi hvers aðildarríkis vegur þar 40%, þjóðarframleiðslan 40%, atvinnuleysi 10% og fjöldi hælisleitenda og flóttamanna í viðkomandi landi á árunum 2010-2014 vegur samtals 10%.

| | |
|---|---|
| Þýskaland | 31.442 |
| Frakkland | 24.031 |
| Spánn | 14.931 |
| Pólland | 9.287 |
| Holland | 7.214 |
| Rúmenía | 4.646 |
| Belgía | 4.564 |
| Austurríki | 3.640 |
| Finnland | 2.398 |
| Portúgal | 3.074 |
| Tékkland | 2.978 |
| Búlgaría | 1.600 |
| Slóvakía | 1.502 |
| Króatía | 1.064 |
| Litháen | 780 |
| Lettland | 526 |
| Lúxemborg | 440 |
| Eistland | 373 |
| Kýpur | 274 |
| Malta | 133 |
| **Samtals** | **120.000** |

# ÚTILJÓSADAGAR

Mikið úrval af útiljósum á **20–50%** afslætti. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **kl. 12–16**



-50%

~~Áður: kr. 4.795~~

**2.397 kr.**

**VEGGLJÓS, KASSALAGA**

Veggljós, bogalaga, **kr. 2.997.** ~~Áður: kr. 5.995~~
**Litir:** Svart/grátt/hvítt



-50%

~~Áður: kr. 4.995~~

**2.497 kr.**

**VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR**

Staur, hæð: 110 m, **kr. 3.497.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-50%

~~Áður: kr. 3.995~~

**1.997 kr.**

**HALLANDI VEGGLJÓS**

Bein veggljós, **kr. 2.497.** ~~Áður: kr. 4.995~~
Staur, hæð: 80 cm, **kr. 3.497.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-30%

~~Áður: kr. 5.995~~

**4.196 kr.**

**VEGGLJÓS SEM LÝSIR NIÐUR**

Veggljós sem lýsir upp og niður,
**kr. 5.596.** ~~Áður: kr. 7.995~~



-30%

~~Áður: kr. 3.995~~

**2.796 kr.**

**VEGGLJÓS**

**Litir:** Svart/grátt/hvítt



-30%

~~Áður: kr. 3.595~~

**2.516 kr.**

**KÚPLAR, 20 CM**

Kúplar, 26 cm, **kr. 2.796.** ~~Áður: kr. 3.995~~
**Litir:** Svart/grátt/hvítt



-30%

~~Áður: kr. 4.595~~

**3.216 kr.**

**ÚTILJÓS ÁN RÖRS**

**Litir:** Svart/hvítt/rúst



-30%

~~Áður: kr. 4.995~~

**3.496 kr.**

**ÚTILJÓS**

**Litir:** Svart/hvítt/rúst



-30%

~~Áður: kr. 4.995~~

**3.496 kr.**

**VEGGLJÓS**

**Litir:** Svart/hvítt/rúst



-20%

~~Áður: kr. 4.995~~

**3.996 kr.**

**VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR**

Staur, hæð: 80 cm, **kr. 5.596.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-20%

~~Áður: kr. 3.995~~

**3.196 kr.**

**VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR**

Staur, hæð: 110 cm, **kr. 5.586.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-20%

~~Áður: kr. 4.595~~

**3.676 kr.**

**HALLANDI LED VEGGLJÓS**

Bein LED veggljós, **kr. 4.796.** ~~Áður: kr. 5.995~~
LED staur, hæð: 50 cm, **kr. 6.396.** ~~Áður: kr. 7.995~~

RAFMAGNSVÖRUR
Á **LÆGRA** VERÐI

**RAFVÖRUMARKAÐURINN**

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888



Hálslón er fjarri því að vera búið að safna því vatnsmagni sem árstíminn gefur tilefni til. Í byrjun október er vonast til að fylling lónsins nái 80%. Mynd/Landsvirkjun

# Kostar 80 milljarða að tryggja afhendingu

**Landsvirkjun hefur tilkynnt viðskiptavinum sínum að afhending orku til þeirra verði skert í vetur. Ástæðan er arfaslakt vatnsár og miðlunarlón fyllast ekki fyrir veturinn. Hægt er að vinna allt að því 40 prósentum meira af orku í hárennslisári en lágrennslisári.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Landsvirkjun myndi þurfa að fjárfesta í nýjum virkjunum fyrir um 80 milljarða króna ef orkufyrirtækið vildi komast alfarið hjá því að þurfa að skerða afhendingu raforku til viðskiptavina sinna í vondum vatnsárum eins og nú. Það myndi hins vegar reynast afar óskynsamleg fjárfesting þar sem skerðing á afhendingu raforku eru undantekning frá reglunni og aðeins hefur í eitt skipti á síðastliðnum fimmtán árum komið til slíkrar aðgerðar.

**Skítaveður**

Kalt tíðarfar hefur valdið því að innrennsli í miðlunarlón hefur verið sögulega lítið og er Hálslón nú aðeins búið að safna 70 prósentum af því vatnsmagni sem þarf til að fylla það. Staðan í Þórisvatni er betri en ljóst er að lónin verða ekki fyllt þetta haustið.

Stórnotendum á raforku var tilkynnt í byrjun mánaðar að orka til þeirra yrði að öllum líkindum skert þegar líða tekur á veturinn, en gert er ráð fyrir slíkri skerðingu í samningum Landsvirkjunar og fyrirtækjanna. Gagnkvæmur sveigjanleiki er í samningum. Það þýðir að stór hluti raforkusamninga Landsvirkjunar er þannig upp byggður að heimild er til að minnka orkuframboð um allt að 10 prósent, og hefur Landsvirkjun nýtt sér þessa heimild einu sinni á undanförnum árum þegar orka var minnkuð um 2 prósent síðla vetrar og vor árið 2014. Þá komu skerðingar til vegna lélegs vatnsárs 2013.

**Enn von**

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að enn eigi eftir að koma í ljós hvernig september og október reynast og því geti staðan breyst mikið frá því sem nú er. Hins vegar er staðan sú núna samkvæmt rekstraráætlunum að nauðsynlegt þótti að tilkynna fyrirtækjunum það núna að þessi hætta sé fyrir hendi.

Uppistaðan af vatnsmiðlunum Landsvirkjunar eru í Fljótsdal og á Þjórsár-Tungnaársvæðunum, eða 88 prósent af heildinni. Blanda hefur einnig ákveðið miðlunargildi. Eðli kerfisins er vetrarúrkoman á hálendinu og á jöklum, en yfir sumarið taka miðlanirnar við bráðnun sumarsins og geyma vatnið yfir veturinn til orkuvinnslu.

„Þetta er ekki með öllu óþekkt,“ segir Hörður og rifjar upp að árið 1993 er sambærilegt og að segja megi að á 20 ára fresti sé von á aðstæðum sem skapa vanda eins og nú er staðreynd. „Síðasta lágrennslisár var 1997 fram til ársins 2013, svo segja má að aðstæður séu óvenjulegar núna að tvö lágrennslisár komi með svo stuttu millibili. Eins má hnykkja á því að lágrennslisárin 2013 og í ár eru óskyldir atburðir og tengjast ekki að neinu leyti. Hins vegar er það til bóta að vera komin með svo stórt og öflugt kerfi. Við sáum það í fyrra þegar við lentum í vandræðum á Þjórsársvæðinu þegar Tungnaá fór niður fyrir sögulegt rennsli að við gátum styrkt reksturinn með Fljótsdalsstöð þar sem vatnsbúskapurinn var betri. Núna hefur þetta snúist við og við erum að styðja við Austurland með aukinni keyrslu á Þjórsársvæðinu,“ segir Hörður en á þennan hátt má draga úr áhættunni.

> **Við höfum heimildir í einstökum árum til að skerða afhendingu þrefalt meira en nú er útlit fyrir. Við erum undirbúnir fyrir að annað lágrennslisár komi strax og mál þróist eins og núna**
>
> Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar



**Duttlungar náttúrunnar**

Með öðrum orðum þá er sparað vatn í öðru kerfinu til framleiðslu síðar með því að auka vatnsnýtingu og meiri framleiðslu inn á kerfið úr því síðara. Það er reyndar gríðarlegur munur á orkuvinnslunni tengdur þessum duttlungum náttúrunnar en hægt er að vinna allt að því 40 prósentum meira af orku í hárennslisári en lágrennslisári. Rétt er að taka fram að þessar sveiflur hafa lítil sem engin áhrif á aðra en stóriðjuna í landinu. Flestir á heildsölumarkaði raforku eru að kaupa forgangsorku sem er ekki skerðanleg. Það eru helst fiskimjölsverksmiðjur sem kaupa mjög skerðanlega orku enda kostar hún aðeins einn þriðja af verði forgangsorkunnar. Þær keyra nú á olíu, sem mun ekki vera dýrara en að keyra á rafmagni þessa dagana. Svo þeir sem kaupa raforku til hitunar á köldum svæðum, til dæmis Orkubú Vestfjarða og Rarik, kaupa líka skerðanlega orku og þurfa kannski að skipta yfir í olíu seinna í vetur. Það ætti ekki að hafa áhrif á þeirra notendur.

**Vetur konungur ræður einn**

Enn ríkir óvissa um takmörkun orkuafhendingar en miðað við meðalhorfur um 80 prósenta fyllingu lóna 1. október og meðalrennsli í vetur og fram á næsta vor, má reikna með að orkusala Landsvirkjunar geti dregist saman um 3,5 prósent í vetur. Hún gæti orðið minni eða meiri en því ræður vetur konungur einn.

„Við erum mjög langt frá því að nýta þær heimildir sem við höfum til að draga úr orkuafhendingu. Við höfum heimildir í einstökum árum til að skerða afhendingu þrefalt meira en nú er útlit fyrir. Við erum undirbúnir fyrir að annað lágrennslisár komi strax og mál þróist eins og núna, og svo aftur og aftur, þá myndum við á endanum þurfa að skerða afhendingu umfram þetta en þá taka við önnur ákvæði samninganna. Samningar okkar dekka öll hugsanleg tilvik að okkar mati,“ segir Hörður sem segir afhendingaröryggi Landsvirkjunar með því allra besta sem þekkist í heiminum. Það sýni reynslan.

**80 milljarðar**

Samningar um sveigjanleika um afhendingu raforku þýða að kerfið er nýtt betur en annars væri. Ef tryggja ætti 100 prósenta skil á orku til allra þyrfti 80 milljarða króna fjárfesting – en sagan segir að þessi fjárfesting er óþörf miðað við orkusölu dagsins í dag.

„Það er eitt ár sem við hefðum notað þá fjárfestingu til að standa skil á þeirri orku sem við höfum samið um að afhenda. Það má segja að síðastliðin 15 ár hefðum við þurft að nýta þá fjárfestingu einu sinni hluta úr ári – þ.a.s. í fyrra – en öll hin árin hefðu mannvirki staðið tilbúin til að mæta slíku tilviki, sem væri auðvitað afar slæm fjárfesting,“ segir Hörður.

Samningar Landsvirkjunar og stórnotenda eru gagnkvæmir – eða að stóriðjufyrirtækin hafa almennt 85 prósenta kaupskyldu. Á árunum 2009 til 2014 keyptu fyrirtækin 95 til 98 prósent af samningsbundinni raforku og ótekin orka því tvö til fimm prósent. Hér er komið til móts við fyrirtækin ef koma upp alvarlegar bilanir eða hverjar þær markaðsaðstæður sem breyta rekstrarforsendum mjög mikið. Talan á bak við þennan hluta samninganna er 15 til 20 milljónir Bandaríkjadalir í ótekna orku á ári fyrir Landsvirkjun – tveir til 2,5 milljarðar á ári samkvæmt gengi dagsins.

**Skerðingar í næsta mánuði**

Eins og staðan er í dag þá býst Landsvirkjun við að skerða orku til viðskiptavina sinna strax í október – eða 30 dögum eftir að tilkynning barst til fyrirtækja um vandann. Staðan verður þó metin næstu vikur, og ef mikið streymir fram í lónin þá verður skerðingu kannski frestað eða samið verður við einstaka viðskiptavini um hvernig brugðist verður við. „September þarf að verða mjög góður ef við eigum að getað gefið frá okkur heimildir til að draga úr afhendingu í október,“ segir Hörður og bætir við að Landsvirkjun fari svo snemma af stað með að draga úr afhendingu til þess að undirbúa þann möguleika að annað lágrennslisár komi strax og fyrirtækið ráði við það.

netto
þræsingar & kostakjör




LAMBALÆRI
FERSKT
1.487
ÁÐUR 1.690 KR/KG

HEILSU & LÍFSSTÍLS-
DAGAR netto
ERU Í GILDI
3-13 SEPTEMBER

FULLT af frábærum TILBOÐUM!

GLÆNÝTT Heilsu&lífstíls-BLAÐ NETTÓ!

ALLT AÐ 25% afsláttur AF LÍFSSTÍLS & HEILSUVÖRUM



-40%
SVÍNASNITSEL
Í RASPI, FERSKT
1.319
ÁÐUR 2.198 KR/KG



-40%
GRÍSA MÍNÚTUSTEIK
FERSKT
1.469
ÁÐUR 2.449 KR/KG




KJÚKLINGUR
HEILL, FERSKUR
654
ÁÐUR 798 KR/KG




LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.849
ÁÐUR 2.098 KR/KG




LAMBALIFUR
FERSK, VACUMPÖKKUÐ
398
KR/KG




LAMBAHJÖRTU
FERSK, VACUMPÖKKUÐ
398
KR/KG



-50%
KÍNAKÁL
ÍSLENSKT
199
ÁÐUR 398 KR/KG

Frábært verð!




EMMESS SKAFÍS 1L
HNETU/KARAMELLU
VANILLU, SÚKKULAÐI
399
KR/PK




FRANSKAR KART.
900 GR, COOP
399
ÁÐUR 489 KR/PK




ORKUDRYKKUR
MONSTER KHAOS
229
ÁÐUR 279 KR/STK

**Tilboðin gilda 10. – 13. september 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Ástand heimsins




Fréttablaðið/EPA




Fréttablaðið/EPA




Fréttablaðið/EPA

**1** Ruben Vega, mexíkóskur Bandaríkjamaður, vekur athygli á mannréttindabaráttu sinni með því að leiða asna um götur bæjarins Corona del Mar í Kaliforníu.

**2** Indversk kona úðar jógúrt á enni kýr einnar í borginni Udaipur í Rajasthan-héraði í tilefni hátíðarinnar Vatsa Dwadashi, þar sem tilbeiðsla kúa er í hávegum höfð.

**3** Grímuklæddir og auri þaktir frumbyggjar frá Asaro-héraði í Papúa Nýju-Gíneu flytja hefðbundinn dans við opnun Kyrrahafseyjaráðstefnu, sem haldin er í Port Morseby í Papúa Nýju-Gíneu.

**4** Bijay Tamang heitir þessi tíu ára piltur í Nepal. Hann og fjölskylda hans hafa hafst við í þessu hreysi, sem gert er úr timbri og blikkplötum, allt frá því jarðskjálftinn mikli varð á þessum slóðum í apríl síðastliðnum.

**5** Grunaðir eiturlyfjasmyglarar hylja andlit sitt þegar lögreglan í Indónesíu sýnir fjölmiðlum fíkniefnin sem gerð hafa verið upptæk á síðustu vikum.




Fréttablaðið/EPA




Fréttablaðið/EPA

# GÓLFEFNA-DAGAR!

## SÍÐUSTU DAGAR

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR**
**af flísum og harðparketi!**

**Ath. Aflsáttur af**
**MÚRBÚÐARVERÐI**
*Það eru góð kaup!*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

**MÚRBÚÐIN**
*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# FJÖLSKYLDAN

## Kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga

Kvikmyndafræðsla fyrir grunnskóla hefst í Bíói Paradís þann 15. september en sýningar fyrir framhaldsskóla eru þegar hafnar.

Kynntar eru kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Myndirnar eru valdar í því augnamiði að beina athygli að málum eins og jafnrétti, mannréttindum, einelti, aðbúnaði barna um allan heim, gildi menntunar og öðrum baráttumálum, að því er segir í fréttatilkynningu. Bent er á að kennarar geti einnig nýtt sér sýningarnar í tengslum við mannkynssögu, tungumálakennslu og náttúrufræði.

Bíó Paradís hefur nú þjónustað yfir 21 þúsund börn og unglinga með þessari starfsemi.








**Hildur Loftsdóttir, kennari í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði, í leik með nemendum í frímínútum. Vinaliðar úr hópi nemenda munu leiða leikina undir stjórn kennara.** Fréttablaðið/GVA

# Enginn nemandi verði einn í frímínútunum

**Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði hefur tekið þátt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli í fimm ár. Hugað er að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda og öruggu umhverfi. Árangurinn er góður og nemendur og starfsmenn eru ánægðir.**

Það á enginn nemandi í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði að vera einn í frímínútum. Ná á því markmiði með svokölluðu vinaliðaverkefni. „Það verða tilnefndir fjórir vinaliðar í hverjum bekk og í frímínútum verða skipulagðir leikir. Nemendur munu sjálfir leiða leikina undir stjórn verkefnastjóra. Hægt verður að velja á milli nokkurra leikja auk fótbolta og annars sem er í gangi," segir Hildur Loftsdóttir, kennari í Hvaleyrarskóla. Verkefnið verður innleitt í vetur og kynnt foreldrum og nemendum á næstu dögum.

Hún tekur fram að vinaliðaverkefnið sé liður í átakinu Heilsueflandi grunnskóli sem Hvaleyrarskóli hefur tekið þátt í undanfarin fimm ár. „Við höfum ákveðið þema á hverju ári, eins og til dæmis næringu, hreyfingu, andlega líðan og öryggi."

Að sögn Hildar keypti skólinn öryggisvesti fyrir yngstu nemendurna sem þeir klæðast í vettvangsferðum. Hreinleiki vatnsins í skólanum var kannaður og þar sem hann reyndist ekki nógu góður voru pípulagningamenn fengnir til að laga kerfið.

Átak var gert í vatnsdrykkju og nemendum gefnir vatnsbrúsar. Fleiri koma nú með brúsa í skólann en áður. Í kjölfar grænmetis- og ávaxtaátaks sem er einu sinni til tvisvar á ári hefur nesti margra nemenda orðið fjölbreyttara, að sögn Hildar. „Nemendum finnst gaman að telja hversu margir koma með ákveðna tegund af grænmeti eða ávöxtum og það verður til nokkurs konar keppni milli tegunda í því sambandi eða milli hópa. Það er hægt að útfæra þetta á margan hátt. Við höfum til dæmis sett þetta upp í súlurit og myndrit og tökum þar með stærðfræðina inn í þetta."

Í Hvaleyrarskóla er hreyfing fjórum sinnum í viku en ekki þrisvar eins og í mörgum öðrum skólum, að því er Hildur greinir frá.

Hreyfing starfsmanna er einnig liður í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli. „Við höfum gönguhópa fyrir starfsmenn og eitt árið var þemað dalirnir sjö og annað árið fjöllin sjö svo einhver dæmi séu nefnd."

Kennarar hafa farið á námskeið í núvitund, einu sinni í viku um átta vikna skeið. Markmiðið er að draga úr tilfinningalegu álagi nemenda og bæta félagsleg samskipti þeirra.

Hildur segir árangurinn af verkefninu Heilsueflandi grunnskóli góðan. Bæði nemendur og starfsmenn séu ánægðir. „Það er auðvitað talsverð vinna í kringum þetta. Margt er ókeypis en það þarf að greiða kennurum fyrir að skipuleggja og halda utan um verkefnin. Það er mismunandi milli skóla hversu miklu fé og tíma er varið í verkefnið en fjölmargir grunnskólar taka nú þátt í verkefninu á landsvísu." **ibs@frettabladid.is**

> **Við höfum ákveðið þema á hverju ári, eins og til dæmis næringu, hreyfingu, andlega líðan og öryggi.**

### Heilsueflandi grunnskóli

Hugmyndin um heilsueflandi grunnskóla er byggð á Ottawa-sáttmála Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsueflingu. Á vef landlæknis segir meðal annars að tilgangurinn sé að auðvelda aðgerðir til að bæta heilsuna með því að efla þekkingu nemenda á heilbrigði og þjálfa þá í rökhugsun, félagsmálum og framkomu.

## Gulrætur eru hollasti maturinn

Gulrætur, feitur fiskur, haframjöl, bláber og mjólk eru hollustu fæðutegundirnar. Þetta er mat þriggja helstu sérfræðinga Noregs í næringarfræði, að því er segir í frétt norska ríkisútvarpsins.

Af 30 fæðutegundum sem sérfræðingarnir voru beðnir um að tilgreina sem hollar fæðutegundir völdu þeir fimm framangreindar tegundir sem þær hollustu.

Gulrótina settu þeir í fyrsta sæti þar sem hún inniheldur mikið af trefjum og vítamínum, einkum karótín.

Feitur fiskur, til dæmis makríll, er ríkur af ómega 3-fitusýrum, prótínum og A- og D- vítamíni.

Haframjöl er ríkt af trefjum, B-vítamíni og járni auk annarra hollra efna.

Bláber eru rík af andoxunarefnum.

Léttmjólk með viðbættu D-vítamíni var í fimmta sæti á lista sérfræðinganna yfir hollan mat. Mjólkin er rík af kalki. - **ibs**



**Gulrætur eru hollar og góðar.** NordicPhotos/Getty


ANTON&BERGUR
BOSTON TUNGUSÓFI
Áður: 299.900,- NÚ: 239.920,-
Stærð: 298x97x232xH66 cm.
TILBOÐ GILDIR 10.–16. SEPTEMBER
NOTALEGT UPPÍ SÓFA
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM
FRÍ HEIMSENDING Á SÓFUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Á MEÐAN TILBOÐI STENDUR
BOSTON ÞRIGGJA SÆTA SÓFI
Áður: 189.900,- NÚ: 151.920,-
Stærð: 230x97xH66 cm.
3 FYRIR 2 AF PÚÐUM
HAAG TUNGUSÓFI
Áður: 199.900,-
NÚ: 159.920,-
Stærð: 325x143x210xH80 cm.
Litir: Dökkgrár & brúnn
EINNIG TIL BRÚNN
3 FYRIR 2
AF KERTUM
EINNIG TIL DÖKKGRÁR
SUNDAY SÓFI MEÐ FÆRANLEGRI TUNGU
Áður: 179.900,- NÚ: 143.920,-
Stærð: 268x90x144xH82 cm.
Litir: Ljósgrár & dökkgrár
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

## Þurfa að bera yfir þúsund múrsteina á dag



**Indverskir verkamenn vinna við múrsteinaframleiðslu í suðvesturhluta Sringar í indverska hluta Kasmír. Framleiðsla múrsteina er einn mannaflsfrekasti iðnaðurinn á Indlandi. Verkamennirnir vinna oft við erfiðar aðstæður í 12 til 14 tíma á dag þar sem þeir þurfa að bera á milli 1.000 og 1.200 múrsteina. Launin eru á milli 100 og 140 Bandaríkjadalir á mánuði, sem eru á milli 13.000 og 18.000 íslenskar krónur.** Fréttablaðið/AP

# Íbúðastofnun í stað Íbúðalánasjóðs

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hyggst leggja fram frumvarp á haustþingi um að ný stofnun, Íbúðastofnun, taki við hluta þeirra verkefna sem Íbúðalánasjóður hefur sinnt. Þar á meðal er veiting stofnframlaga til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum sem ætlaðar eru hópi leigjenda sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum.



**Eygló Harðardóttir stefnir á að leggja frumvarpið fram á haustþingi.** Fréttablaðið/Ernir

Í þingmálaskrá kemur fram að stofnunin muni að auki vera stjórnvöldum til ráðgjafar um mótun húsnæðisstefnu, annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði húsnæðismála og meta þörf á búsetuúrræðum. Frumvarpið byggist á tillögum verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í vor um húsnæðismál til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. **– jhh**

# Enn aukast vaxtamunarviðskipti

Eignarhlutur erlendra aðila í ríkisskuldabréfum jókst um tæplega 19 milljarða í ágúst. Þessi fjárfesting kemur til viðbótar við þá 8,2 milljarða sem eignarhlutur erlendra aðila í ríkisskuldabréfum jókst um í júní og júlí. Því nemur samanlögð aukning ríflega 27 milljörðum á þremur mánuðum. Valdimar Ármann, sérfræðingur hjá Gamma, segir fjárfestingarnar bæði vera vegna þess að vaxtamunur á Íslandi sé meiri en í helstu viðskiptalöndum og að Ísland sé nú álitlegur fjárfestingarkostur. „Erlendir fjárfestar sjá hag í að fjárfesta á Íslandi því hagkerfið lítur vel út, hagvöxtur er að aukast, jákvæð áhrif eru af auknum ferðamannastraumi, sjávarútvegur er traustur áfram og annað slíkt,“ segir hann. Þá sé sérstaklega ásókn í löng ríkisskuldabréf, sem sýni trú á íslensku hagkerfi. Valdimar segir ekki gott að segja til um hvort nýlegar vaxtahækkanir Seðlabankans eigi hlut í að skýra aukna ásókn erlendra aðila í ríkisskuldabréf. „Vextirnir á ríkisskuldabréfunum sem þessi aðilar hafa verið að kaupa hafa verið að lækka, sem er mjög athyglisvert. Á meðan Seðlabankinn hefur hækkað vexti um eitt prósent hafa vextir af þessum skuldabréfum lækkað um eitt og hálft prósent,“ bendir Valdimar á. **– ih**



**Valdimar Ármann**

# Breytt áfengisgjöld bitni á bruggurum

**Breyttar álögur á áfengi koma illa við áfengisframleiðendur, að sögn framkvæmdastjóra Kalda og Samtaka iðnaðarins. Breytingin eykur áhættu í rekstri og gerir fjármögnun dýrari sem gæti valdið hærra áfengisverði.**

„Það er ekki verið að létta fólki reksturinn,“ segir Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Kalda, um breytingar á virðisaukaskatti og áfengisgjöldum í fjárlagafrumvarpi ársins 2016. Samkvæmt því mun áfengi færast í neðra virðisaukaskattþrep og lækka því úr 24 prósentum í 11 prósent en áfengisgjöld verða hækkuð á móti svo breytingin á ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir breytingarnar koma illa við innlenda áfengisframleiðendur. „Þetta bitnar mjög hart á áfengis- og bjórframleiðendum og verður mjög íþyngjandi fyrir þessa aðila vegna þess að greiðslufrestur og greiðsluskilmálar áfengisgjalds eru miklu harðari og þar að leiðandi þýðir þessi breyting það að þetta verður allt þyngra í vöfum,“ segir Almar.

Hann bendir á að áfengisgjald sé gert upp á tveggja vikna fresti en virðisaukaskattur á tveggja mánaða fresti. Þetta skapi aukna hættu á að áfengisframleiðendur tapi fé verði veitingastaðir eða barir gjaldþrota.

Agnes tekur undir áhyggjur Almars og vill að kerfið verði einfaldað svo hægt verði að gera upp virðisaukaskatt, áfengisgjald og skilagjald samtímis en ekki í þrennu lagi eins og er nú.




**Almar bendir á að greiða þurfi áfengisgjald strax við framleiðslu áfengis og það fáist ekki endurgreitt.** Fréttablaðið/GVA

Almar segir breytinguna vera hugsaða til hagsbóta fyrir veitingageirann sem selji þá vörur í einu virðisaukaskattsþrepi og það geri Samtök iðnaðarins ekki athugasemd við. „En þetta kemur sérstaklega illa niður á smærri aðilum sem framleiða í litlu magni og selja inn á veitingahús. Þetta hamlar því nýsköpun, kemur niður á samkeppni og gæti leitt til minna vöruframboðs. Þannig að þetta kemur fram sem högg fyrir þessa aðila,“ segir hann.

Þá hefur breytingin í för með sér aukinn fjármagnskostnað fyrir framleiðendur sem gætu þurft að hækka verð til að mæta þessum aukna kostnaði. **ingvar@frettabladid.is**

> **Þetta bitnar mjög hart á bjórframleiðendum og innflytjendum áfengis.**
>
> Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



VERÐHRUN!

HEFST Í DAG!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18 • MÖRKINNI 1

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## BÆKUR FRÁ 99 KR.




## ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!

BÓKAPAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI | OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

## ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!

BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

# Hvernig á að forgangsraða?



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Fátt er eins leiðinlegt og villandi í umræðu um forgangsröðun í ríkisfjármálum og samanburður ákveðinna málaflokka. Hvort RÚV fái meira en heilsugæslan á Suðurlandi, hvort Þjóðleikhúsið fái meira en átak í sérkennslu eða íþróttir fái meira en tónlist. Sum verkefni ríkisins eru þannig í eðli sínu að þeim ber að sinna almennilega, sama hvað það kostar. Samanburðurinn gerir alla jafna lítið fyrir umræðuna, þó að vissulega megi oft finna þar ákveðin stef til lengri tíma um mikilvægi og forgangsröðun.

Eftir frækinn árangur karlalandsliðsins í knattspyrnu, sem tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni stórmóts, reis upp umræða um byggingu nýs þjóðarleikvangs. Laugardalsvöllurinn er sprunginn, margir svekktir aðdáendur hafa þurft að fylgjast með leikjum heima í stofu í stað þess að upplifa stemninguna á leikvanginum sjálfum. Þá hefur það verið lengi til umræðu að völlurinn henti illa vegna hlaupabrautar sem umlykur hann, og býr til óþarfa fjarlægð milli áhorfenda og leikmanna.

Forsætis-, fjármála- sem og menntamálaráðherrar tóku allir undir með forsvarsmönnum KSÍ um að þörf væri á nýjum leikvangi. Bjarni Benediktsson sagði næsta skref vera það að leikvangurinn verði í samræmi við áhuga Íslendinga á að mæta á völlinn. Fjárlagafrumvarp sem lagt var fram í gær sýnir að afkoma ríkisins er að batna hratt frá því eftir hrun og svigrúm til uppbyggingar meira en verið hefur.

Sumar aðgerðir ríkisins eru stærri en aðrar. Mun hærri fjárhæðir fara í byggingu stórs mannvirkis en árlegan rekstur ríkisstofnunar. Ákvarðanir um slíkar framkvæmdir eru því betur til þess fallnar að vera bornar saman við þær sem ákveðið er að fresta eða sleppa.

Í fjárlagafrumvarpi þessa árs er gert ráð fyrir tæplega 1.800 milljónum til uppbyggingar Landspítala við Hringbraut. Landspítalinn hefur svo lengi kallað eftir nýjum húsakosti að árin eru talin í tugum. Höfuðborgin er í sárum vegna dráttar á nauðsynlegum samgönguúrbótum. Fangelsið sem nú er byggt á Hólmsheiði mun ekki nægja til að útrýma biðlistum. Það þarf nýjar heilsugæslur, hjúkrunarrými, félagslegt húsnæði og hvaðeina sem flokkast sem nauðsynlegustu innviðir samfélagsins.

Það er sjaldnast þannig með ríkisútgjöld að eitt hindri annað. Aukin útgjöld til móttöku flóttafólks koma þannig ekki í veg fyrir að velferðarkerfið fái innspýtingu fjármagns. Það er hægt að gera hvort tveggja og það er hægt að gera fullt fyrir marga. Það er hins vegar þannig að verði ákveðið að ráðast í byggingu þjóðarleikvangs fyrir milljarðatugi jafnvel er ljóst að annað mun þurfa að sitja á hakanum á meðan.

Þó eflaust sé hægt að fresta byggingu leikvangsins út í hið óendanlega ef sífellt á að láta annað „mikilvægara“ ganga fyrir – þá er ljóst að eftir mögru árin undanfarið sem nú virðast liðin er margt sem nauðsynlegt er að ráðast í og það strax. Stúkurnar á Laugardalsvelli neyðast til að kallast á eitthvað lengur í stað þess að fagnaðarbylgjan nái hringinn í kringum völlinn.

> Aukin útgjöld til móttöku flóttafólks koma þannig ekki í veg fyrir að velferðarkerfið fái innspýtingu fjármagns. Það er hægt að gera hvort tveggja.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Öfug hagstjórn**
**Fagrar fyrirætlanir um tekjuskattslækkun í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar koma spánskt fyrir sjónir hagfræðinga. Seðlabankinn bregst við þenslu með stýrivaxtahækkun en ríkisstjórnin fer þveröfuga leið með lækkun tekjuskatts til að auka neyslu. Með þensluteikn á lofti hefði verið eðlilegra að innheimta skatta og safna í ríkissjóð svo hann væri betur búinn undir að svörtustu spár rætist og hér verði annað hrun.**

**Kosningaþefur**
**Ríkisstjórnarflokkarnir róa nú lífróður fyrir fylgi kjósenda. Það skýrir kannski þetta vinsældafrumvarp. Á Alþingi talar fólk um kosningavetur. Við hljótum að frábiðja okkur að næstu tvö árin verði stjórnmálamenn í kosningabaráttugír. Örvæntingarmánuðirnir fyrir kosningar eru óbærilegir.**

**Klækjabrögð**
**Óljós yfirlýsing Ólafs Ragnars Grímssonar um hvort hann hætti eða ekki hefur verið tilefni til bollalegginga á kaffistofum landsins. Líklega er þetta sami leikur og Ólafur lék í nýársávarpi sínu 2012. Hann reynir með efanum að svæla fram frambjóðendur, aðeins til þess að stíga til hliðar ef einhver þeirra er honum þóknanlegur. Ef einhver býður sig fram sem Ólafur vill ekki sjá á forsetastóli, er hann líklegur til að bjóða sig fram aftur og setja kosningamaskínuna í gang.** snaeros@frettabladid.is

# Samfélag fyrir alla?



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Umræða um misskiptingu auðæfa hefur orðið æ háværari undanfarin misseri. Við erum daglega minnt á þá staðreynd að ekki hafa allir sömu tækifæri til að láta drauma sína rætast. Við búum við ójöfnuð. Ójöfnuð innan okkar litla samfélags milli stétta og landshluta. Enn meiri ójöfnuð milli heimshluta. Og á sama tíma sjáum við að það eru peningar og tækifæri til.

**Kerfið á að þjóna fjöldanum**
Franski hagfræðingurinn Thomas Piketty hefur verið ötull við að greina ójöfnuðinn í heiminum og bendir á að sagan sýni að þeir sem eigi mikla peninga bregðist aldrei í því að verja hagsmuni sína. Samkvæmt Piketty á ríkasta 0,1% prósentið um það bil 20% af öllu auðmagni í heiminum og auðugasta eina prósentið á um 50% af öllum auði heimsins.

Peningarnir eru til. En þeim er ekki skipt jafnt. Ef við viljum í raun að allir eigi rétt á sömu tækifærum þarf að endurskoða það hvernig við skiptum kökunni. Til þess þarf hins vegar róttækar aðgerðir og breytta hugsun. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að þeir sem eiga mestu auðæfin hafi líka bestu tækifærin til að safna sér enn meiri auði þó að talsmenn óbreytts ástands tali stundum þannig. Við megum ekki gleyma því að kerfið á að þjóna fjöldanum en ekki fáum útvöldum.

**Stingur í augu**
Ef nýtt fjárlagafrumvarp er lesið með gleraugum jafnaðar stingur það í augu að sjá öryrkja og eldri borgara fá hækkun undir tíu prósentum. Sú hækkun slagar ekki upp í kröfuna um þrjú hundruð þúsund króna lágmarkslaun en þessir hópar þurfa eigi að síður að lifa í sama samfélagi og við hin. Borða mat, borga leigu, kaupa lyf og allt hitt sem þrjú hundruð þúsund krónurnar duga vart fyrir – hvað þá elli- og örorkulífeyrir.

Það ætti að vera metnaðarmál okkar allra að tryggja þessum hópum viðunandi grunnframfærslu. Þannig stígum við eitt skref í átt til aukins jafnaðar og betra samfélags fyrir alla.

> Ef nýtt fjárlagafrumvarp er lesið með gleraugum jafnaðar stingur það í augu að sjá öryrkja og eldri borgara fá hækkun undir tíu prósentum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



Stjórnlagaráð fundar.

# Jónas Kristjánsson um stjórnarskrána

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Jónas Kristjánsson ritstjóri er einn örfárra íslenzkra manna sem hefur helgað blaðamennskunni ævistarf sitt nær eingöngu og er enn að á eigin spýtur eftir meira en hálfa öld, ódeigur sem fyrr. Árum saman hefur hann, nú hálfáttræður maðurinn, verið einn mest lesni bloggari andsins, óvæginn, en víðsýnn og vel að sér. Margir yngri blaðamenn líta til hans sem réttsýns fræðara og fyrirmyndar. Jónas hefur ævinlega fylgt þekktri reglu utan úr heimi: Blaðamaðurinn á enga vini.

Jónas var einn þeirra 522ja sem gáfu kost á sér til setu í stjórnlagaráði og munaði litlu að hann næði kjöri. Hann snerist í fyrstu öndverður gegn frumvarpinu sem stjórnlagaráð samþykkti einum rómi 2011 í samræmi við niðurstöðu þjóðfundarins 2010, en hann sá sig um hönd. Þetta er einn af mörgum kostum Jónasar. Hann er ekki yfir það hafinn að skipta um skoðun.

Þetta hefur Jónas meðal annars haft að segja um nýju stjórnarskrána að undanförnu. Hann virðist líkt og margir aðrir æ bjartsýnni um framhaldið.

> Jónas hefur ævinlega fylgt þekktri reglu utan úr heimi: Blaðamaðurinn á enga vini.

**„Morðið á stjórnarskránni“**
04/09/2015. STUNDIN birtir ýtarlega úttekt á svikum flokkanna við nýju stjórnarskrána. Frá upphafi voru bófaflokkarnir tveir andvígir henni. Svo og sjálfhverfir lögmenn, sem töldu sig hafa átt að koma þar að verki. Á öllum stigum var reynt að bregða fæti fyrir plaggið. Verst voru þar landráð Hæstaréttar. Sjálft morðið var svo framið á þingi. Fyrst linaðist núverandi Björt framtíð, sem dreymdi samstarf við bófana. Síðan sprakk Árni Páll og á hans vegum hálf Samfylkingin. Það var sjálft morðið. Naut aðstoðar Ástu Ragnheiðar þingforseta, sem á öllum stigum reyndi að tefja. Að lokum var svo hrygglaus Katrín Jakobs kúguð til hlýðni. Þannig stóð loks allur fimmflokkurinn að morðinu. Og mun ævinlega gjalda þess.

**Stjórnarskrá bófaflokkanna**
01/09/2015. Bófaflokkar ríkisstjórnarinnar hafa eigin stjórnarskrárnefnd, sem er í leyni að semja nýja stjórnarskrá. Stefnt til höfuðs stjórnarskrá okkar, sem samin var í opnu gegnsæi. Ferlið náði frá þjóðfundi gegnum stjórnlagaráð, sem varð einróma sammála um niðurstöðuna, yfir í þjóðaratkvæði, sem sagði já. Fór mjög í taugar eigenda þjóðfélagsins og lagatækna, sem telja stjórnarskrá vera sitt prívatmál. Og að orðhenglar hennar eigi að vera þjóðinni óskiljanlegir. Þessi stjórnarskrá þjóðareigenda og lagatækna á að vera tilbúin í árslok. Meiningin er að knýja hana fram á þingi í lok kjörtímabilsins, svo að stjórnarskrá okkar komist ekki á dagskrá. Þetta eru þjóðníðingar.

**Eitt sumarþing nægir**
31/08/2015. Ekki á að þurfa 6-9 mánuði til að ná nýju stjórnarskránni gegnum nýtt alþingi og fá samþykkt þjóðaratkvæði um aðild að Evrópu. Fimmflokkurinn mun að vísu beita málþófi aldarinnar gegn stjórnarskránni og tefla fram tugum lagatækna utan þings. Píratar þurfa bara að standa af sér þann storm og keyra á þetta eina mál. Auðvitað þarf jafnframt að leggja fram ýmis önnur þingmál og þar eru fjárlög mikilvægust, svo og uppboð á kvóta og upprisa Landspítalans. En ekki má láta slík mál tefja fyrir stjórnarskránni. Strax eftir kosningar þarf að hefja sumarþing og leggja fram stjórnarskrána, sem nú þegar bíður tilbúin og staðfest í þjóðaratkvæði. Síðan þarf duglega verkstjórn, sem takmarkar samanlagðan ræðutíma við 100 klukkutíma. Eitt sumarþing nægir, kosningar að hausti og nýtt þing fjallar um fjárlagafrumvarpið.

**Okkar stjórnarskrá**
31/08/2015. Hinir hefðbundnu stjórnmálaflokkar munu allir andmæla hugmynd pírata um upptöku okkar stjórnarskrár, sem stjórnlagaráð varð einróma um. Allir vilja krukka í þá stjórnarskrá, enda hafa þeir hagsmuna að gæta. Svo sem hagsmuna kvótagreifa og lokaðrar stjórnsýslu. Lagatæknar munu líka andmæla, enda vilja þeir ekki sjá stjórnarskrá samda af fólkinu án lagakróka og orðhengilsháttar lagatækna. Á loft verður hafin tilgáta Líndals um, að þjóðareign sé ekki til. Píratar þurfa engar áhyggjur að hafa. Fólkið skilur sína stjórnarskrá og vill hana. Píratar þurfa svo eftir kosningar líklega að díla um lausnina við samstarfsflokk/a. Það eru bara leikreglurnar.

**Óvinir stjórnarskrár**
28/06/2014. Munið, að Samfylkingin, VG og Björt framtíð stóðu með Sjálfstæðisflokknum og Framsókn að söltun stjórnarskrárinnar frá Stjórnlagaráði. Þannig var allt stjórnarskrárferlið að engu haft. Í staðinn kom fimmflokkurinn sér saman um eigin stjórnarskrárnefnd. Hún hefur verið að dúlla sér í heilt ár og er engu nær.

Í greinargerð um stöðuna segir hún, að marga hluti þurfi að skoða og að ekki séu allir sammála um allt. Þetta er munurinn á vinnubrögðum borgaranna og vinnubrögðum þingmannanna. Verkefnið hafði ekki vafizt fyrir góðborgurum landsins í Stjórnlagaráði. Þeir hugsuðu út fyrir boxið, ekki þingvargurinn.

**Þingmenn óttast stjórnarskrá**
21/03/2013. Þessar eru nokkrar helztu ástæður þess, að Alþingi telur sig verða að salta frumvarp um stjórnarskrá: Þingmenn óttast, að vald færist frá þingmönnum til þjóðar. Þingmenn óttast aukið gegnsæi í þjóðfélaginu, vilja áfram sitja að sínu leyndó. Þingmenn óttast, að þjóðin endurheimti þjóðarauðlindir, vilja áfram gauka þeim að fjárhaldsmönnum kosningaslagsins, kvótagreifunum. Því þurfti að gera umba Sjálfstæðisflokksins að formanni Samfylkingarinnar. Og fela honum síðan að slátra stjórnarskránni. Að reyna að breyta þjóðarsátt í sátt við Flokkinn, sem auðvitað mun aldrei takast. Málið er fast, bingó.

**Stútaði stjórnarskránni**
02/03/2013. Árni Páll Árnason stútaði nýju stjórnarskránni formlega í hádeginu. ... Gömlu hrossin á Alþingi þola ekki nýja stjórnarskrá og vilja hana feiga. Vitandi vits var stjórnarskránni stefnt í tímahrak. ... Margir tóku þátt í ódæðinu og ekki er hægt að saka bófaflokkana eina.“



FRÉTTABLAÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Í BÍÓLEIK FRÉTTABLAÐSINS. SENDU TÖLVUPÓST Á LEIKUR@FRETTABLADID.IS MEÐ NAFNI, KENNITÖLU, SÍMANÚMERI OG NETFANGI. HEPPNIR ÞÁTTTAKENDUR FÁ MIÐA Á LOVE & MERCY

# Blikkið strákar, blikkið



Ellert B. Schram
fv. formaður KSÍ

Það var stór stund á sunnudaginn, þegar íslenska knattspyrnulandsliðið tryggði okkur þátttöku í úrslitakeppni Evrópu, sem fram fer á næsta ári. En þetta hefur verið löng þrautaganga, löng saga, á bak við þennan árangur. Ég er nógu gamall til að muna eftir fyrstu landsleikjunum á Melavellinum fyrir rúmum sextíu árum, kannski tveir landsleikir á ári, með Albert og Ríkharð í fararbroddi. Og þúsundir manna á áhorfendapöllunum, standandi, því stúkan tók ekki nema hundrað manns í sæti.

Og sjálfur var ég liðsmaður og seinna formaður og kynntist tugum manna, sem lögðu sig fram í þágu þessarar íþróttar. Ég man eldmóðinn og áhugann og kappleiki sem allir voru háðir á möl og ég man líka eftir því þegar fyrstu grasvellirnir komu til sögunnar og stundum komu líka dömur að horfa á leikina, því kvennaknattspyrna þekktist ekki og þá var bara einn bolti til hjá vallarverði og þegar öðru liðinu tókst að skora mark, kölluðu menn „blikkið, strákar, blikkið“ sem þýddi að sparka átti boltanum yfir blikk og bárujárnsgirðingarnar í kringum völlinn, til að tefja leik. Það tíðkaðist ekki að bæta við leiktímann, enda þótt boltinn væri kominn úr augsýn.

**Við vorum amatörar eins og þeir gerast bestir. Fótboltaskórnir voru með harða tá og skrúfaða takka. Það var bylting, þegar adidasskórnir komu á markaðinn. Keppnisskyrturnar þurfti maður sjálfur að þvo (þ.e.a.s. mamma).**

### Knattspyrna í hjáverkum

Á mínum sokkabandsárum voru kannski spilaðir tveir, þrír landsleikir á ári og það var stór stund þegar Laugardalsvöllurinn var vígður 1957 og áhorfendur skiptu þúsundum, þegar landslið frá Bermúda og Færeyjum komu og léku og þótti stórir atburðir. Flestir, ef ekki allir, sem lögðu stund á knattspyrnu gerðu það í hjáverkum og æfðu þegar þeir nenntu. Svo komu Akurnesingarnir og unnu allt. En það er önnur saga.

Það voru engir peningar með í spilinu, hvað þá atvinnumennska eða sjónvarp en stundum beinar útsendingar í útvarpi þegar mikið lá við. Við vorum amatörar eins og þeir gerast bestir. Fótboltaskórnir voru með harða tá og skrúfaða takka. Það var bylting, þegar adidas-skórnir komu á markaðinn. Keppnisskyrturnar þurfti maður sjálfur að þvo (þ.e.a.s. mamma).



En þetta var heimur sem var skemmtilegur og lifandi og við hlustuðum stundum á laugardögum á BBC og veðjuðum á úrslit í Englandi. Þar skapaðist jarðvegurinn fyrir getraunir. Og auðvitað fjarlæga aðdáun á knattspyrnumönnum, sem maður hafði aldrei séð.

Og svo hefur þetta allt þróast hægt og sígandi og við höfum eignast framúrskarandi leikmenn og maður hefur fylgst með því á undanförnum árum, hvernig þessi íþrótt hefur vaxið og í landsliðinu okkar eru flestir leikmannanna (ef ekki allir) spilandi fótbolta í útlöndum og hafa það að atvinnu. Þeir hafa verið aldir upp undir leiðsögn og forystu þúsunda manna og kvenna sem af áhuga og þrautseigju og metnaði, hafa lagt grunninn að útbreiddri þátttöku æskufólks í íþróttum. Og búið til þá sem hafa skarað fram úr.

### Löng saga og skemmtileg

Þetta allt er löng saga og skemmtileg og þess vegna á hún rætur og samkennd og þjóðin sameinast um að gleðjast yfir þeim tímamótum, þegar íslenska landsliðið nær þeim áfanga að taka þátt í úrslitakeppni Evrópu. Raunar urðu stúlkurnar á undan okkur körlunum, sem enn og aftur segir okkur, að knattspyrna og sigrar á þeim vettvangi, er afrek hjá fámennri þjóð. En árangurinn á sunnudaginn er punkturinn yfir i-ið. Ávöxtur áratugauppbyggingar, eldmóðs, áhuga, sleitulauss starfs í marga áratugi.

Við eigum glæsilega landsliðsmenn og fögnum þessum áfanga. En ekki gleyma að þetta hefur tekið svita og tár um langa hríð. Það er ekki tilviljun né heldur heppni, sem veldur þessum áfanga, heldur linnulaust framlag margra kynslóða, sem hafa lagt grundvöllinn að sögulegum sigri og ótrúlegum árangri.

# Margir styðja kjarakröfur aldraðra og öryrkja



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Viðbrögð við grein minni í Fréttablaðinu um áskorun á Alþingi voru gífurlega mikil. Mjög margir hringdu og lýstu yfir stuðningi við, að Alþingi samþykkti að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja strax til samræmis við hækkun lágmarkslauna. Menn telja þetta sanngjarna kröfu. Menn álíta það eðlilegt og sjálfsagt, að lífeyrir hækki strax jafnmikið og lægstu laun og að það verði afturvirkt frá 1. maí sl. Það er óskiljanlegt, að ríkisstjórnin skuli hafa ætlað að hafa af lífeyrisþegum hækkun í átta mánuði. Kjör lífeyrisþega eru það slæm, að það má engan tíma missa fyrir lagfæringu þeirra. Lagfæringin verður að gerast strax.

**Kjör lífeyrisþega eru það slæm, að það má engan tíma missa fyrir lagfæringu þeirra. Lagfæringin verður að gerast strax.**

### Mikill stuðningur við aldraða og öryrkja

Það fer ekki á milli mála, að almenningur stendur með öldruðum og öryrkjum og vill að lífeyrir þeirra verði hækkaður strax. En hvernig er með stjórnmálamennina? Vilja þeir styðja lífeyrisþega? Þeir geta svarað því, þegar Alþingi kemur saman nú í september. Þá geta þeir samþykkt í einu hljóði að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja nákvæmlega jafnmikið og lágmarkslaun hækkuðu. Þeir geta skapað réttlæti og bundið enda á það ranglæti, að ákveðnum hópi eldri borgara og öryrkja sé svo naumt skammtaður lífeyrir, að hann dugi ekki fyrir brýnustu útgjöldum. Þegar Alþingi leiðréttir þetta mun afstaða almennings til Alþingis breytast í einu vetfangi og verða jákvæð. Hvað er mikilvægara fyrir Alþingi að gera en að skapa réttlæti?

### Stenst Alþingi prófið?

Það er kominn tími til að Alþingi breyti um vinnubrögð, hætti að karpa um ómerkilega hluti og snúi sér að alvarlegum málum, sem varða réttlæti fyrir borgarana. Sú kynslóð Íslendinga, sem nú er orðin öldruð, hefur átt stóran þátt í að skapa Ísland dagsins í dag. Þessi kynslóð hefur að verulegu leyti byggt upp Ísland. En samt býr stór hluti þessarar kynslóðar við mjög slæm kjör. Hvað er mikilvægara fyrir Alþingi en að bæta hér úr og laga ríkulega kjör þessarar kynslóðar?

### 40 þúsund eldri borgarar

Eldri borgarar (65 ára og eldri) eru 40 þúsund í dag. Öryrkjar eru um 17 þúsund. Aldraðir verða 45 þúsund árið 2020. Þessi stóri hópur aldraðra og öryrkja mun fylgjast grannt með störfum Alþingis, nú þegar það kemur saman á ný. Í augum eldri borgara og öryrkja er Alþingi að gangast undir próf. Allur þessi mikli fjöldi aldraðra og öryrkja spyr: Mun Alþingi standast prófið og leiðrétta kjör lífeyrisþega eða fellur Alþingi á prófinu? Málið er í höndum Alþingis. Valdið er í höndum Alþingis. Vonandi stenst Alþingi prófið.

### Samfylkingin styður kjarakröfurnar

Þau ánægjulegu tíðindi hafa borist, að Samfylkingin flytji tillögu á Alþingi strax í upphafi þingsins um, að lífeyrir aldraðra hækki í 300 þúsund krónur á mánuði eins og lágmarkslaun. Vonandi fylgja hinir flokkarnir á eftir svo málið fái meirihluta í þinginu. Þetta eru virkilegar gleðifréttir og leiða í ljós, að kjarabarátta eldri borgara er að byrja að bera árangur.

# Var Andemariam Teklesenbet plataður?



Gylfi Páll Hersir
jarðeðlisfræðingur



Tómas Guðbjartsson læknir og Andemariam Teklesenbet. Fréttablaðið/Vilhelm

Töluvert hefur verið fjallað undanfarið um barkaígræðslu þess góða manns Andemariam Teklesenbet, jarðeðlisfræðings frá Erítreu, sem lést snemma á síðasta ári, og spurt um heilindi þeirra íslensku lækna sem að aðgerðinni stóðu. Ég var persónulegur vinur hans, annar leiðbeinenda hans í meistaranáminu og samstarfsfélagi og tel mér því málið skylt.

Andemariam kom hingað til lands í sex mánaða þjálfun við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna (JHS) árið 2007. Hann var frábær námsmaður, hlaut styrk og hóf meistaranám í jarðeðlisfræði 2009 sem hann lauk í janúar 2012. Að því loknu vann hann við að leiðbeina nemendum JHS og túlka jarðeðlisfræðileg gögn hjá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR). Hann var gagnrýninn vísindamaður og sjálfstæður í skoðunum.

Fljótlega eftir að Andemariam kom til landsins haustið 2009 kom í ljós að hann var með illvígt krabbamein. Hann gekkst undir flókna bráðaskurðaðgerð á Landspítala og fékk geislameðferð en ekki tókst að vinna bug á meininu. Það var ljóst hvert stefndi. Hans beið líknandi meðferð í nokkrar vikur; hann skyldi kveðja fjölskyldu sína og vini.

Það var sumpart fyrir röð tilviljana að fram kom sú hugmynd og sá möguleiki að koma gervibarka fyrir í Andemariam í stað þess sem fyrir var og græða á hann stofnfrumur. Áður hafði Tómas Guðbjartsson læknir haft samband við lækna í Bandaríkjunum sem ekki töldu unnt að fjarlægja krabbameinið með hefðbundinni skurðaðgerð og að sömu niðurstöðu komust læknar á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi. Honum var hins vegar bent á möguleikann að gangast undir þessa erfiðu aðgerð sem aldrei hafði verið gerð áður í heiminum – hins vegar væri óvíst hvort hann lifði aðgerðina af; eða hve lengi hann lifði. Andemariam velti því helst töluvert fyrir sér hvort væri verið að nota hann sem tilraunadýr. Eins og svínin, sagði hann í gríni við mig og í blaðaviðtali. Og hik hans var ekki óeðlilegt. En hann ýtti þeim vangaveltum til hliðar og tók afstöðu.

**Enginn, hvorki læknar né aðrir, hefðu getað „platað“ Andemariam til þess að játast undir aðgerð sem hann var ekki samþykkur í hjarta sínu.**

### Samþykkur í hjarta sínu

Enginn, hvorki læknar né aðrir, hefðu getað „platað“ Andemariam til þess að játast undir aðgerð sem hann var ekki samþykkur í hjarta sínu (ég var spurður þessarar undarlegu spurningar af sænskum blaðamanni um daginn). Andemariam skoðaði þá möguleika sem stóðu honum til boða, vó þá og mat og komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt væri að láta á þetta reyna. Hann lifði rúm tvö ár. Að geta sér þess til að hann hefði verið beittur þrýstingi og látið undan gegn vilja sínum er fráleitt og andstætt þeim yfirvegaða og vísindalega þenkjandi manni sem ég þekkti.

Ég held að flestir í hans stöðu hefðu gripið þann bjarghring sem að þeim er réttur. Sænskur blaðamaður spurði mig hvort ég teldi að Andemariam hefði samþykkt aðgerðina ef hann hefði vitað hvernig færi; ég spurði á móti hvort hún myndi fljúga til Svíþjóðar daginn eftir ef í ljós kæmi kvöldi seinna að flugvélin hefði hrapað. Ekki má gleymast að Andemariam náði góðum tíma fyrst eftir aðgerðina, lauk meistaranámi, starfaði við sérsvið sitt og sá konu sinni og tveimur börnum farborða hér á landi.

Ég umgekkst Andemariam daglega á þessum árum og var trúnaðarvinur hans. Ég var líka vel kunnugur aðkomu Tómasar Guðbjartssonar læknis og hans teymis að þessu máli. Hvorki Andemariam né þeim sem næst honum stóðu kom annað til hugar en að læknar og hjúkrunarfólk sem önnuðust hann gerðu það af öðrum hvötum en einlægum áhuga á að lækna hann; aldrei heyrði ég Andemariam hallmæla þessu góða fólki – þvert á móti, hann mat það mikils. Ég lít á það sem forréttindi í lífinu að hafa kynnst Andemariam, manni frá öðrum menningarheimi, víðsýnum, fjölfróðum og áhugasömum um allt. Ég tel það líka til forréttinda að hafa kynnst aðkomu þeirra lækna og hjúkrunarfólks sem önnuðust þennan góða vin minn. Mér finnst heldur ömurlegt að heilindi þeirra hafi verið dregin í efa – Andemariam hafi verið blekktur og plataður á altari skammvinnrar frægðar. Slíkt tal hefði Andemariam ekki líkað og mér finnst það líka öfugsnúið.



KJÖTKOMPANÍ
6
ÁRA
HAFNARFIRÐI
úrvals kjötvörur
AFMÆLISVERÐ
NAUTAHAKK
100% hreint
1.290 kr kg
LASAGNE
(1kg) 990 kr stk
VÖRUR Á
20%
afslætti
100% GÆÐI
— HAMBORGARAR
— NAUTA MÍNÚTUSTEIK
— NAUTAFILE
— FYLLTAR GRÍSALUNDIR
— LAMBAFILE
— LAMBALÆRI ÚRB OG FYLLT MEÐ SVEPPAFYLLINGU
— ALLAR KALDAR SÓSUR
— SÆLKERADRAUMUR
VERIÐ VELKOMIN
Kjötkompaní
HAFNARFIRÐI
TILBOÐIN GILDA DAGANA 10-12 SEPT
eða á meðan birgðir endast
www.kjotkompani.is
578 9700
KJOTKOMPANI@KJOTKOMPANI.IS
DALSHRAUN 13
KJOTKOMPANI

# Stór-Reykjavíkursvæðið er tilraunadýr



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Silicor Materials hefur fundið út að Ísland sé kjörið tilraunaland fyrir framleiðslu sína. Önnur lönd vilja þá ekki og þeir sem létu glepjast sluppu með skrekkinn því Silicor stökk frá borði þegar á reyndi í henni Ameríku. Nýjasta nýtt er að þetta fyrirtæki, sem er að reyna að vinna sér inn gúddvill hér, hefur ákveðið að neita að taka við stefnu sem hefur verið sett fram með kröfu um að fyrirtækið fari í umhverfismat.

Það er mjög óvenjulegt að fyrirtæki sem er í lögleglum rekstri neiti að taka við stefnu, nánast einsdæmi. Menn eru því mjög uggandi yfir þessu. Hvað gerist ef umhverfisslys á sér stað, hvert á fólk að sækja málið? Á fólk að sækja á fyrirtæki sem lætur sig hverfa þegar eitthvað bjátar á, fyrirtæki sem felur sig í Ameríku? Mun íslenskur almenningur sem verður fyrir skaða þurfa að reka mál í Ameríku gegn þessum lukkuriddurum? Spyr sá sem ekki veit.

Öll svör Faxaflóahafna eru á þann veg að það mætti halda að við byggjum ekki í landi þar sem upplýst umræða fer fram – sem er að vísu kannski rétt. Faxaflóahafnir reyna að tyggja það ofan í fólk að þetta skrímsli sé að mestu mengunarlaust. Að mestu. Hvað þýðir það? Að mestu nokkur tonn af drullu sem fólkið í sveitinni mun anda ofan í sig? Tugir tonna að mestu? Þetta er ekki ásættanlegt. Það vita allir að stóriðja er ekki og mun aldrei verða mengunarlaus. Allar upplýsingar hingað til hafa verið einhliða áróður frá Silicor Materials og taglhnýtingum þeirra.

**Allt á tilraunastigi**

Og ekki má gleyma því að þetta er allt á tilraunastigi og tilraunadýrið er Hvalfjörður og Stór-Reykjavíkursvæðið. Þessi einhliða áróður hefur ekki getað byggt upp neitt traust, því miður.

Silicor yrði öflug viðbót við efnamengun, sjónmengun, hávaðamengun og ljósmengun sem nú þegar fylgir stóriðjunni á Grundartanga og myndi hafa ófyrirséð samlegðaráhrif með hinum iðjuverunum þar. Í kjölfarið myndu lífsgæði fólksins sem hefur hlotnast sú gæfa að búa og ráða löndum í Hvalfirði skerðast á þann hátt að óbærilegt verður fyrir marga. Í þessu sambandi er rétt að benda á að sanngjörn krafa neytenda um upprunamerkingar matvæla verður sífellt háværari.

Hafið þið heyrt þann brandara áður að stóriðja sé réttlætanleg vegna mikillar atvinnuskörpunar? Þarna er verið að blanda saman tveimur ólíkum málefnum. Stóriðja skaðar náttúru og lífríki. Þess vegna á ekki undir nokkrum kringumstæðum að koma henni fyrir í landbúnaðarhéraði. Atvinna er annað mál og mikilvægt, en það er ekki atvinnuleysi við Hvalfjörð. Vegna Silicor þyrfti að flytja starfsmenn tugi kílómetra með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda og jafnvel sækja þá til útlanda. Einnig þyrfti að flytja varning til og frá verksmiðjunni á sjó og landi með ómældri mengun. Þessi atriði hafa ekki verið tekin inn í heildarmyndina, ekki frekar en versnandi lífsgæði íbúa og landeigenda við Hvalfjörð vegna áhrifa frá Grundartanga. Menn hafa réttlætt stríð með þess konar rökum. Ríkisstjórn Íslands rekur stóriðjustefnu sem er svo heimsk og glórulaus í eðli sínu, svo fjandsamleg náttúru og íbúum þessa lands að það er nánast yfirnáttúrulegt.

Það er margt sem bendir til þess að ekki hafi verið farið að lögum í undirbúningi þessa máls.

1 Fyrirhuguð framkvæmd Silicor Materials fellur betur að þeim framkvæmdaflokki í lögum um mat á umhverfisáhrifum sem varðar framleiðslu á hrámálmi, með málmvinnslu- og efnafræðilegum aðferðum, og skal framkvæmdin því ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.

2 Fyrirhugaðar framleiðsluaðferðir eru hreinsun á kísil með því að bræða kísilinn í fljótandi áli.

3 Flokkun framkvæmdarinnar sem framleiðslu er í samræmi við tilgang laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, tilskipun Evrópusambandsins nr. 2011/92/EBE og niðurstöður Evrópudómstólsins.

4 Sé ekki hægt að fallast á að framkvæmdin sé framleiðsla, og framkvæmdin þess í stað flokkuð sem bræðsla málms eða hreinsun, þá verður samt sem áður að telja að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum þar sem hún getur haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

5 Ákvörðun Skipulagsstofnunar hefur formgalla sem eru í andstöðu við reglur stjórnsýsluréttar.

Það er því afstaða þeirra sem vilja að verksmiðjan fari í umhverfismat að niðurstaða Skipulagsstofnunar sé röng og að umhverfismat skuli, lögum samkvæmt, fara fram.

Takið eftir, allir íbúar Stór-Reykjavíkursvæðisins: Þetta skiptir ykkur miklu máli.

*Setjum þetta í röð:*

1 Straumsvík
2 Járnblendið, tvær verksmiðjur í raun
3 Hellisheiðarvirkjun
4 Stálverksmiðjan á Grundartanga
5 Silicor Materials

Allt þetta er á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Börnin okkar eru umkringd eiturspúandi stóriðju. Og þeir sem eiga að gæta hagsmuna okkar eru að maka krókinn.

Þú getur stoppað þetta. Þú getur haft áhrif. Þú einn getur passað að barnið þitt fái að lifa laust við mengun í næsta nágrenni þínu.

> **Þetta er ekki ásættanlegt. Það vita allir að stóriðja er ekki og mun aldrei verða mengunarlaus. Allar upplýsingar hingað til hafa verið einhliða áróður frá Silicor Materials og taglhnýtingum þeirra.**

> **Ríkisstjórn Íslands rekur stóriðjustefnu sem er svo heimsk og glórulaus í eðli sínu, svo fjandsamleg náttúru og íbúum þessa lands að það er nánast yfirnáttúrulegt.**

# Hugleiðingar um fjölda öryrkja á Íslandi



Guðbjörg Ludvigsdóttir
endurhæfingarlæknir á Grensási



Formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, ræddi nýlega í fjölmiðlum um fjölda öryrkja á Íslandi. Í kjölfarið fór í gang umræða um orsakir og ýmsar ástæður taldar upp.

Við sem vinnum við að hjálpa fólki að ná upp vinnugetu eftir veikindi og slys vitum að þessi mál eru mun flóknari en stjórnvöld gera sér grein fyrir. Vandinn verður ekki leystur í velferðarráðuneytinu einu og sér. Umræðan um starfsgetumat er góð og blessuð en vandamálið tengist ekki eingöngu einstaklingnum sem við á. Það geta flest allir unnið en vinnumarkaðurinn verður að vera tilbúinn til að taka á móti starfskrafti með skerta vinnugetu.

**Sveigjanleika vantar**

Ég tel að vandinn liggi að miklu leyti þar. Það ætti að vera þjóðfélagsleg skylda allra stærri fyrirtækja að taka á móti fólki og leyfa því að nýta starfskrafta sína. Mörg fyrirtæki standa sig mjög vel og sýna mikinn sveigjanleika og vilja allt fyrir sína starfsmenn gera en þau eru því miður alltof fá.

Opinber fyrirtæki standa sig verst. Í flestum ríkisreknum fyrirtækjum er enginn sveigjanleiki og fáránlegar kröfur lagðar á fólk sem ekki er hægt að ætlast til að viðkomandi ráði við.

Eftir áföll þarf fólk tíma til að komast aftur í sín fyrri störf og oft þarf að gera breytingar á starfinu. Ef viðkomandi var í vinnu og í góðu vinnusambandi þá gengur þetta oftast vel, nema hjá hinu opinbera. Fyrir einstakling sem var ekki í vinnu þá er mjög erfitt að finna vinnustaði sem eru tilbúnir að ráða til sín einstakling með skerta starfsgetu. Það er hægt að gera starfshæfnismat og finna út við hvað fólk ræður, en ef engin störf eru í boði hvað á þá að gera?

**Breyta þarf hugsunarhætti**

Aðgengi á Íslandi er mjög slæmt og það eitt og sér veldur örorku. Einstaklingur með skerta göngugetu eða í hjólastól getur unnið við alls konar störf, en ef viðkomandi kemst ekki inn á vinnustaðinn hvernig á hann þá að geta unnið?

Til að fækka öryrkjum þarf að breyta hugsunarhætti í þjóðfélaginu og mæta fólki þar sem það er statt. Fyrirtæki verða að taka sig á og gefa fólki tækifæri til að sanna sig. Bæta þarf aðgengi nær alls staðar. Það er ekki öryrkjum að kenna að þeir geta ekki unnið, það er samfélaginu að kenna. Réttindamál eru letjandi og ég vona heitt og innilega að tekjutenging við örorku verði endurskoðuð og helst lögð af.

Örorka er ruglingslegt hugtak og nær yfir alltof víðtæka hluti. Nær væri að kalla hlutina réttum nöfnum, þ.e. framfærsla annars vegar og hins vegar réttindi vegna læknisfræðilegrar örorku. Ástæðan fyrir því að margir eru öryrkjar er að samfélagið er eins og það er. Ég fagna því að umræðan skuli vera farin í gang og vonandi skilar það einhverju. Það er ekki nóg að vera með starfsendurhæfingu og alls konar mót ef ekkert tekur við.

Ríkið verður að líta í eigin barm og endurskoða hvernig opinberar stofnanir sinna starfsfólki sínu. Er ekki betra að borga fólki laun og fá vinnuframlag í staðinn fyrir að fólkið fari á bætur?

> **Nær væri að kalla hlutina réttum nöfnum, þ.e. framfærsla annars vegar og hins vegar réttindi vegna læknisfræðilegrar örorku.**

# Sjálfsvígsforvarnir eru aðkallandi



Gunnar Árnason
framhaldsskólakennari

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gert 10. september að alþjóðlegum sjálfsvígsforvarnardegi. Í nýlegri skýrslu stofnunarinnar, Preventing Suicide (2014), kemur fram að það sé forgangsverkefni að draga úr tíðni sjálfsvíga á heimsvísu um 10 prósent fyrir árið 2020. Á Íslandi falla árlega 35-40 manns fyrir eigin hendi eða tvöfalt fleiri en deyja í bílslysum. Síðustu ár hafa sex unglingar og ungar manneskjur dáið árlega vegna sjálfsvíga. Mikil þörf er því á að setja þennan málaflokk í forgang.

Mörg lönd í kringum okkur hafa sett fram þjóðaráætlun til að vinna eftir í sjálfsvígsforvörnum. Engin slík áætlun er hins vegar til á Íslandi. Einnig er til í mörgum nágrannalöndum heildstæð forvarnaráætlun fyrir skóla í þessum málaflokki. En hún er ekki heldur til staðar á Íslandi. Hins vegar hafa Íslendingar staðið sig afar vel í vímuefnaforvörnum síðustu árin, sem sérstaklega hefur verið beint að ungmennum. Einnig höfum við náð miklum árangri í umferðaröryggi, þökk sé mikilli forvarnavinnu.

Leggja þarf mun meiri vinnu í sjálfsvígsforvarnir á Íslandi en þegar er gert.

Frekar fátítt er að börn fremji sjálfsvíg, en greinileg aukning verður á tíðni sjálfsvíga eftir því sem líður á unglingsárin og þegar ungmenni fara í framhaldsskóla. Það er skoðun mín að framhaldsskólar skipi stórt hlutverk í því að koma í veg fyrir ótímabæran dauða vegna sjálfsvíga. Langflest íslensk ungmenni hefja framhaldsskólanám og því ætti að vera ljóst að skólinn er mikilvægur vettvangur fyrir sjálfsvígsforvarnir.

**Ráðaleysi**

Í starfi mínu sem framhaldsskólakennari í hartnær tuttugu ár hef ég séð marga nemendur hverfa frá námi vegna ýmissa geðrænna vandamála. Nokkrir þeirra höfðu verið þunglyndir og að auki sýnt augljósa sjálfsvígshegðun. Tveir nemendur mínir hafa fallið fyrir eigin hendi. Einnig hef ég um miðja nótt fengið neyðarkall – símtal frá nemanda sem hafði tekið inn ofskammt af lyfjum og bað mig um að keyra sig á slysavarðstofuna. Frammi fyrir þessari reynslu, sem aldrei mun hverfa mér úr minni, upplifði ég mikið varnarleysi, þar sem skólinn sem ég kenndi við hafði ekki sérstaka sjálfsvígsforvarnaráætlun. Almennt virðist ráðaleysi einkenna viðbrögð skólayfirvalda við þeim samfélagsvanda sem sjálfsvíg ungmenna eru og það er reynsla mín að kennarar ræða þetta ekki mikið sín í milli.

Sjálfsvíg er þegar einstaklingur bindur sjálfviljugur enda á líf sitt. Meðal fræðimanna hafa komið upp tillögur um að hafa sjálfsvíg sem sérstakan flokk í geðgreiningarkerfum, aðrir segja að sjálfsvíg sé ekki geðröskun þótt það geti haft svipaða orsakaþætti og ákveðnir geðsjúkdómar. Sjálfsvígstengdar hugsanir og atferli sem ekki leiðir til dauða kallast sjálfsvígshegðun og er síðan skipt upp í þrjá þætti. Sjálfsvígshugmyndir vísa til hugsana sem gætu leitt til þess að einstaklingur fyrirfari sér. Í sjálfsvígsáætlunum hefur manneskjan aðlagað ákveðnar aðferðir til að svipta sig lífi. Með sjálfsvígstilraunum er átt við að einstaklingurinn fremur sjálfsskaðandi hegðun sem felur í sér ákveðna löngun til að falla fyrir eigin hendi. Með hugtakinu sjálfsvígshegðun er ekki verið að vísa til einstakrar hegðunar, heldur ákveðins ferlis sem nær yfir langan tíma. Flestir rannsakendur greina sjálfsvígshegðun frá sjálfsskaðandi hegðun þar sem ekki er ætlun einstaklingsins að enda líf sitt.

Sjálfsvígshegðun er talin vera eitt helsta lýðheilsuvandamál ungs fólks og því er mikilvægt að vinna gegn því. Þar getum við nýtt okkur þær forvarnaráætlanir sem þegar hafa verið unnar í nágrannalöndum okkar.

> **Í starfi mínu sem framhaldsskólakennari í hartnær tuttugu ár hef ég séð marga nemendur hverfa frá námi vegna ýmissa geðrænna vandamála.**



Eru þetta
þín skilaboð?
Einelti rænir mörg börn og unglinga gleðinni sem þau ættu að njóta. **Á allra vörum** styrkir Erindi og uppbyggingu samskiptaseturs fyrir ungmenni sem glíma við einelti.
**Með því að kaupa Á allra vörum varasettið leggur þú þessu brýna málefni lið.**
Varasettið fæst á yfir 150 sölustöðum um land allt. Nánar um sölustaði, átakið og starfsemi Erindis á **aallravorum.is**, **erindi.is** og **facebook.com/aallravorum.is**
**#eineltieroged**
Á ALLRA VÖRUM
benecos
PIPAR\TBWA • SÍA
STÓRVELDIÐ
PIPAR\TBWA
benecos
GASSI 2TUDIO
vodafone



# Er Byrjendalæsi um að kenna? Ég held ekki!



Eygló Halldórsdóttir
lögfræðingur

**Þeir skólar sem tekið hafa upp Byrjendalæsi hafa gert það í góðri trú fyrst og fremst vegna hnignandi lestrargetu íslenskra nemenda eins og fram kemur í alþjóðasamanburði PISA.**

Í viðtali við Fréttablaðið sem kom út 20. ágúst fór menntamálaráðherra hörðum orðum um Byrjendalæsi og lestrarkennslu almennt. Ég ætla ekki að reyna að rýna í þann pólitíska hildarleik sem liggur að baki því að Byrjendalæsi, vinsæl kennsluaðferð sem nýtir fjölbreyttar aðferðir við að kenna börnum að lesa, er skotin niður á síðum Fréttablaðsins dag eftir dag.

En hvaðan koma þessar niðurstöður sem birtast í fréttum? Línuritið sem sýnir fram á máttleysi Byrjendalæsis er byggt á greiningu Menntamálastofnunar á árangri nemenda í skólum sem tekið hafa þátt í Byrjendalæsi að beiðni menntamálaráðuneytisins. Niðurstöðurnar voru birtar nýverið á heimasíðu Námsmatsstofnunar. Í greiningunni stendur:

„Við mat á því hverju þátttaka í Byrjendalæsi hefur skilað í frammistöðu nemenda var skoðaður námsárangur nemenda í þeim skólum sem hafa unnið með aðferðina í fjögur ár eða lengur ... Ein leið við mat á því er að skoða árangur þeirra á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk. Til samanburðar voru notaðir nemendur sömu skóla frá því áður en Byrjendalæsi var tekið upp.“

Menntamálastofnun hefur síðan birt nýtt línurit með ýtarlegri útskýringum í svörum sínum við athugasemdum miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri við greiningunni. Þar stendur:

„Gagnrýnt hefur verið að enginn samanburður sé við nemendur í öðrum skólum, en landsmeðaltalið er í raun samanburðurinn því það endurspeglar alla nemendur á landinu.“

Það er auðvitað grafalvarlegt mál ef Byrjendalæsi er ekki að skila þeim árangri sem til er ætlast. Innleiðingin kostar bæði fjármuni og ómælda vinnu. Þeir skólar sem tekið hafa upp Byrjendalæsi hafa gert það í góðri trú fyrst og fremst vegna hnignandi lestrargetu íslenskra nemenda eins og fram kemur í alþjóðasamanburði PISA. Menntamálastofnun gagnrýnir einnig þau stöðluðu próf, LÆSI, sem notuð hafa verið frá upphafi til að mæla framfarir í lesskilningi og sýna allt aðra niðurstöðu. Staðreyndin er sú að við höfum engin önnur stöðluð próf. Samræmd próf eru ekki stöðluð heldur er útkoma prófanna normaldreifð, sem er ekki það sama. Notkun samræmdra prófa sem mælikvarða á Byrjendalæsi er eins og að mæla hitastig með reglustiku.

Það væri auðvitað hægt að þjálfa nemendur markvisst alla skólagönguna í að taka samræmd próf. Myndu nemendur standa sig betur á samræmdum prófum? Vafalaust. Væri verið að fara að lögum um grunnskóla? Nei. Væri verið að beita fjölbreyttum kennsluháttum eins og kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla? Nei. Væri verið að koma til móts við þarfir nemenda samkvæmt hugmyndum um skóla án aðgreiningar? Nei. Myndu nemendur koma betur út á PISA? Nei.

**Í Aðalnámskrá stendur:**
„Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í Aðalnámskrá.“

Lög um grunnskóla koma frá Alþingi. Útfærsla á þeim kemur fram í Aðalnámskrá sem berst til skólanna frá menntamálaráðuneytinu. Grunnskólar reyna svo eftir fremsta megni að uppfylla kröfurnar sem þar eru gerðar.

Í Aðalnámskrá stendur einnig að „Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“. Þetta er það sem Byrjendalæsi leitast við að gera. „Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt.“ Það eru samræmd próf ekki. Þau eru barn síns tíma og löngu úrelt. Þau hafa ekki fylgt þeirri þróun sem orðið hefur í menntastefnu landsins og eru því af leiðandi hvorki réttmætur né áreiðanlegur mælikvarði.

Ef markmið menntamálaráðherra er að koma á þjóðarsátt um læsi eru þessar yfirlýsingar hans í garð kennarastéttarinnar í upphafi skólaárs óheillavænleg byrjun. Skólakerfið í landinu getur aldrei orðið sterkara en veikasti hlekkurinn í keðjunni og hann er efstur í valdapíramídanum. Ef einhverju er um að kenna er það stefnuleysi stjórnvalda í skólamálum sem taka U-beygju í hvert skipti sem ný ríkisstjórn og nýr menntamálaráðherra taka við völdum. Menntamál eiga ekki að vera pólitísk bitbein. Er Byrjendalæsi um að kenna? Ég held ekki!

# Flóttamannavandinn í Evrópu – hvað er til ráða?



Bergljót Ingvadóttir
grunnskólakennari

*Kirkja fyrirfinnst engin“?*
Davíð Stefánsson orti samnefnt ljóð um prest sem braut niður kirkjuna í eldivið handa fátæklingum til að halda á sér hita í vetrarkulda.

Ég vil sjá íslensku þjóðkirkjuna opna „flóttamannamiðstöð“ miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, t.d. í Hallgrímskirkju, og veita þar fyrstu hjálp fyrir 1.015 flóttamenn, einn fyrir hvert ár frá kristnitöku.

**Er þetta hægt?**
Þegar íbúafjöldi landsins var rétt inna við 150 þús. komu um 330 þýskar flóttakonur til Íslands, dreifðust um sveitir landsins og auðguðu þær með vinnuframlagi sínu, kunnáttu og menningu. Sjálf er ég dóttir einnar þeirrar. Miðað við núverandi íbúafjölda væri samsvarandi fjöldi flóttamanna 750.

Í kjölfar Heimaeyjargossins 1973 voru 5.000 manns fluttir upp á land, sem var um 2,5% íbúafjöldans. Með samhug þjóðar og góðu skipulagi tókst vel að taka við þeim fjölda.

**Hvar á að fá mat?**
Um 30% af þeim matvælum sem framleidd eru í dag enda í ruslinu. Flest okkar borða a.m.k. 10% meira en við þurfum. Notum umframmat til að elda máltíðir fyrir flóttafólkið án auka hráefniskostnaðar. Súpueldhús og sjálfboðastörf sóknarbarna er svarið.

**Hvar á að fá húsnæði?**
Til bráðabirgða mætti nota Hallgrímskirkju og Laugardalshöll, útbúa kynjaskipt svefnpokapláss, setja upp útikamra, baðaðstaða er í sundlaugum. Síðan myndi fólkið smám saman flytjast út um landið til sveitarfélaga sem bjóða aðstoð.

**Hvar á að fá fatnað?**
Íslendingar hafa verið duglegir að gefa föt í safnanir til fólks í fjárlægum löndum, við erum laus við flutningskostnað þegar fólkið er á staðnum.

**Hvernig á að greiða kostnaðinn?**
Marga Íslendinga dreymir um að vinna hjálparstörf erlendis, hér væri kjörið tækifæri til sjálfboðastarfa í eigin landi. Með því að hafa flóttamannamiðstöð miðsvæðis eins og í Hallgrímskirkju væri hægt að vekja athygli og áhuga ferðamanna á að leggja eitthvað af mörkum í formi fjár og vinnustunda. Eflaust myndi flóttafólkið sjálft líka hjálpa til. Leita mætti til íslenskra stórfyrirtækja um framlög, ég nefni t.d. Hval hf. og Sjóklæðagerðina hf. – 66°N. Einstaklingar sem eru með meira en milljón krónur í tekjur á mánuði gætu verið aflögufærir um smáupphæð.

**Hver á að sjá um skipulagið?**
Hjá Rauða krossinum, Hjálparstofnun kirkjunnar, Viðlagasjóði, Almannavörnum og björgunarsveitum er fólk með þekkingu og reynslu til að skrá og skipuleggja móttöku og innleiðingu flóttamanna í íslenskt samfélag.

**Hvað með útlits- og menningarmun?**
Margir Íslendingar eiga framandi gæludýr, Labrador- og Huskyhunda, Bengal- og norska skógarketti sem eru afar ólíkir íslenska fjárhundinum og fjósakettinum.

Dýrin vekja aðdáun og athygli og eigendur þeirra hampa þeim á sýningum. Hvers vegna ætti eitthvað annað að gilda um manneskjuna?

Allra þjóða ríkt og frægt fólk er velkomið til landsins og má vera eins lengi og það kýs. Fjölmiðlar kalla það „Íslandsvini“ og fólk deilir hreykið myndum af sér með því, en þegar málið snýst um fátæka flóttamenn (sem kannski voru frægir listamenn, vísindamenn eða bara mannvinir, foreldrar eða börn í sínu heimalandi) breytist mannauðurinn í vandamál. Hættum að flokka fólk.

**Hvað „græðum“ við á að taka við þessu fólki?**
Fólk á flótta, rekið að heiman með stríðsógn er að bjarga lífi sínu og sinna og leita að friði, frelsi og mannúð. Hvílíkur heiður fyrir Evrópubúa að það skuli stefna til okkar í leit að þessum lífsgæðum! Sýnum að við rísum undir væntingum þeirra og tökum þeim fagnandi af jákvæðni, kærleika og stórhug.

**Flest okkar borða a.m.k. 10% meira en við þurfum. Notum umframmat til að elda máltíðir fyrir flóttafólkið án auka hráefniskostnaðar. Súpueldhús og sjálfboðastörf sóknarbarna er svarið.**

Leggjum okkar „ómerkilegu lúxusvandamál“ (miðað við þeirra) til hliðar um stund og finnum gleðina af að hjálpa fólki í neyð. Seinna mun flóttafólkið okkar, mannauðurinn, skila sínu framlagi til samfélagsins og örugglega greiða „skuld“ sína margfalt til baka.

**Kemur þetta kirkjunni við?**
Íslenska þjóðkirkjan á undir högg að sækja bæði andlega og veraldlega. Hlutverk hennar hefur breyst og afstaða okkar til hennar. Stofnanir ríkisins og mannréttindasamtök sjá nú um þætti velferðar sem kirkjan kom að áður. Samkvæmt mælingum telja um 50% Íslendinga sig trúaða. Að vera kristinn og í þjóðkirkjunni ætti ekki að einkennast af að mæta puntaður í kirkju á sunnudögum og í skírnir, fermingar, brúðkaup og jarðarfarir þegar við á, heldur einnig að sýna samhug og kærleika í verki þegar þarf að hjálpa okkar „minnstu bræðrum“, burtséð frá þjóðerni og trú.

Eitt erindið í ljóði Davíðs Stefánssonar sem ég vitnaði til hljóðar svo:

*„Í þyngstu raunum reynast verkin betur*
*en ritningin og gamalt fræðaletur.“*

**Kemur þetta mér við?**
Sumum kann eflaust að finnast þessi framsetning mín á verkefninu „flóttamannahjálp“ of mikil einföldun. Við þá vil ég segja þetta: „Þegar málið snýst um líf og dauða fólks er ekki tími til að greina vandann í öreindir, það verður að ganga strax í verkið og leysa úr smáatriðunum, þá og þegar þau koma upp. Ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum. Hvað um þig?“

# Óhreinu börnin á Íslandi



Halldór Gunnarsson
fyrrverandi sóknarprestur í Holti

Það er leitað skýringa á því, sem enginn virðist skilja, hvers vegna fjórflokkarnir með fylgiflokknum tapa miklu fylgi.

Það virðist enginn vilja vita af óhreinu börnunum hennar Evu: Einstaklingum sem misstu heimili sín, öryrkjum sem lifa ekki af örorkubótum, um 40 prósentum af eldri borgurum sem lifa ekki af skömmtuðum tekjutengdum lífeyri langt undir framfærslu, eldri borgurum í húsnæðissamvinnufélögum, sem fengu enga leiðréttingu og urðu jafnvel fyrir ólöglegri eignaupptöku, og fjölda yngra fólks með námsskuldir, án skuldaleiðréttingar og húsnæðisskuldir án leiðréttingar, ef foreldrar veittu ábyrgð lána og þeim einnig, sem geta ekki stofnað heimili, því þau hafa ekki greiðslugetu til að fá lán eftir reglum bankanna, en mega í þess stað borga húsaleigu langt umfram afborgun af lánum vegna íbúðarkaupa, sem þau ættu að geta keypt.

Fyrri ríkisstjórn skerti kjör öryrkja og eldri borgara miskunnarlaust og kom á þessum tekjutengingum og skerðingum, þannig að eldri borgarar, sem voru ekki starfsmenn ríkisins á nær verðtryggðum lífeyri, fengu nær engar tekjur úr sínum lífeyrissjóðum. Ríkisstjórnin lofaði breytingum á almannatryggingalöggjöfinni snemma á valdatíma sínum og lagði loks fram frumvarp á síðustu dögum þingsins, sem dagaði uppi.

Núverandi ríkisstjórn hefur nær engu breytt í þessum málum frá fyrri ríkisstjórn. Breytingar á almannatryggingunum enn í nefnd, rökum eldri borgara, einkum Björgvins Guðmundssonar um kjaraskerðingar, ekki svarað, heldur sagt að aldrei hafi verið greitt meira!

Á flokksþingi Framsóknarflokksins 2013 var samþykkt að kjaraskerðing aldraðra og öryrkja, sem tók gildi 1. júlí 2009, yrði afturkölluð og að lífeyrir aldraðra og öryrkja yrði hækkaður vegna kjaraskerðingar þeirra eftir hrun. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2013 var samþykkt að sú kjaraskerðing, sem eldri borgarar og öryrkjar urðu fyrir 1. júlí 2009, yrði tafarlaust afturkölluð og að leiðrétta ætti kjaragliðnun krepputímans. Í kosningabréfi fyrir kosningar var sagt: „Við ætlum að afnema tekjutengingu ellilífeyris.“

**Hnífnum snúið í sárinu**
Ekki var staðið við neitt af þessu, heldur er hnífnum snúið í sárinu núna: Nauðungaruppboð halda áfram og launahækkanir þessa árs eiga ekki að ná til óhreinu barnanna á þessu ári, en þau eiga að borga allar hækkanir á leigugjöldum, þjónustugjöldum og sjúkragjöldum allt frá hruni til þessa dags óbætt, og unga fólkið á að lifa við verðtryggðar skuldir og ofurvexti, sem aldrei verður hægt að komast frá. Hver vill búa við þessar aðstæður? Hvað skyldu vera margir, sem hafa ekki efni á að leita sér læknis eða hafa ekkert sér til bjargar þegar líður á mánuðinn?

**Hver vill búa við þessar aðstæður? Hvað skyldu vera margir, sem hafa ekki efni á að leita sér læknis eða hafa ekkert sér til bjargar þegar líður á mánuðinn?**

Óhreinu börnin á Íslandi, þeir sem eru gjaldþrota eða eignalausir, öryrkjar, eldri borgarar með ónýta lífeyrissjóði og hlunnfarið ungt fólk, á engan annan kost en hefja nýja hagsmunabaráttu, meðal annars með stofnun stjórnmálaflokks, sem lofar leiðréttingu komist sá flokkur til áhrifa, með það heit hvers frambjóðanda, að standa við það loforð.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**HIPPATÍMINN SNÝR AFTUR**
*Hina nýju hippatíska sem er áberandi í tískuheiminum nú má að öllum líkindum tengja hinni lífrænu bylgju sem hefur gengið yfir Vesturlönd undanfarið að sögn Katrínar Maríu Káradóttur, fagstjóra fatahönnunardeildar LhÍ.*
Síða 4


TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum

iittala
10% afsláttur
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




FYRIR OG EFTIR.

# FALLEGRI HÚÐ Á HEILBRIGÐAN HÁTT

**SNYRTISTOFAN HAFBLIK KYNNIR** *Guðrún Friðriksdóttir hefur sérhæft sig í hljóðbylgjumeðferðum gegn háræðasliti og húðslípun. Þessar meðferðir hafa gefið mjög góðan árangur. Núna er tilboð hjá Hafbliki á háræðaslitsmeðferð.*

Guðrún notar sérhannað tæki til að fjarlægja háræðaslit, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða. „Ég fjarlægi háræðaslit með hljóðbylgjum en það hefur gefið mjög góða raun til að fjarlægja háræðaslit í andliti, hálsi og bringu. Þetta er mikil nákvæmnisvinna en fólk þarf að koma í tvö til þrjú skipti til að ná 100% árangri,“ útskýrir Guðrún sem hefur sérhæft sig í þessari tækni.

Guðrún segir að það séu bæði konur og karlar sem komi til hennar; fólk sem er með miklar háræðaskemmdir. „Þeir sem hafa glímt við rósroða í andliti hafa fengið mjög góðan árangur hjá mér en sjúkdómurinn veldur skemmdum í húð. Ég hef sjálf verið með þennan sjúkdóm. Tækið er svo stórkostlegt því það getur hjálpað fólki sem má ekki fara í lasertækni, til dæmis þeir sem eru með exem eða psoriasis. Árangurinn er stórkostlegur,“ segir Guðrún.

**HÚÐSLÍPUN YNGIR**

„Húðslípun felst í að endurnýja húðina. Demants-sandkristöllum er blásið á húðina og pússuð upp tvö húðlög. Við látum 5-7 daga líða á milli meðferða en tíu meðferða kúr skilar frábærum árangri,“ segir Guðrún. „Þessi aðferð nær burt hrukkum og sólarskemmdum í húðinni. Ég hef einnig hjálpað mörgum sem eru með ör eftir bólur í andliti. Aðferðin slípar niður húðina og nær að fjarlægja örin. Þótt fólk sé í þessari meðferð getur það vel stundað vinnu og gert allt sem það er vant. Ég nota lúxusmaska til að róa og sefa húðina en ekki má nota farða fyrsta daginn eftir meðferð. Þetta er náttúruleg og þétt meðferð. Helst má líkja henni við hjartastuð fyrir húðina. Oftast er þessi meðferð notuð á andlit en ég hef líka hjálpað fólki sem er með ör á baki eða bringu eftir bólur eða sólarskemmdir. Húðin frískast upp og fær miklu meiri stinnleika og yngist um mörg ár. Eftir fimm skipti er fólk farið að sjá verulegan mun á húðinni,“ segir Guðrún. „Þannig styrkir og stinnir húðslípun húðvefinn, vinnur á ótímabærri öldrun og örvar húðfrumur. Ég nota eingöngu lífrænar snyrtivörur sem eru án allra auka- og rotvarnarefna.“

**TILBOÐ Á HÁRÆÐASLITS-MEÐFERÐUM**

- 2x30 mín. meðferðir samfellt 10%
- 3x30 mín. 15%
- 4x30 mín. 20%



**GÓÐUR ÁRANGUR**
Guðrún Friðriksdóttir hefur sérhæft sig í meðferð á háræðasliti og húðslípun og náð góðum árangri.
MYND/GVA



20% afsláttur af DRANELLA
Opið til kl. 21
Stærðir 34-46
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



Laugardaginn 12. September gefur Fréttablaðið út sérblaðið **Námskeið.**

Fyrir auglýsingar/kynningar skal hafa samband við Bryndísi.
bryndish@365.is | Sími: 512-5434/695-4999






FALLEGT Hnýtt armband eftir Bergdísi.

# BLÚNDUGERÐ ÚR GALLAEFNI

*ORKERING Bergdís Inga Brynjarsdóttir notar orkeringu sem skreyti á töskur og fylgihluti. Aðferðin er hefðbundin en ekki efnið en Bergdís notar meðal annars gallaefni. Bergdís lærði fatahönnun í Berlín og er búsett í Leipzig.*

Ég fór að gera þessa hluti meðan ég var í náminu, fyrir vasapeninga. Hélt því svo áfram sem hliðarverkefni eftir að námi lauk en ég vinn núna í verslun. Ég hafði nýlært að orkera þegar ég fór út,“ segir Bergdís Inga Brynjarsdóttir fatahönnuður en hún notar gamalt handverk sem skreyti á handtöskur. Töskurnar eru úr gallaefni, sem ekki telst hefðbundið efni til orkeringar.

„Orkering er eins konar blúndugerð þar sem hvert spor er hnýtt, notað í kanta á fatnað og í dúka. Þetta er handverk sem ekki er hægt að gera í vél en stundum er líkt eftir orkeringu með útsaumsvélum. Því fínna sem garnið er því meira virði er blúndan en ég ákvað að fara með þetta alveg í hina áttina. Með því að orkera úr kaðli breytast áherslurnar og beinast frekar að vinnunni og sporinu. Ég notaði einnig efni sem maður tengir frekar við götutísku, gallaefni.“

Ertu að setja á fót eigin merki?

„Þetta er kannski að þróast út í það,“ segir Bergdís. „Þegar maður flytur frá Berlín til Leipzig verður maður að halda áfram að skapa og vera virkur í faginu,“ segir hún en hún flutti ásamt kærastanum til Leipzig eftir að hún lauk námi í fatahönnun Berlín.

„Kærastinn minn er í doktorsnámi hér úti og þegar ég kláraði í Berlín fluttum við til Leipzig. Hér er þægilegra að vera, auðveldara að fá húsnæði en í stórborginni og Leipzig er mjög sjarmerandi borg. Hér er mikið af ungu fólki og mér skilst að hér sé hæsta fæðingatíðni í Þýskalandi, hér er mikið af grænum svæðum og hægt að eiga mjög þægilegt líf. Við tvö erum þó barnlaus enn þá,“ segir Bergdís hlæjandi og telur ólíklegt að þau flytji heim til Íslands á næstunni.

„Það er gott að vera ungur hér í Þýskalandi, ódýrt að kaupa í matinn, ódýrt að leigja í Leipzig. Veðrið er líka dásamlegt og það gerir það líka erfiðara að flytja heim.“

Bergdís selur töskurnar á Etsy og lenti á dögunum í öðru sæti í Etsy Design Awards með töskuna sína Dís. „Ég datt niður í annað sætið nokkrum mínútum áður en keppninni lauk. Næstu helgi verð ég með á PopUp markaði Etsy og svo er bara að halda áfram að búa til töskur,“ segir Bergdís.

Fylgjast má með hönnun Bergdísar á Facebook-síðunni Dís by Bergdís.

heida@365.is



**ETSY DESIGN AWARDS** Bergdís tók þátt í Etsy Design Awards á dögunum og lenti í öðru sæti með töskuna Dís. Töskur og fylgihlutir Bergdísar eru til sölu á Etsy.



**ÓHEFÐBUNDIN ORKERING** Venjulega er aðferðin notuð í blúndugerð úr mjög fínu garni. Bergdís notar hins vegar grófar lengjur úr gallaefni.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

## NÝTT TÍSKUAPP

**Alexa Chung stendur fyrir appinu Villoid.**

Fyrirsætan, tískufyrirmyndin og samfélagsmiðlatrúðurinn Alexa Chung hefur tilkynnt að hún muni hleypa af stokkunum nýju tískuappi sem heitir Villoid.

Með appinu er hægt að fylgjast með tískuspjallborðum, tískuspekúlöntum og öðrum vinum. Þar má finna innblástur að eigin fatastíl, fá fréttir og upplýsingar um útsölur á þeim merkjum sem eru í uppáhaldi. Appinu er lýst sem blöndu af Instagram og Pinterest en með möguleikanum á að versla. Tímaritið Elle UK sagði fyrst frá appinu í vikunni um leið og það tilkynnti að Chung myndi prýða forsíðu tímaritsins í desember. Appið sjálft er ókeypis en hægt er að kaupa í gegnum það flíkur frá merkjum á borð við Acne, Marc Jacobs og Chloé.





## SNÚIÐ MÓÐURHLUTVERK

**Sienna Miller er nýlega skilin og á erfitt með að sinna bæði móðurhlutverkinu og framanum.**

Sienna Miller segist elska að vera móðir en hún er hins vegar óhrædd við að viðurkenna að það sé líka þreytandi og oft yfirþyrmandi, sérstaklega þegar hún er um leið að reyna að hugsa um framann og að vera í sviðsljósinu.

Miller er á forsíðu októberheftis breska Vogue þar sem hún opnar sig um það sem hún kallar „bölvun móðurhlutverksins“, en hún á dótturina Marlowe sem fæddist árið 2012.

„Þegar þú eignast barn er það augljóslega ólýsanleg reynsla en um leið verður líf þitt að algjörri óreiðu og þú verður uppgefin. Ég gæti bókstaflega lagst á þetta borð og sofnað,“ segir hún í viðtalinu.

Að auki segir hún að henni finnist hún knúin til að reyna alltaf að vera betri í öllu en hún er, það sé bölvun móðurhlutverksins. Nýlegur skilnaður hennar og barnsföður hennar, Tom Sturridge, er heldur ekki að gera henni lífið léttara. „Þetta hefur allt verið frekar yfirþyrmandi nýlega,“ viðurkennir hún.

## NÝTT FRÁ ED ELLEN DEGENERES KYNNIR SKÓLÍNU MEÐ VORINU

Tískumerki sjónvarpskonunnar og uppistandarans Ellen DeGeneres, ED, mun bæta skóm í framleiðslulínu sína. ED vinnur skóna í samstarfi við Gamuto Group og er áætlað að nýja línan komi á markað í vor.

Fatnaður og fylgihlutir ED bera sterkan keim af afslöppuðum fatasmekk Ellen sjálfrar; blazer-jakkar, víðar buxur, stuttermabolir og skyrtur. Tískuspekúlantar gefa sér því að skórnir verði í sama stíl, strigaskór og oxford-leðurskór.

Nýlega samdi tískumerkið við Bergdorf Goodman um sölu á fatnaði og er því á góðri siglingu en fyrstu flíkurnar komu á markaðinn í vor. Þá vann ED barnaföt í samvinnu við GAP í ágúst.

Ellen sagðist sem krakki hafa þurft að ganga í fötum sem henni líkaði ekki. Staðlaðar hugmyndir um stelpuföt, kjólar og tjull áttu ekki við hennar karakter. Þess vegna hafi hún látið gamlan draum rætast þegar hún setti tískumerki á fót.





## Nýjar haustvörur




Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030






Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



# SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**Sendum í póstkröfu**



**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is




ETRO

ALBERTA FERRETTI

# TENGIST LÍFRÆNU BYLGJUNNI

**STERK SVEIFLA** *Hippatískan er að ryðja sér til rúms af meiri krafti nú en oft áður, en frá því að hippatímabilinu lauk árið 1970 hefur tilbrigðum við tískuna sem því fylgdi skotið upp endrum og sinnum. Stundum sjást aðeins stöku útvíðar buxur en nú má sjá rúskinnsjakka, kögurfatnað, mussur og maxi-kjóla í meira mæli en oft áður. Á þetta jafnt við hjá hátískuhúsum sem hinum ýmsu ódýrari vöruhúsum.*

Ég er búin að vera að bíða eftir þessari sveiflu í tvö ár og skil í raun ekki hvað hún hefur verið lengi á leiðinni," segir Katrín María Káradóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands. Spurð af hverju segist hún helst tengja það þeirri lífrænu bylgju sem hefur gengið yfir Vesturlönd síðustu ár. „Ég tengi þetta helst við mikla umhverfisvakningu og jógabylgjuna sem flestir hafa orðið varir við." Hippatíminn átti sér djúpar pólitískar rætur sem kristallaðist í baráttunni gegn stríði. Hipparnir börðust fyrir friði og höfðu blóm að vopni. Katrín María telur slíkar ástæður ekki endilega liggja að baki sveiflunni nú. „Tískusveiflurnar í dag eru af ýmsu tagi og ganga hraðar yfir. Það liggur yfirleitt ekki svo mikið að baki."

Þó að hippasveiflan sé áberandi í löndunum í kringum okkur segir Katrín María ekki eins mikið bera á henni hér heima, þótt vissulega sé eitthvað um það. „Við skautum fram hjá fullt af „trendum" og tökum upp okkar eigin. Eitt skýrasta dæmið um það er kraftgallaæðið sem gekk hér yfir undir lok síðustu aldar."

En merkir Katrín María aðrar tískusveiflur? „Í dag er mikið talað um „demi couture" en þar er um að ræða einstakar flíkur úr vönduðum efnum sem að mörgu leyti styðjast við hefðir og vinnuaðferðir úr hátískunni eða Haute Couture en eru aðgengilegri og þurfa ekki að lúta jafn ströngum lögmálum. Þessar flíkur kosta ekki nema brot af því sem alöru Haute Couture-flíkur kosta en eru þó það dýrar að litlar líkur eru á að þær nái yfirhöndinni hjá almenningi." Eins virðast einfaldar og tímalausar flíkur sem standast tímans tönn eiga upp á pallborðið að mati Katrínar Maríu.

"Við sem horfum fram á veginn erum líka mikið að skoða gagnsæi fyrirtækja og sjálfbærni en það eru æ fleiri sem vilja vita uppruna efna og fatnaðar og alveg ljóst að sú brjálæðislega neysla á fatnaði sem þekkst hefur mun ekki standa undir sér til frambúðar. Ég er því almennt minna að velta því fyrir mér hvort það sé útvítt eða niðurþröngt í verslunum frá degi til dags en ef ég ætti að nefna eitthvað þá spái ég því að fatnaður í yfirstærð eigi eftir að láta meira á sér kræla á næstunni og þá ekki síst rúmgóðar og skjólgóðar yfirhafnir."

vera@365.is



KATRÍN MARÍA KÁRADÓTTIR



ALBERTA FERRETTI



ETRO

CHLOÉ


TRI
Suðurlandsbraut 32
Hjólreiðar
Hlaup
Sund
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN
BORGUN
CUBE
Curve Pro
#Hybrid & Ferðahjól
139.990kr
>89.990kr
#cube_your_life
AIM SL 29”
139.990kr
>89.990kr
NATURE
169.990kr
CROSS
239.990kr
September @ TRI VERSLUN
Cube your life!
facebook.com/tri.is
instagram.com/triverslun
@TRIVERSLUN
25% afsláttur af aukahlutum með öllum seldum hjólum!
SHIMANO
WWW.TRI.IS
SHIMANO
- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
ParkTool
ParkTool

# Í BLÁUM OG GRÁUM TÓNUM

**TÍSKUFYRIRMYND** *Breski leikarinn Eddie Redmayne hefur þróað sinn eigin fatastíl og er óhræddur við að klæðast litríkum fötum.*

Eddie Redmayne hefur leikið í fjölmörgum gæðamyndum en honum skaut upp á stjörnuhimininn þegar hann hlaut Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt sem Stephen Hawking í myndinni The Theory of Everything.

Hann hóf ferilinn með því að leika bæði á sviði og í sjónvarpsþáttum en fyrsta kvikmyndahlutverk hans var í myndinni Like Minds árið 2006. Hann hefur síðan þá leikið í myndum á borð við The Good Shepherd (2006), Savage Grace (2007), Elizabeth: The Golden Age (2007), My Week with Marilyn (2011), Les Misérables (2012), The Theory of Everything (2014) og Jupiter Ascending (2015).

Redmayne á auðvelt með að stíga út fyrir þægindarammann, líkt og fatasmekkur hans segir til um. Þannig lék hann nýverið í myndinni The Danish Girl þar sem hann túlkar Lili Elbe sem var fyrsta transkonan sem gekkst undir kynskiptaaðgerð í heiminum.

Myndin tekur þátt í aðalkeppni kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og verður frumsýnd um allan heim í lok árs.



**Í BLÁKÖFLÓTTUM HARDY AMIES-JAKKAFÖTUM Á FRUMSÝNINGU THE THEORY OF EVERYTHING Í LONDON.**



**Í SÆGRÆNUM TVÍHNEPPTUM JAKKAFÖTUM FRÁ BURBERRY.**



**Í BLÁUM GUCCI-JAKKAFÖTUM MEÐ BRÚNT BINDI Á FRUMSÝNINGU THE THEORY OF EVERYTHING Í WASHINGTON.**



**Í BRÚNUM TOPMAN-JAKKAFÖTUM Á FRUMSÝNINGU LES MISERABLES Í PARÍS.**



**Í GLÆSILEGUM SMÓKING ÚR SMIÐJU ALEXANDERS MCQUEEN MEÐ ÓSKARSVERÐLAUN Í HENDI.**



**Í GRÁUM JAKKA FRÁ HARDY AMIES.**

# COMMA FAGNAR EINS ÁRS AFMÆLI

**COMMA KYNNIR** *Verslunin Comma í Smáralind heldur upp á eins árs afmæli í dag og næstu daga. Ýmsar uppákomur verða í boði auk fjölmargra tilboða. Comma er fjörutíu ára gamalt þýskt háklassa merki.*

Comma á sér langa og merkilega sögu," segir Hilmar Þórarinn Hilmarsson, sem á og rekur verslunina ásamt eiginkonu sinni, Hjördísi Sif Bjarnadóttur. „Comma er þýskt fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var árið 1973. Á þeim tíma var það háklassa merki á við Dolce Gabbana og Louis Vuitton. Þegar fjölskyldufaðirinn féll frá árið 2000 var Comma keypt af öðru fjölskyldufyrirtæki og endurskipulagt. Comma nær nú að brúa bilið á milli mainstream og hátísku á verði sem höfðar til allra," lýsir Hilmar.

**BOÐ SEM EKKI VAR HÆGT AÐ HAFNA**

Hjördís hefur lifað og hrærst í fataverslunarbransanum frá unga aldri. Móðir hennar rak lengi Parísartískuna og sjálf er Hjördís klæðskeri. Þegar móðir hennar lést eftir veikindi tók hún alfarið við Parísartískunni. „Þá fengum við símtal að utan þar sem okkur var boðið að opna Comma verslun á Íslandi. Við vorum ekkert spennt fyrir að bæta við verslun á þessum tíma en þegar á okkur var þrýst ákváðum við að skoða málið. Við nánari athugun var þetta boð sem ekki var hægt að hafna. Við heilluðumst þegar við sáum klæðnaðinn, verðið og fallegar verslanir Comma," segir Hjördís.

**MIKLAR VINSÆLDIR**

Comma er afar þekkt í Þýskalandi en aðeins eru þrjú ár síðan slík verslun var opnuð utan landsteinanna. „Sem dæmi um vinsældir verslunarinnar hefur Comma, sem er fágaðri lína verslunarinnar, verið á toppnum yfir söluhæstu verslanir Þýskalands í ár og á topp tíu listanum í þrjú ár. Casual identity línan, sem er grófari lína Comma, hefur verið í sjöunda sæti," upplýsir Hilmar.

**TÓLF LÍNUR Á ÁRI**

„Flest merki eru með fjórar árstíðabundnar línur en Comma er með nýja línu í hverjum mánuði," segir Hjördís og bætir glaðlega við að því séu þau sveitt að taka upp úr kössum í hverri viku. „Það sem heillaði mig sem klæðskera var að þó að þetta séu klassískar vörur þá er alltaf eitthvað spes, einhver skemmtileg smáatriði, við hverja vöru."






**FRAMTAKSSÖM HJÓN** Þau Hjördís Sif Bjarnadóttir og Hilmar Þórarinn Hilmarsson eiga og reka saman Comma í Smáralind. Þau halda nú upp á eins árs afmæli verslunarinnar.

**HÁGÆÐA FATNAÐUR Á GÓÐU VERÐI**

Þau hjónin leggja metnað í persónulega þjónustu og vilja helst geta dekrað sem mest við viðskiptavini sína. „Þeir sem gefa sér tíma geta fengið kaffi, sódavatn eða gos og á góðum stundum jafnvel léttvínsglas," segir Hilmar brosandi. Þrátt fyrir þetta er verðið á allra færi segja þau. „Við erum til dæmis með buxur á verðbilinu 7.900 til 19.490 krónur."

**AFMÆLISVEISLA**

„Við höfum fengið alveg svakalega góðar viðtökur þetta fyrsta ár," segir Hilmar og nú er ætlunin að halda upp á áfangann. „Við munum halda upp á eins árs afmæli Comma í Smáralind í dag og á laugardaginn. Við munum bjóða upp á veitingar, plötusnúð og aðrar uppákomur. Þá verðum við líka með ýmsar afmælisvörur á tilboði," segir Hjördís og býður alla velkomna.




Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# VIÐ ERUM ALLAR TEXTÍLLÚÐAR

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Textílhönnuðirnir í Textíl Stúdíói segja textíl spila mikilvæga rullu í lífi okkar án þess að við séum alltaf að pæla í því. Vinnustofan þeirra verður opin almenningi öll fimmtudagskvöld í vetur og öllum velkomið að fræðast um störf þeirra.*

Í Textíl Stúdíói á Lindargötu verður fjör á fimmtudögum í vetur en þá ætla hönnuðirnir fjórir sem þar hafa aðsetur að opna dyr sínar fyrir gestum og gangandi. „Textíll er allt í kringum okkur og hann spilar stærra hlutverk í okkar lífi en við gerum okkur grein fyrir. Okkur langar því að fólk geti komið og fylgst með okkur vinna og séð hvað við erum að gera. Að gestir okkar geti fræðst um textíl og textílhönnun og séð öll þessi tæki sem við erum með hérna. Við erum með vefstól uppi við og prjónavélar og ég held að fólki finnist gaman að sjá hvernig hönnuðir vinna,“ segir Erla Dís Arnardóttir, textílhönnuður og kennari.

Ásamt Erlu Dís starfa þær Guðný Katrín Einarsdóttir, Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir og Guðrún Elísa Ragnarsdóttir í Textíl Stúdíói. Þær kynntust þegar þær voru saman í námi í Myndlistarskólanum í Reykjavík. Þótt þær vinni allar í textíl segir Erla Dís þær vera afar ólíkar og að þær vinni á misjafnan máta. „Við erum allar mikið í að búa til mynstur, enda er það mikið viðloðandi textílinn, en svo vinnum við hann á mismunandi hátt og í ólík efni. Ég vinn mikið í vefnaði, teikna mynstur og vinn plaköt úr þeim. Guðný og Tanja eru mikið í þrykki og við Guðný erum mest með fylgihluti og heimatextíla, púða og fleira en Tanja er meira í fatnaði enda fatahönnuður að mennt. Guðrún Elísa er nýkomin heim úr námi í Skotlandi. Hún er varla lent þannig að hún er enn þá bara í einhverjum pælingum en hún er sterk í mynstrunum.“



**ALLS KONAR** Misjöfn mynstur sem Tanja Levý hannar.



**KEMUR VEL ÚT** Guðný Katrín gerir falleg mynstur sem sóma sér vel á púðum.

Það sem samstarfskonurnar fjórar eiga sameiginlegt er að sögn Erlu Dísar áhuginn og ástríðan fyrir textílnum. „Áður en ég kynntist þeim í náminu vissi ég ekki að það væri til fólk eins og ég þarna úti. Við þurfum allar alltaf að snerta allt sem fólk er í og það er ákveðinn textíllúði í okkur öllum,“ segir hún og brosir.



**TEXTÍLHÖNNUÐIR** Þær Guðný Katrín og Erla Dís eru tveir fjögurra textílhönnuða sem opna dyr sínar á Textíl Stúdíói á fimmtudagskvöldum í vetur. MYND/ANTON

Hún bætir við að þær séu líka allar meðvitaðar um umhverfið og endurnýtingu. „Ég reyni að forðast að kaupa ný efni, ég nota alls kyns afganga af garni og klippi niður, til dæmis rúmföt. Ég vil vera á þessari umhverfislínu og held að það komi svolítið með faginu. Við erum allar meðvitaðar um umhverfið og hvað býr að baki og viljum ekki kaupa fjöldaframleitt efni um langa leið. Við pælum í þessu og þurfum að gera það því annars verður þetta ekki spennandi.“



**FALLEGT** Veski úr smiðju Erlu Dísar.



**OPNAR Á NÝJUM STAÐ** Gunnar hefur glímt við veikindi en er nú heill heilsu og horfir björtum augum fram á veginn.




**HVATTUR TIL AÐ OPNA Á NÝ** Fjöldi dyggra viðskiptavini Herra Hafnarfjarðar hvatti Gunnar til að opna verslunina á ný.

# OPNAR HERRA HAFNARFJÖRÐ Á NÝ

**HERRA HAFNARFJÖRÐUR KYNNIR** *Herra Hafnarfjörður, sem rekinn var í verslunarmiðstöðinni Firði í liðlega tuttugu ár, hefur verið opnaður á ný að Reykjavíkurvegi 66. Fjöldi opnunartilboða verður í versluninni um helgina.*

Herra Hafnarfjörður var opnaður á ný á Reykjavíkurvegi 66 í byrjun mánaðar en verslunin var áður til húsa í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði. Gunnar Már Levísson hefur rekið hana frá upphafi, eða í ein 19 ár. „Ég þurfti að loka vegna veikinda fyrir átta mánuðum en er nú orðinn heill heilsu. Vegna fjölda áskorana frá dyggum viðskiptavinum ákvað ég að opna á nýjum stað en nýja aðstaðan er til fyrirmyndar. Húsnæðið er gott og hér er mikil traffík,“ upplýsir Gunnar.

Aðspurður segir hann talsvert breyttar áherslur í nýju versluninni. „Við ætlum að leggja meiri áherslu á klassískan og „sportí“ fatnað fyrir 25 ára og eldri en áður var markhópurinn talsvert yngri. Við erum með mikið af „sportí“ skyrtum, peysum, bolum, gallabuxum og íþróttatreyjum og bætum við úrvali af jakkafötum fyrir jól.“

Gunnar á dyggan viðskiptavinahóp í Hafnarfirði, Reykjavík, af Suðurnesjunum og víðar. „Ég er búinn að sprella mikið í tengslum við verslunarreksturinn í gegnum tíðina og stefni á að halda því áfram,“ segir hann og bendir fólki á fjölda frábærra opnunartilboða um helgina en hægt er að kynna sér þau á Facebook-síðu verslunarinnar.



**BREYTTAR ÁHERSLUR** Áherslurnar í versluninni eru breyttar. Markhópurinn er eldri og mikið um „sportí“ og klassískan fatnað.



**AÐSTAÐAN TIL FYRIRMYNDAR** Verslunin var starfrækt í verslunarmiðstöðinni Firði í 19 ár en er nú til húsa að Reykjavíkurvegi 66 þar sem aðstaðan er til fyrirmyndar.









Full
verslun af
glæsilegum
haustfatnaði
og skóm

Stærðir 36-52









FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is






ARMANI

PRADA

MICHAEL KORS

# LITRÍKAR TÖSKUR GLEÐJA AÐ HAUSTI

**GLÆSILEGT** *Flestar konur eiga það sameiginlegt að elska fallegar töskur. Sumar vilja hafa þær stórar, aðrar eru meira fyrir litlar. Hvernig sem þær eru í útliti þá segja tískulöggur að nú eigi þær að vera litríkar. Helstu tískukóngar bjóða upp á töskur í öllum regnbogans litum.*

Hér á síðunni má sjá litríkar og fallegar töskur frá helstu tískuhúsum heims. Þær eru ekki ódýrar þessar töskur heldur má segja að þær séu góð fjárfesting. Gular, grænar eða bleikar töskur setja punktinn yfir i-ið þegar kemur að dökkum haustfatnaði. Þær fara ótrúlega vel við gallabuxur og þykkar peysur.



HERMÉS



LOUIS VUITTON

Sjá má myndir af Hollywood-stjörnum með litríkar töskur, enda eru þær ekki feimnar við að fylgja nýjustu straumum og tískustefnum. Leikkonan Reese Witherspoon hefur mikið dálæti á litríkum töskum og virðist hafa sérstakt dálæti á bleikum töskum. Hún virðist eiga bleikar töskur frá öllum helstu hönnuðum. Fyrirsætan Heidi Klum sést sömuleiðis oft með litríkar og fallegar töskur. Þetta eru konur sem kunna að njóta.

Nú er bara að finna réttu töskuna fyrir veturinn, tösku í fallegum og glaðlegum lit.



YVES SAINT LAURENT



DIOR






**LITRÍK**
Leikkonan Reese Witherspoon hefur mikið dálæti á litríkum töskum og á margar slíkar eftir fræga hönnuði.



**ALLTAF GLÆSILEG**
Ofurfyrirsætan Heidi Klum vekur athygli hvar sem hún kemur.




STÖÐ 2 KYNNIR
Í SAMSTARFI VIÐ HLJÓÐX
HÁSKÓLABÍÓ LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER
BESTU LÖG BJÖRGVINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON VERÐUR Á PERSÓNULEGUM NÓTUM OG FLYTUR MÖRG AF SÍNUM BESTU LÖGUM ÁSAMT FRÁBÆRRI HLJÓMSVEIT
MIÐASALA HAFIN Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
HLJÓÐX
midi.is




# BANANAR Í ÖLLU

**UPPSKRIFTIR** *Það er óþarfi að láta þroskaða banana skemmast í skálinni.*



Brúnir bananar eru ekki vinsælustu ávextirnir í skálinni en það er ýmislegt hægt að gera við þá annað en að stýfa úr hnefa. Þroskaðir bananar eru mjög sætir á bragðið og henta vel í gómsætar kökur og eftirrétti. Ef ekkert tilefni er fram undan en bananarnir alveg á síðasta snúningi er þjóðráð að frysta þá. Mikilvægt er að skera bananana í sneiðar og frysta þannig. Hér eru nokkrar einfaldar uppskriftir þar sem bananar gera sykur alveg óþarfan.



**ORKA ALLAN DAGINN**
Munið samt að athuga hvort hnetuofnæmi er til staðar áður en þið berið þessar fram.

### ORKUKÖKUR

2 og $\frac{1}{3}$ bolli haframjöl
1 tsk. kanill
$\frac{1}{4}$ tsk. gott sjávarsalt
$\frac{1}{2}$ bolli möndluflögur eða hakkaðar möndlur (líka hægt að nota hnetur)
1 bolli ósætt hnetu- eða möndlusmjör
3 msk. hunang
2 msk. rúsínur (má sleppa)
2 msk. kókosolía
2 stórir þroskaðir bananar stappaðir
1 tsk. vanilludropar

Aðferð: Hitið ofn í 160 gráður með blæstri, annars 180 gráður. Hrærið þurrefnunum saman í skál. Blandið saman hnetusmjöri, hunangi, kókosolíu, banönum og vanillu og hrærið saman við þurrefnin. Setjið deigið á smjörpappírsklædda plötu með tveimur matskeiðum eða ísskeið. Hver kaka er um 2 msk. af deigi. Ýtið aðeins ofan á kökurnar, þær renna ekkert út við bakstur. Bakið í 13-15 mínútur eða þar til þær eru aðeins byrjaðar að brúnast í köntunum. Geymast vel í ísskáp í a.m.k. viku.
**Af vefsíðunni eldhusperlur.is.**



**SYKURLAUST EN SÆTT OG GOTT**
Bananabrauðið er best nýbakað með smjöri.

### HOLLUSTUBANANABRAUÐ

2 bollar heilhveiti eða spelthveiti
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. matarsódi
$\frac{1}{4}$ tsk. salt
1-11/2 tsk. kanill
2-3 gamlir bananar (stappaðir mjög vel)
1 egg
8-10 saxaðar döðlur

Aðferð: Hitið ofn í 180-200 gráður. Mælið þurrefnin í skál. Bætið stöppuðum banönum, eggi og döðlum saman í aðra skál og hrærið. Blandið öllu varlega saman með gaffli svo deigið verði síður seigt. Smyrjið stórt brauðform eða tvö minni. Hellið deiginu í formið/in og bakið neðarlega í ofni í 40 mínútur.



**ÍSGERÐ VERÐUR EKKI AUÐVELDARI**
Stundum er ekki hægt að bíða eftir því að þessi ís kólni.

### ASNALEGA AUÐVELDUR ÍS

3 frosnir bananar í sneiðum
4 msk. ósætt kakó
4 msk. fínt hnetusmjör
2 tsk. vanilludropar

Aðferð: Maukið allt í matvinnsluvél þar til kekkjalaust og mjúkt. Þegar því takmarki er náð, hellið þá í aðra skál og þeytið með handþeytara þar til blandan er orðin froðukennd. Hellið í plastílát og frystið í tvo tíma. Ef það er ómögulegt að bíða má ímynda sér að um búðing en ekki ís sé að ræða og snæða strax.




Allt það besta hjá 365
ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.
*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365



ALLA VIRKA DAGA 18:55
ÍSLAND Í DAG
BEINT Á EFTIR FRÉTTUM
FJÖLBREYTTUR OG SKEMMTILEGUR DÆGURMÁLAÞÁTTUR
Í OPINNI DAGSKRÁ ALLA VIRKA DAGA
365.is | Sími 1817
365

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með litil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**PEARL MASTER CUSTOM**
ATH. Tvöfaldur trommupedall, 8 diskar og fl. Verð 250þús. Uppl. í s. 895 4444



Vinnustaðagirðingar 3m x 2m með stein og samtengi. TIlboðsverð kr.6950.- auk vsk stk. DS-Lausnir ehf s.561-8373 / email: dslausnir@ internet.is




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Verslun







**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR**
25% afsláttur af öllum vörum á meðan birgðir endast. Allar vinsælustu unaðsvörurnar. Fá sent eða sækja Netgíró, greiðslukort, millifærsla www. hush.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Frigerio álpallar til sölu, breiðir, 4 einingar (4 pallar), 4 handrið og ein álsliskja 70X5,70 ca. Uppl. í s. 867 7753

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**GÍTARNÁM! GÍTARNÁM!**
Gítarstofan, Auðbrekku, býður upp á nám fyrir fólk á ÖLLUM aldri. Gítarstofa Steingríms s. 898 2263

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**
Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða (veiðihús) Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515 og tradir.net

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 60FM VEL MEÐ FARINN 3HERB. ÍBÚÐ AÐ LAUGARNESVEGI.**
Aðeins kemur til greina langtímaleiga, lágmark 3 ár. Aðeins skilvísir og reglusamir leigendur koma til greina. Leiga 169. Mán. Dýrahald ekki leyft. Laus strax. 2 mánuðir í tryggingu í peningum sem endurgreiðist í leigulok.
**Uppl. í s. 896 2964 / hrafn@ ferroehf.is**

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

Einstaklingsíbúð í risi til leigu á Langholtsvegi uppl. í S: 553 2171.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Er reglusöm. Hafa samband við solrun26@gmail. com og í s.8213754.

Einbýlis-eða raðhús óskast il leigu á höfuðborgarsvæðinu fyrir þriggja manna fjölskyldu. Öruggum greiðslum heitið meðmæli ef óskað er. Upplýsingar 8488899

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir bílskúr á leigu eða litlu atvinnuhúsnæði helst í Kópavogi. Uppl. í s. 867 7753

**AUÐBREKKA - VERSLUNARRÝMI**
Til leigu 400fm verslunarrými á jarðhæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr. s. 897 9743

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**EYJALIND**
bobcat KOMATSU CASE VOLVO JCB CAT
Varahlutir í vinnuvélar Ofl.
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**BROTAFL**
• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**XPRENT**
- hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is



**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Hausttilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

GINGER

**GINGER**
óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 15:00 alla virka daga.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og með góða íslensku kunnáttu og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

**LAGHENTA MANNESKJU VANTAR TIL STARFA Á SMÍÐAVERKSTÆÐI, LAGER O.S.FRV.**
Um er að ræða starf við framleiðslu, vinnutími er frá 8 til 18 á daginn.
Aðeins ábyrg, vandvirk, dugleg, heiðarleg, sjálfstæð manneskja með mannleg samskipti á hreinu. Gott vald á íslensku algjört skilyrði.
Hreint sakavottorð og meðmæli óskast.
**Áhugasamir umsækjendur hafi samband í rekkjan@rekkjan.is**

**OLD ICELAND VEITINGARSTAÐUR**
Óskar eftir hressum og skemmtilegum þjónum til að vinna á veitingarstað í hjarta borgarinnar. Við leitum af duglegu fólki í kvöld og helgarvinnu, hentar vel með skóla. Pannig ef að þú er með ríka þjónustulund og vilt vinna á einum af betri veitingastöðum í borginni.

Sendu uppl. á oldiceland@oldiceland.is og

í síma : 6591417

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Starfsmann vantar í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl 10-18 alla virka daga. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is.

HEILDSALA: Starfsfólk óskast í afgreiðslu o.fl. í heildsölu Rvk. Parf að tala íslensku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt "heildsala"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ársalir - fasteignamiðlun - Ársalir - fasteignamiðlun

## Gnoðarvogur 64 - Hæð með bílskúr




**Opið hús í dag, fimmtud. 10. sept. frá kl. 17 - 17:30**
**Til sölu** vönduð 3ja herbergja íbúð á eftu hæð, með stórum svölum og sólstofu mót suðri. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi með skápum. Eldhús með ljósri/ Beyki innréttingu. Stofu og borðstofu með vönduðu nýlegu parketi á gólfum. Flísalagt baðherbergi með innréttigu baðkari. Sér geymsla fylgir í kjallara. Bílskúr fylgir. Verið velkomin að skoða íbúðina.

Ársalir FASTEIGNAMIÐLUN Engjateigi 5, 105 Rvk. 533 4200

**Áhugasamir hafi samband:**
Ársalir ehf. fasteignamiðlun
s: 533-4200 eða arsalir@arsalir.is

Björgvin Björgvinsson
Löggiltur fasteignasali. Félag Fasteignasala

## Íbúð til leigu óskast!



Bráðvantar 2-3 herb. íbúð sem fyrst fyrir mig, 16 mánaða dóttur mína og blíða, rólega kisu miðsvæðis í Rvk, póstnúmer 101 – 107, á sanngjörnu verði. Er rólegur og skilvís. Endilega hafið samband í s: 857-3503 eða á omar@this.is

## Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með kynnt breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er varðar breytta legu Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglínu Z, ásamt umhverfisskýrslu.

Nálgast má breytingartillögu (þ.e. uppdrátt og greinargerð) ásamt umhverfisskýrslu á heimasíðu Djúpavogshrepps (www.djupivogur.is).

Í framhaldi af kynningu þessari mun sveitarstjórn Djúpavogshrepps óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa breytinguna.

**Ef óskað er frekari upplýsinga, þá vinsamlegast hafið samband í gegnum netfangið tgj@tgj.is.**

*Fyrir hönd sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur*

# STÓRA BÍLASALAN

**586 1414**

**OPNUNARTÍMI**
MÁN- FÖST.
FRÁ KL. 10:00-18:00

LAUGARDAGA
FRÁ KL. 12:00-16:00

**www.stora.is**



**Opel Ampera Rafmagnsbíll**
Árgerð 2012. Ekinn 29þ.km. Sjálfsk. Leður o.m.fl.. Gott eintak. **Verð 4.490.000kr.** Raðnr 157296.



**BMW X1 180HÖ Dísel – 4x4**
Árgerð 2012. Ekinn 59þ.km. Sjálfsk. Dísel. Gott eintak. **Verð 4.990.000kr.** Raðnr 157360.



**BMW 520D**
Árgerð 2013. Ekinn 45þ.km. Sjálfsk. Leður. Sóllúga o.m.fl.. **Verð 6.990.000kr.** Raðnr 156508.



**Ssangyong Actyon Dísel**
Árgerð 2007. Ekinn 80þ.km. Sjálfsk. Fjórhjóladrif. Loftkæling o.fl.. **Verð 1.890.000kr.** Raðnr 156966.



**Toyota Land Cruiser 100 VX**
Árgerð 2003. Ekinn 229þ.km. Sjálfsk. Bensín. Leður o.m.fl.. **Verð 2.590.000kr.** Raðnr 134757.



**Toyota RAV4 VX**
Árgerð 2004. Ekinn 228þ.km. Sjálfsk. Leður. Sóllúga. **Verð 990.000kr.** Raðnr 134944.



**Nissan Double Cab**
Árgerð 2006. Ekinn 44þ.km. Beinsk. Dísel. Einn eigandi. **Verð 1.890.000kr.** Raðnr 134985.



**Nissan Double Cab**
Árgerð 2005. Ekinn 236þ.km. Beinsk. Dísel. Pallhús. **Verð 1.390.000kr.** Raðnr 157461.



**Jeep Cherokee Limited Dísel**
Árgerð 2014. Ekinn 24þ.km. Sjálfsk. Mjög vel útbúinn bíll. **Verð 7.980.000kr.** Raðnr 157081.



**Renault Clio Authentic**
Árgerð 2014. Ekinn 53þ.km. Beinsk. Bensín. **Tilboðverð 1.690.000kr staðgreitt.** Raðnr 156925.



**Ford Fusion Trend**
Árgerð 2004. Ekinn 77þ.km. Sjálfsk. **Verð 750.000kr.** Raðnr 157574.



**M.Benz E240 Elegance**
Árgerð 2001. Ekinn 163þ.km. Sjálfsk. Einn eigandi. **Verð 1.190.000kr.** Raðnr 157207.



**Infinity FX35 AWD**
Árgerð 2005. Ek. 138þ.km. Sjálfsk. Vel búinn bíll. **Tilboðsv.1.990.000 kr staðgreitt.** Raðnr 157222.



**Chevrolet Captiva**
Árgerð 2006. Ekinn 124þ.km. Sjálfsk. Dísel. 7 manna. Gott eintak. **Verð 2.390.000kr.** Raðnr 157547.



**Ford Transit 280**
Árgerð 2012. Ekinn 89þ.km. Beinsk. Klæddur að innan. **Verð 2.490.000kr án VSK.** Raðnr 157614.



**Ford Transit 350 Jumbo**
Árgerð 2013. Ekinn 84þ.km. Beinsk. Klæddur að innan. **Verð 2.790.000kr. án VSK.** Raðnr 157638.



**Range Rover Vogue TDV8**
Árgerð 2008. Ekinn 193þ.km. Dísel. Mjög gott eintak. **Verð 4.990.000kr.** Raðnr 157642.



**Subaru Legacy Wagon**
Árgerð 2010. Ekinn 117þ.km. Beinsk. 4x4. Bíll í góðu ástandi. **Verð 1.990.000kr.** Raðnr 133791.

ergo **Stóra bílasalan • Klettháls 2 • 110 Reykjavík • S. 586 1414 • www.stora.is** ergo

LG
Life's Good

SNJÖLLU SJÓNVÖRPIN




# SJÓNVARPSTILBOÐ



**LG 49UF695V / 55UF695V**

- 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- 4K HEVC þjöppun (4K 30P, 2K 60P)
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- USB upptökumöguleiki
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og síma- / spjaldtölvu app fylgir

700Hz PMI
**TILBOÐ** 49"
**199.990**
FULLT VERÐ **229.990**

1200Hz PMI
**TILBOÐ** 55"
**249.990**
FULLT VERÐ **299.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

LG
Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**


**Þristur í andlitið á NBA-stjörnunum** Pavel Ermolinskij setur hér niður eitt af fjórum þriggja stiga skotum sínum í gær en til varnar eru tveir bestu menn vallarins, Pau Gasol og Nikola Mirotic. Fréttablaðið/Valli

# NBA-veisla í íslenska teignum

**Ísland tapaði með 26 stiga mun á móti tvöföldum Evrópumeisturum Spánar á Evrópumótinu í körfubolta í gær en spænska uppskrifin í gær var að fara stanslaust inn á NBA-stjörnur sínar. „Það var eins og hann vissi ekki af mér," sagði Pavel Ermolinskij um reynsluna af því að dekka Pau Gasol.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is
Frá Berlín



**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið lenti annan leikinn í röð í vandræðum í seinni hálfleik á móti einu af sterkustu körfuboltaliðum heims. Í fyrradag voru það Serbar og í gær Spánverjar.

Í báðum leikjum var íslenska liðið að gera frábæra hluti fyrir hlé en skorti orku í seinni hálfleiknum þegar stórstjörnuliðin ýttu á bensíngjöfina. síðustu tveir seinni hálfleikir hafa því verið íslensku strákunum afar erfiðir.

Eitt af því jákvæða við leikinn í gær var það að Pavel Ermonlinskij er búinn að finna skotið sitt en hann setti niður fjóra þrista í gær.

„Það er miklu skemmtilegra að sjá boltann fara í körfuna. Ég er ekki í þessu liði sem einhver miðpunktur í söknarleiknum sem ætlar sér að skora eitthvað. Að sjálfsögðu tökum við öll stig sem við getum fengið. Það liggur mikið á ákveðnum mönnum í liðinu í því að skila stigum. Það er gott að geta hjálpað þeim þó að það sé nú bara af og til," segir Pavel sem hefur skorað sex þrista í síðustu tveimur leikjum.

Pavel Ermolinskij sá mikið af NBA-stjörnunum í Chicago Bulls í gærkvöldi. „Það voru Gasol og Mirotic í kvöld og einhver annar á morgun. Þetta eru allt stjörnur og maður gerir sitt besta. Við getum bara reynt að gera þetta eins erfitt fyrir þá og hægt er," sagði Pavel Ermonlinskij um það verkefni sitt að reyna að stoppa NBA-stjörnurnar Pau Gasol og Nikola Mirotic. Saman skoruðu þeir 43 stig á þeim 45 mínútum sem þeir spiluðu og nýttu 14 af 19 skotum sínum sem gerir 74 prósenta skotnýtingu.

„Við gerðum það fyrri partinn og spiluðum vel. Þetta var engin heppni því okkur leið þægilega inni á vellinum í fyrri hálfleik bæði í vörn og sókn. Það fór samt gífurleg orka í að reyna að ýta þessum stóru körlum út úr teignum og spila á þeirra hraða," sagði Pavel.

„Það sem við tökum úr þessum tveimur síðustu leikjum er að við þurfum að taka eitt skref fram á við til að geta spila við þessi lið í 40 mínútur. Eins og Jón Arnór sagði eftir leikinn þá væri gott að þessir leikir væru bara tuttugu mínútur," sagði Pavel, en er það að dekka Pau Gasol erfiðasta verkefni sem hann hefur fengið?

„Já, það er það. Mér fannst eins og hann vissi ekki af mér í raun og veru því hann gat gert hvað sem hann vildi. Mér fannst ég vera á fullu og að vera að gera rosalega góða hluti en eftir á að hyggja þá held ég að hann hafi varla tekið eftir mér fyrir framan sig. Þetta var samt frábær upplifun," sagði Pavel í léttum tón.

Íslenska liðið spilar lokaleik sinn á móti Tyrkjum í dag. „Þetta snýst um að við höldum áfram að gera sömu hluti og við höfum verið að gera í vörninni. Reyna að teygja þetta út í 30 mínútur í staðinn fyrir tuttugu mínútur. Við þurfum að hitta á dag þar sem við erum að setja niður þessi erfiðu skot sem við erum að fá," segir Pavel og bætir við:

„Ef við setjum þau niður, af hverju ekki? Þetta er ekki lengur draumur að fara að vinna leik. Við erum inni í þessum leikjum og þetta snýst um eitthvað smá. Ég veit ekki hvað það er en þegar við finnum það þá kemur sigur," sagði Pavel að lokum.

**ooj@frettabladid.is**

# Mikilvægt að þær spili stóra leiki í hverri viku

**FÓTBOLTI** „Það er klárlega markmiðið okkar að vinna riðilinn og bóka okkur með því sæti beint inn á lokamótið sem fer fram í Hollandi eftir tvö ár og við munum vinna markvisst að því," sagði Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, eftir að hafa tilkynnt leikmannahópinn fyrir fyrsta leik liðsins í undankeppni EM 2017, sem fer fram í Hollandi.

Íslenska liðið mætir Hvíta-Rússlandi í fyrstu umferð undankeppni EM en liðið leikur fyrst æfingarleik gegn Slóvakíu.

„Mér líst gríðarlega vel á hópinn og við getum vonandi haldið áfram að þróa liðið og mynda kjarna sem getur farið með okkur á þetta lokamót."

Freyr var ánægður með að allir lykilleikmenn liðsins væru í stórum hlutverkum þessa dagana hjá félagsliðum sínum.

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að bæði þær sem eru að spila hérna heima og þær sem eru að spila úti eru allar að spila reglulega. Þær eru allar í stórum hlutverkum hjá liðum sínum og að spila mikilvæga leiki í hverri viku." – **kpt**

## Íslenski hópurinn

**Markverðir:**
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Lilleström
Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni
Sonny Lára Þráinsdóttir, Breiðabliki
**Aðrir leikmenn:**
Anna Björk Kristjánsdóttir, Stjörnunni
Arna Sif Ásgrímsdóttir, Gautaborg
Ásgerður S. Baldursdóttir, Stjörnunni
Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Fylki
Dagný Brynjarsdóttir, Selfossi
Elísa Viðarsdóttir, Kristianstads
Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabliki
Glódís Perla Viggósdóttir, Eskilstuna
Guðrún Arnardóttir, Breiðabliki
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Stabæk
Hallbera G. Gísladóttir, Breiðabliki
Harpa Þorsteinsdóttir, Stjörnunni
Hólmfríður Magnúsdóttir, Avaldsnes
Margrét L. Viðarsdóttir, Kristianstads
Rakel Hönnudóttir, Breiðabliki
Sandra María Jessen, Þór
Sara B. Gunnarsdóttir, FC Rosengard

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Víkingur 19–28 Haukar**
Markahæstir: Jóhann Reynir Gunnlaugsson 8/2, Ægir Hrafn Jónsson 3 - Janus Daði Smárason 8, Einar Pétur Pétursson 6
Nýliðarnir sáu aldrei til sólar gegn meisturunum í Víkinni. Sterk vörn Hauka lagði grunninn að sigrinum.

**FH 23–21 Fram**
Markahæstir: Einar Rafn Eiðsson 9/3, Garðar Svansson 3 - Þorgrímur Smári Ólafsson 6, Óðinn Þór Ríkharðsson 4
FH byrjaði á endurkomusigri gegn Fram sem leiddi 13-17 þegar 19 mínútur voru eftir af leiknum. FH-ingar tóku völdin á lokakaflanum.

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 2 | ÍBV | 0 |
| FH | 2 | ÍR | 0 |
| Afturelding | 0 | Valur | 0 |
| Akureyri | 0 | Fram | 0 |
| | | Víkingur | 0 |

**Baráttan í einum manni er með ólíkindum. Þyrfti að vera skyldufag í framhaldsskólum landsins. Hlynur103. #Bærings #aframisland #korfubolti**

Guðmundur Steinarsson
**@gummisteinars**

**PRINS ALI BÝÐUR SIG AFTUR FRAM**
Prins Ali bin Al Hussein tilkynnti um framboð sitt til forseta FIFA, alþjóðaknattspyrnusambandsins, í gær. Prins Ali, sem er fyrrverandi varaforseti FIFA, bauð sig fram á móti Sepp Blatter í forsetakjöri FIFA í maí en tapaði fyrir Svisslendingnum sem tilkynnti nokkru síðar að hann ætlaði sér að stíga frá borði. Prins Ali hefur heitið því að taka til hendinni hjá FIFA sem hefur legið undir ámæli fyrir spillingu. Tveir aðrir hafa þegar tilkynnt um framboð sitt til forseta FIFA; Michel Platini, forseti UEFA, og Chung Mong-joon.

**AKUREYRI FÆRIR SIG UM SET**
Stjórn Akureyrar handboltafélags og aðstandendur þess ákváðu í gær að liðið spilaði heimaleiki sína framvegis í KA-heimilinu í stað Íþróttahallarinnar á Akureyri eins og liðið hefur gert síðan KA og Þór sameinuðust undir merkjum Akureyrar árið 2006. Þar á bæ vilja menn fá meiri stemningu á heimaleikina og fá áhorfendur nær, en stjórn félagsins finnst áhorfendur dreifast of mikið í stórri stúku íþróttahallarinnar fyrir norðan.

**ÞÓRÐUR EKKI MEIRA MEÐ FJÖLNI**
Agabrotið sem varð til þess að Þórður Ingason, markvörður Fjölnis í Pepsi-deild karla í fótbolta, var ekki með liðinu í síðasta leik gegn Stjörnunni virðist vera alvarlegt. Ágúst Gylfason, þjálfari Fjölnis, staðfesti við fótbolti.net í gær að Þórður yrði ekki meira með liðinu í sumar og svo gæti farið að hann yrði látinn fara frá uppeldisfélaginu eftir tímabilið. Þórður fer nú „að vinna í sínum málum" eins og Ágúst orðaði það í gær. Steinar Örn Gunnarsson ver mark Fjölnis í síðustu fjórum leikjunum. Fjölnismenn hafa spilað mjög vel í sumar og eru í 5. sæti.



## Í dag

**Olís-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | ÍBV - Valur | Íþróttahöllin Vestm. |
| 19.00 | ÍR - Akureyri | Austurberg |
| 19.30 | Afturelding - Grótta | N1-höllin |

# SAMSUNG

**Sögulegur árangur íslenska landsliðsins í fótbolta gleður okkur öll.**

# Til hamingju Ísland

**Samsung-setrið og umboðsmenn verða í afsláttarskapi þessa viku. Frábær verð.**




*48" eða 55" **Samsung** 4K UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

*UE**48**JU6415 **kr.189.900.-***
*UE**55**JU6415 **kr. 239.900.-***




*43" Samsung SMART sjónvarp með þráðlausu interneti.*

*UE**43**J5505AK **kr. 99.900.-***




*55" og 65" **Samsung** 4K UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

*UE**55**JU7005 **kr.249.900.-***
*UE**65**JU7005 **kr. 489.900.-***




*55" og 65" **Samsung** 4K UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

*UE**55**JU7505 **kr.349.900.-***
*UE**65**JU7505 **kr. 519.900.-***

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | REYKJAVÍK | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 530 2800 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

# Ísland á 60% af „gömlu“ körlunum

**Íslenska karlalandsliðið spilaði í gær fjórða leik sinn á fimm dögum á Evrópumótinu í körfubolta. Mikið álag er á íslenska liðinu sem er það elsta í B-riðlinum**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið er búið að spila 160 mínútur á síðustu fimm dögum og í kvöld er komið að sjötta leik liðsins á sjö dögum.

Lokaleikur B-riðilsins í Berlín verður á milli yngsta og elsta liðsins, eða Íslands og Tyrklands. Ísland spilar því fyrsta og síðasta leikinn í riðlakeppninni á sínu fyrsta stórmóti.

Það er kannski erfitt að skilgreina hvenær leikmenn teljast orðið til „gömlu“ karlanna en ein leiðin er að miða við 32 ára aldurinn.

Aðeins tíu leikmenn eru 32 ára og eldri hjá liðunum sex sem spila í Berlín og svo vill til að Ísland á sex þeirra, eða sextíu prósent af „gömlu“ körlunum.

„Þeir eru allir svo ungir í anda að þetta skiptir engu máli,“ sagði Arnar Guðjónsson, annar tveggja aðstoðarþjálfara Íslands, léttur og kátur við Fréttablaðið. „Ég hef engar áhyggjur af aldrinum. Menn gefa allt sem þeir eiga í þetta.“

Fjórir af þeim gömlu í íslenska liðinu eru kjölfestuleikmenn liðsins sem þurfa að skila sínu ætli liðið sér eitthvað í leikjunum.

Fyrirliðinn Hlynur Bæringsson, stigahæsti leikmaðurinn Jón Arnór Stefánsson og bakverðirnir öflugu Logi Gunnarsson og Jakob Örn Sigurðarson eru allir í hópi elstu leikmanna riðilsins.

Í raun eru það aðeins NBA-stjörnurnar Dirk Nowitzki í Þýskalandi og Pau Gasol hjá Spáni sem eru eldri, auk Spánverjans Felipe Reyes. Einn annar leikmaður á mótinu kemst í öldungahópinn en það er tyrkneski Bandaríkjamaðurinn Ali Muhammed.

Ali Muhammed hét áður Bobby Dixon en hann breytti um nafn þegar hann fékk tyrkneskt ríkisfang í sumar.

Það er því ekki óeðlilegt að menn hafi áhyggjur af þreyttum íslenskum fótum þegar kemur að leiknum á móti Tyrkjum í kvöld.

**» Fyrirliðinn Hlynur Bæringsson, stigahæsti leikmaðurinn Jón Arnór Stefánsson og bakverðirnir öflugu Logi Gunnarsson og Jakob Örn Sigurðarson eru allir í hópi elstu leikmanna riðilsins.**

## „Gömlu“ karlarnir í B-riðlinum leikmenn 32 ára og eldri


**Helgi Már Magnússon** 33 ára


**Ali Muhammed** 32 ára


**Hlynur Bæringsson** 33 ára


**Dirk Nowitzki** 37 ára


**Jón Arnór Stefánsson** 33 ára


**Felipe Reyes** 35 ára


**Jakob Örn Sigurðarson** 33 ára


**Pau Gasol** 35 ára


**Axel Kárason** 32 ára


**Logi Gunnarsson** 34 ára

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun**
Haustfjarnám 1. og 2. stigs þjálfaramenntunar ÍSÍ hefst 28. sept. nk. Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar.
Skráning á namskeid@isi.is / 514-4000
Nánari upplýsingar á vidar@isi.is / 460-1467
Sjá einnig á **www.isi.is**




Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT




RAGGA NAGLI VERÐUR MEÐ RÁÐGJÖF Í **NETTÓ MJÓDD** FIM OG FÖS FRÁ 17-19,
**NETTÓ AKUREYRI** LAU FRÁ 14-16 OG **NETTÓ GRANDA** Á SUN FRÁ 14-16.

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

tilboðin gilda **3** - **13**. september 2015
birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl

## Merkisatburðir

**422** Selestínus I verður páfi.
**1908** Fyrstu almennu leynilegar kosningar til Alþingis eru haldnar. Áður hafði verið kosið í heyranda hljóði. Þátttaka stórjókst og fór í 75,5%.
**1911** Minnisvarði eftir Einar Jónsson um Jón Sigurðsson er afhjúpaður framan við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Síðar var styttan flutt á Austurvöll.
**1942** Þýsk orrustuflugvél gerir árás á tvo bæi á Breiðdalsvík og á fimm báta úti fyrir Austurlandi. Skemmdir urðu á húsum en fólk slapp án meiðsla.
**1950** Í Hellisgerði í Hafnarfirði er afhjúpaður minnisvarði um Bjarna Sivertsen riddara, sem hóf verslun í Hafnarfirði 1793 og hefur verið nefndur faðir staðarins.
**1960** Samtök hernámsandstæðinga eru stofnuð.
**1960** Colin Firth, enskur leikari, fæðist þennan dag.
**1977** Síðasta aftaka með fallöxi fer fram í Frakklandi.
**2006** Michael Schumacher, sjöfaldur heimsmeistari í Formúlu 1, tilkynnir að hann ætli sér að hætta keppni í Formúlu 1 í lok ársins.



# Fagnar fertugsafmælinu í faðmi fjölskyldunnar

**Barði Jóhannsson er fertugur í dag en mun halda upp á afmælið þegar tími gefst til.**

Tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson á afmæli í dag og heldur upp á fertugsafmælið í faðmi fjölskyldunnar.

„Ég ætla að eyða deginum með fjölskyldunni. Mér finnst gaman að halda stórafmælispartí en það verður bara svolítið seinna,“ segir hann og bætir við að hann haldi yfirleitt upp á afmæli þegar tími gefst til enda yfirleitt nóg um að vera.

Barði segir þrítugsafmælið hafa verið sérstaklega eftirminnilegt, en þá sló hann upp veislu ásamt góðum vinum. „Þá hélt ég partí. Það lukkaðist mjög vel en myndatökur voru bannaðar þannig ég ætla ekkert að ræða það sem fór fram þar,“ segir hann og hlær. Í afmælinu var opið svið og nýttu vinir og vandamenn Barða sér það en fjölmargir af hans nánustu vinum eru tónlistarmenn, enda hefur Barði verið viðloðandi tónlistargeirann í langan tíma, fyrst með hljómsveitinni Bang Gang sem stofnuð var árið 1996 og hefur gefið út fjórar breiðskífur. Auk þess hefur hann samið tónlist fyrir auglýsingar og bíómyndir.

Hann er einnig meðlimur í hljómsveitinni Lady & Bird, ásamt Keren Ann, og Starwalker, sem er samstarfsverkefni Barða og Jean-Benoit Dunckel sem er einn þekktastur fyrir að vera annar helmingur frönsku hljómsveitarinnar Air.

Barði segist ekki gera mikið af því að velta sér upp úr afmælum og þau valdi honum engu sérstöku hugarangri. „Ég spái voðalega lítið í því. Allavega verð ég ekkert leiður yfir því en maður fer kannski að hugsa hvað maður vill nýta tímann í,“ segir hann og bætir við að hann í það minnsta haft engar sérstakar áhyggjur af því að eldast útlitslega.

„Ég held ég hafi verið spurður um skilríki í ríkinu þegar ég var þrjátíu og þriggja eða eitthvað svoleiðis þannig ég held ég sé alveg ágætur með það,“ segir hann og hlær.

Afmælum fylgja gjarnan gjafir en Barði segir skemmtilegasta fylgifisk afmæla að hitta vini og fjölskyldu. Þó viðurkennir hann að það séu auðvitað alltaf einhverjar gjafir sem séu sérstaklega eftirminnilegar þegar hann er inntur eftir því.



**Barði hefur gaman af því að halda veislur þegar tími gefst til og segir þrítugsafmælið hafa verið eftirminnilegt.** Mynd/LisaRoze

„Ég fékk tattú frá Fjölni félaga mínum en ég á reyndar enn eftir að láta setja það á mig,“ segir Barði sem segir ástæðu þess að hann hafi ekki enn látið flúra sig þá að hann hafi ekki enn ákveðið hvernig tattúið eigi að vera. „Ég fékk það í þrítugsafmælisgjöf, ég ætla nú að rukka hann um það þegar ég er búinn að ákveða mig, það kemur einhvern tímann að því.“ **gydaloa@frettabladid.is**

---

**Reynir Jósepsson**
Austurbrún 6,
lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 1. september 2015.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Aðstandendur**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Rafnhildur Katrín Árnadóttir**
áður til heimilis
að Sunnubraut 17, Akranesi,
sem lést fimmtudaginn 3. september, verður jarðsungin frá Akraneskirkju, föstudaginn 11. september kl. 13.00.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða.

**Helga Guðmundsdóttir** **Ingi Steinar Gunnlaugsson**
**Kristinn Guðmundsson** **Petrea Ingibjörg Jónsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson** **Elín Jóhannsdóttir**
**Jónína Guðmundsdóttir** **Ásgeir Kristjánsson**
**Þórir Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar elskuðu eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,
**Guðrúnar Guðnadóttur**
hjúkrunarfræðings,
Sæviðarsundi 70, Reykjavík.
Þökkum jafnframt alúð og umhyggju starfsfólks á Landspítala.

**Kári Sigfússon**
**Guðni Már Kárason** **María Hrönn Magnúsdóttir**
**Sigfús Ásgeir Kárason** **Birna Jónsdóttir**
**Kristín Helga Káradóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Páll Sigurðsson**
fyrrv. bóndi í Sauðhaga á Völlum,
lést á hjúkrunarheimilinu á Egilsstöðum miðvikudaginn 2. september. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 12. september kl. 11.00.

**Guðrún Magnea Pálsdóttir** **Guðmundur Hjálmars**
**Pálína Aðalbjörg Pálsdóttir** **Örn Friðriksson**
**Sigríður Pálsdóttir** **Einar Birkir Árnason**
**Þórhildur Pálsdóttir** **Skúli Hannesson**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Steingrímur Skagfjörð Björnsson**
Austurbrún 4, Reykjavík,
lést á Landspítalanum Fossvogi 2. september. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 14. september kl. 15.00.

**Katrín Steingrímsdóttir** **Haraldur Gunnarsson**
**Einar S. Steingrímsson** **Sigurdís Benónýsdóttir**
**Steingrímur H. Steingrímsson** **June Wasna**
**Jón Björn Steingrímsson** **Marta Guðmannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og tengdamamma,
**Renata Erlendsdóttir**
dómtúlkur og skjalaþýðandi,
lést á heimili sínu þann 2. september. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. september kl. 15.00.

**Örn Erlendsson**
**Ormur Jarl Arnarson** **Amanda Garner**
**Rolf Hákon Arnarson** **Eva Sif Jóhannsdóttir**
**Íris Ormsdóttir, Nora, Leon og Ýmir Örn**

---



Við þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd vegna fráfalls elsku sonar, bróður og frænda okkar,
**Elvars Más Theodórssonar**
kvikmyndagerðarmanns.

**Theodór Sigurðsson**
**Ragnhildur G. Júlíusdóttir**
**Silja Rós Theodórsdóttir**
**Arnar Freyr Theodórsson**
**Kristín Ólöf Grétarsdóttir**
**Nökkvi Freyr Arnarsson**
**Breki Steinn Arnarsson**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir og systir,
**Bjarnfríður Bjarnadóttir**
meinatæknir,
Glæsihvarfi 1,
Kópavogi,
lést á heimili sínu þann 25. ágúst síðastliðinn. Útför Bjarnfríðar hefur farið fram. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu.

**Stefán Loftur Stefánsson**
**Úlfhildur Stefánsdóttir**
**Eyrún Magnúsdóttir** **Gunnar Þór Finnbjörnsson**


View the Gal Gadot film on guccibeauty.com
Underneath it all she wears
GUCCI
BAMBOO
The new fragrance for her
GUCCI
BAMBOO

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur



Lægðin sem fór framhjá landinu í fyrrinótt var kraftmikil og í nótt var von á að systir hennar færi sömu leið. Hún var ekki jafn aflmikil, en engu að síður má búast við hvassviðri framan af degi og stormi um landið vestanvert þegar verst lætur. Þessu fylgir rigning, síst fyrir norðan. Síðdegis lægir vindinn smám saman og styttir upp að mestu.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 7° |
| 7 | 4 | 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 11° | 7° |
| 11 | 2 | 2 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 8° |
| 4 | 3 | 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 11° | 4° |
| 10 | 2 | 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. pest
6. samtök
8. sauðagarnir
9. fálm
11. hef leyfi
12. dá
14. skyrpa
16. fisk
17. aðstoð
18. léreft
20. fyrir hönd
21. harla

**LÓÐRÉTT**
1. fjötur
3. tveir eins
4. gufuskip
5. hamfletta
7. drullusokkur
10. meiðsli
13. til sauma
15. sjá eftir
16. árkvíslir
19. átt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

Snorri Þór Sigurðsson (1.956) átti leik gegn Eiríki Björnssyni (1.959) á Meistaramóti Hugins fyrir skemmstu.



**Svartur á leik**
**17. ... Bh3! 18. Hf2** (18. gxh3 Dg5+ 19. Kf2 Dg2+ 20. Ke3 De2+ 21. Kxf4 Rh5+ 22. Kg4 Dg2+ 23. Kh4 Bf6#) **18. ... Rxg2! 19. Bd5 Had8 20. Db4 Rf4! 21. He1 Dg5+ 22. Kh1 Bg2+ 23. Kg1 Rh3**#. Snyrtilega teflt!
www.skak.is: Heimsbikarmótið að hefjast.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 1 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 6 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 8 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 2 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 5 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25–54 ára


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





NÝR 16BLS
BÆKLINGUR
FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Afmælisveisla í stærstu tölvuverslun landsins
Greitt með einum smelli
AFMÆLIS VEISLA
FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
AFMÆLISHÁTÍÐ 9 ára TÖLVUTEKS
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SNJÖLL TÆKI OG BETRA VERÐ!
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer Lenovo hp packard bell TOSHIBA Apple Microsoft
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL


Veturinn
PIPAR\TBWA · SÍA


gst vel í okkur
Sjónvarpsdagskrá Stöðvar 2 verður með glæsilegasta móti í vetur. Boðið verður upp á skemmtilega blöndu af innlendu og erlendu gæðaefni þar sem áhorfendur á öllum aldri finna sér eitthvað við hæfi. Vertu með okkur í vetur, það verður nóg um að vera.

# Vildum leyfa honum að vera og lifa í Sjóndeildarhringnum í myndinni

**Bergur Bernburg er annar tveggja leikstjóra kvikmyndarinnar Sjóndeildarhringurinn sem fjallar um listamanninn Georg Guðna. Myndin fer í sýningu í Bíó Paradís annað kvöld og í Toronto um helgina.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is


Bergur Bernburg kynntist Georg Guðna skömmu fyrir aldamót og hreifst af bæði manninum og málverkunum sem endursköpuðu íslenskt landslag. Fréttablaðið/GVA

**Ég var nú svo heppinn að kynnast Georg Guðna árið 1991 og varð strax heillaður af manninum og hans nálgun á sín viðfangsefni, hvort sem það voru hans málverk eða hreinlega hvað sem var. Hann var góður í að segja frá og gerði það á afskaplega góðan og skemmtilegan hátt, þannig að maður hreinlega gat ekki annað en hrifist með. Út frá þessu og horfandi á þessi málverk hans sem umlykja mann, faðma og teyma þá einhvern veginn hugsaði ég sem kvikmyndagerðarmaður að þetta er eitthvað sem mig langar til að vinna með,“ segir Bergur Bernburg kvikmyndagerðarmaður, sem er ásamt Friðriki Þór Friðrikssyni annar tveggja leikstjóra heimildarmyndarinnar Sjóndeildarhringur, þar sem fjallað er um líf og list Georgs Guðna listmálara. Sjóndeildarhringur kemur í almennar sýningar í Bíó Paradís annað kvöld og er áætlað að sýna myndina í um viku tíma. Þá er myndin einnig komin inn á kvikmyndahátíðina í Toronto og fleiri hátíðir á leiðinni.**

### Unnið í hans anda

Georg Guðni var fæddur árið 1961 en lést aðeins fimmtugur að aldri árið 2011. Hann var ótvírætt á meðal áhrifamestu listmálara þjóðarinnar og er talinn hafa endurvakið landslagið í íslenskri myndlist. Bergur segir að hann hafi náð því að vinna aðeins með Georg Guðna að stórri yfirlitssýningu í Listasafni Íslands 2004 og aftur í Santa Monica 2006 með Viggo Mortensen, sem er reyndar þekktari sem kvikmyndaleikari en hefur þó einnig fengist talsvert við myndlistina. „En svo kom þessi pæling með þessa kvikmynd alltaf upp aftur og aftur. Í kringum 2010 vorum við komnir nokkuð langt í samræðunni um þetta en svo þegar hann fellur frá 2011 þá þurfti auðvitað að endurskoða allt. Ári síðar förum við Friðrik Þór að skoða hvað væri til af efni og ákváðum að vinna einfaldlega innan þess ramma, bæta inn viðtölum við fólk, safna saman því efni sem við gátum fundið, auk þess að ég átti líka eitthvað af efni í handraðanum.

Það er mikil áskorun að vinna í svona þröngum ramma en ég hef svona stundum líkt þessu við eldamennsku. Það er ekkert rosalega erfitt að elda sterkan mexíkóskan mat en þegar kemur að því að útbúa eitthvað sem býr yfir fínni blæbrigðum eins og myndlistin hans Georgs Guðna þá vandast málið. Það er eitthvað sem er svo auðvelt að klúðra þannig að þetta hefur verið mikil áskorun. Markmiðið var þannig að vera ekki að krydda þetta efni of mikið, heldur leyfa því að vera og gefa því tíma. Og það er það sem við höfum haft að leiðarljósi í þessari mynd. Í hvert sinn sem það hafa komið upp atriði sem þurfti að leysa þá hefur alltaf hjálpað að hugsa; hvaða viðhorf hefði Guðni haft, og þá einhvern veginn rekur þetta sig sjálft. Þannig að þetta er unnið mikið til í hans anda.“

### Flókið ferli en einfalt markmið

Bergur segir að hann hafi ekki komið inn í kvikmyndalistina á sínum tíma í gegnum myndlist heldur mun fremur tónlist. Það þarf því ekki að koma á óvart að tónlistin spilar veigamikið hlutverk í myndinni. „Ég nota tónlistina mikið til þess að veita mér innblástur við taktinn í klippingunni og fleiri þáttum og læt hana gjarnan stýra stemningunni. Við fengum Kjartan Hólm, sem er í tónsmíðanámi við Listaháskólann þegar hann er ekki að spila með Sigur Rós, og hann tengdi strax við það sem við vorum að gera.

Vissulega verður þetta allt pínu flókið þegar kvikmynd sem tjáningarform er farin að fjalla um annað tjáningarform sem er myndlistin og þegar þannig er þá gerir maður hluti sem margir verða ósáttir við. Sumir segja að við séum ekki að gera nóg en mér finnst að minna sé meira í þessu tilviki. Myndlist Georgs Guðna þarf að fá að lifa. Markmiðið var að Georg Guðni og hans list næði að skína í gegnum myndina frá upphafi til enda og það finnst mér hafa tekist og það er ég ánægður með.“

### Mynd um mann

„Það er svo margt í þessu sem margir geta tengt við. Þetta snýst um viðhorf, náttúru og tilfinningar og það er það sem er svo áhugavert við list Georgs Guðna – hún kallar á svo margt inni í manni þegar maður horfir á hana. Þú ert með sjálfum þér og þú ert í einhverri dýpt. Þetta er eins og með sjóndeildarhringinn, sem Georg Guðni vann einmitt svo mikið með, hann er í raun ekki til heldur aðeins hugtak. Sjóndeildarhringur er í raun bara eitthvað sem er að gerast í hausnum á þér og það er það sem mér finnst vera áhugavert við þetta. Þú getur gert mynd um mann og sagt frá því hvað hann gerði, hvar hann fæddist og hverra manna hann var og allt þetta en þú getur líka leyft honum að vera og lifa og það er það sem við höfum leyft honum að gera í þessari mynd.“


Búrfell, ein af myndum Georgs Guðna á sýningunni sem verður opnuð í Arion banka á laugardaginn. Fréttablaðið/GVA

## EINAR GARIBALDI UM GEORG GUÐNA

**Næstkomandi laugardag verður opnuð sýning í húsnæði Arion banka í Borgartúni á verkum Georgs Guðna og þar mun Einar Garibaldi Eiríksson myndlistarmaður flytja fyrirlestur um list Georgs Guðna. Einar segir meðal annars að í verkum Georgs Guðna birtist ekki eingöngu sú fagra ásýnd íslenskrar náttúru sem okkur er orðið tamt að sjá. „Hér birtist okkur náttúran með sama hætti og hún birtist í huga málarans, á svæði hugsunar þar sem ímyndun og veruleiki renna saman.**

**Nú er Georg Guðni horfinn á vit sinna draumsýna. Honum tókst það ætlunarverk sitt að mála sjálfan sig í fjallið. Líkami hans er orðinn eitt með náttúrunni og himininn yfir höfði hans hefur smokrað sér ofan í dalina. Sjóndeildarhringurinn tók hann allt of snemma, fyllti allar glufur, öll vit og sérhverja æð líkamans. Tíminn hljóp frá honum á leið sinni inn í nýjar víddir tilverunnar. Íslensk náttúra er ekki söm eftir þessi kynni. Ekki fremur en við sem höfum verið svo lánsöm að eignast hlutdeild í verkum hans. Brotthvarfið er sárara en orð fá lýst, en skilningur okkar á lífinu er núorðinn allur annar.“**



Tilboðið gildir í öllum verslunum Útilífs
NIKE DAGAR
Í TILEFNI OPNUNAR GLÆSILEGRAR NIKE DEILDAR Í ÚTILÍF SMÁRALIND
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NIKE VÖRUM*
FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is







**Teju Cole á alþjóðlegan bakgrunn og sér heiminn með augum heimsborgarans.** Fréttablaðið/Vilhelm

# Stjórnvöld sem hlusta á vilja fólksins láta mennskuna ráða för

**Rithöfundurinn Teju Cole flutti í gærkvöldi opnunarávarp Bókmenntahátíðarinnar í Reykjavík og hann hefur mikinn áhuga á því mannlega sem tengir okkur öll.**

Rithöfundurinn Teju Cole er fæddur í Bandaríkjunum árið 1975, sonur nígerískra foreldra, alinn upp í Nígeríu en búsettur í Brooklyn. Í gærkvöldi flutti Teju Cole opnunarræðuna á Bókmenntahátíðinni í Reykjavík við góðar undirtektir en hvað skyldi hafa dregið alþjóðlegan höfund norður á hjara veraldar?

### Heillandi andstæða

„Ég hef verið svo heppinn að alþjóðlegt líf og umhverfi hefur alla tíð verið hluti af mínu lífi. Uppeldi mitt og umhverfi hefur gert mér mögulegt að eiga í sambandi við það sem höfðar til mín í veröldinni. Ég geri mér grein fyrir að Ísland er fámenn þjóð en hér er ákaflega sterk menningarhefð og þegar maður kynnist henni þá skynjar maður einhverja óræða ákefð. Um það leyti sem ég var að byrja að takast á við mín eigin skrif var ég svo heppinn að vinur minn kynnti mig fyrir verkum Laxness og þá sérstaklega Sjálfstæðu fólki. Mér fannst það strax vera ein af þessum stóru skáldsögum sem er að finna í heiminum, ekki aðeins vegna þess að hún segir frá ákveðnum hlutum sem snúa að tilteknum hluta heimsins, heldur ekki síður vegna þess að hún er svo sammannleg. Þegar maður uppgötvar og nýtur einhvers svona innilega, og er í senn eitthvað sem er ekki allra, þá myndar maður ákaflega sterk tengsl við það. Þannig að mér þykir vænt um samband mitt við Laxness.

En ég hafði samt alltaf verið forvitinn um menningu og mannlíf á stað eins og þessum. Ég er alinn upp í Lagos í Nígeríu í heitri mannmergðinni og andstæða eins og Ísland er því afar forvitnileg. Að ímynda sér fólk sem er alið upp við það að horfa á þennan stóra sjóndeildarhring, að horfa á fjöll og jökla er forvitnilegt og vel það. Hvernig skapar það öðruvísi manneskjur en í því umhverfi sem ég er alinn upp í? Ísland er andstæðan við það sem ég þekki og forvitnin hlaut því að vakna. Þessi andstæða við minn bakgrunn hefur hjálpað mér og eflt mig í að kynnast íslenskri menningu og list.“

> **ALMENNINGUR VILL VERA HLUTI AF LAUSNINNI OG HEFUR ÓTVÍRÆTT MUN MANNLEGRI AFSTÖÐU TIL KRÍSUNNAR EN STJÓRNVÖLD. VANDINN Í EVRÓPU ER AÐ MÍNU MATI LÝÐRÆÐISLEGUR.**

### Eins og heima hjá mér

Teju Cole á sér fleiri hliðar en skriftirnar en hann er sagnfræðingur að mennt og starfar einnig sem ljósmyndari. Hann segist gera sér grein fyrir þeim mikla áhuga sem aðrir ljósmyndarar hafa á Íslandi, landslaginu og birtunni, þó sé áhugi hans fremur annars eðlis. „Mig langar meira til þess að kanna hversdaginn, ruslatunnurnar, götuskiltin, litinn á húsunum og manneskjuna sem býr í þessu umhverfi. Nýr staður er alltaf spennandi sjónrænt séð en ég vil ekki vera fastur í hinu dæmigerða því ég er spenntari fyrir því sem tengir til dæmis Reykjavík við aðra staði í heiminum. Þannig að ég er í stöðugri leit að þessu sameiginlega og samtímalega.

Hið sama gildir um mig sem höfund. Ég er alltaf að reyna að skilja það sem við eigum sameiginlegt því það er svo auðvelt að taka það sem aðskilur okkur. Tökum mig sem dæmi, sem er alinn upp í heitu mannmörgu landi; ég get komið hingað í þetta samfélag og í raun liðið eins og ég sé heima hjá mér. Fólk á svo margt sameiginlegt og þá á ég ekki við eitthvað lítið og sætt heldur stærri myndina, bæði menningarlega og í daglegu lífi.“

### Lýðræðislegur vandi

Þetta leiðir okkur að pólitíkinni og Teju Cole hefur athyglisvert sjónarhorn á flóttamannavandann sem blasir við og vex með hverjum degi. Vandi sem er vissulega sammannlegur og hnattrænn í hans huga. „Það er ekki flóttamannavandi í Evrópu. Það er flóttamannavandi í Sýrlandi þar sem lífi fólks hefur verið snúið gjörsamlega á hvolf. Fyrir Evrópu er þetta vandamál mun fremur óþægindi en fyrir flóttamennina sjálfa er þetta svo sannarlega krísa. Mín afstaða gagnvart Evrópu í þessum efnum er að af völdum ótta og afturhaldssemi sé þetta fremur vandamál ríkisstjórna en almennings. Almenningur vill hjálpa. Almenningur vill vera hluti af lausninni og hefur ótvírætt mun mannlegri afstöðu til krísunnar en stjórnvöld. Þannig að vandinn í Evrópu er að mínu mati lýðræðislegur. Hvernig framkvæmum við vilja fólksins á stjórnvaldsstigi? Það er vandinn.

Staðan á Íslandi er lýsandi fyrir þennan lýðræðisvanda. Stjórnvöld eru varfærin og afturhaldssöm og segjast ætla að hjálpa 50 flóttamönnum. En þjóðin er í eðli sínu mannlegri en ríkisstjórnin og krefst þess að þið gerið betur og þarna hefur myndast gjá á milli vilja þjóðarinnar og vilja ríkisstjórnarinnar. Það er það sem ég á við með að vandinn sé lýðræðislegur.

Ég eyði miklum tíma í Evrópu þessa dagana og er á því að Evrópa þurfi að leita leiða til þess að vera lýðræðislegri og þá ekki síst í þeim málefnum er snúa að mannréttindum. Stjórnvöld á Íslandi geta verið leiðandi í þessum efnum með því að hlusta á vilja fólksins og láta mennskuna ráða för.“

**magnus@frettabladid.is**

# Kastalinn sveif yfir lönd

TÓNLIST

**Helgi Rafn Ingvarsson**

**Verk eftir Helga Rafn Ingvarsson í flutningi Matthildar Önnu Gísladóttur, Guðnýjar Jónasdóttur, Jonathans Larson, Helgu Þóru Björgvinsdóttur, Péturs Björnssonar og Kristínar Þóru Pétursdóttur. Kaldalón í Hörpu sunnudaginn 6. september.**

★★★★☆

Ungur maður tók sér stöðu fyrir framan áheyrendur í Kaldalóni í Hörpu á sunnudaginn. Þetta var Helgi Rafn Ingvarsson sem stundar doktorsnám í tónsmíðum við Guildhall-skólann í London. Tónleikar voru að hefjast þar sem átti að flytja fimm tónsmíðar eftir hann.

Kynningin var nokkuð sérstök. Það sem lesa má um ný tónverk í tónleikaskrám er stundum þurrt og akademískt. Torræðar lýsingar á framsögu og leiðarstefjum, tónavef og klasahljómum, fúgum og einhverju þaðan af meira óskiljanlegu. Venjulegur leikmaður skilur fæst af því. En Helgi setti tónlistina sína í allt annað samhengi. Hann bjó til fantasíu, sagði sögu af kastala sem einhver kom inn í, setti í gang, lét lyftast upp í himininn og fékk til að svífa yfir lönd. Ýmislegt bar fyrir augu og eyru, og tónlistin fjallaði um það. Þessi myndræna sena gerði að verkum að tónsmíðarnar voru auðskiljanlegar. Maður gekk inn í ævintýraheim þar sem hver einasta tónahending hafði merkingu.

Verkin voru fyrir ólíkar hljóðfærasamsetningar, fiðlu, selló, lágfiðlu eða píanó. Sellóið og píanóið var mest áberandi. Guðný Jónasdóttir spilaði á sellóið en Matthildur Anna Gísladóttir á píanóið. Sú fyrrnefnda lék tjáningarríkt og píanóleikurinn var líflegur. Hinir hljóðfæraleikararnir voru líka með allt á hreinu.

Ef þessi tónlist hefði verið flutt fyrir 20 árum, hefði Helgi verið krossfestur. Þarna voru laglínur og einfaldur taktur, meira að segja endurtekningar. Slíkt þekktist ekki þá, enda var nútímatónlist hötuð af almenningi. Sem betur fer er það ekki lengur. Helgi mun hafa byrjað tónlistarferilinn í söngnámi, sem e.t.v. skýrir áhersluna á hið lagræna í tónlist hans. Laglínurnar voru áberandi grípandi, en þó ekki eins og í popplagi. Það var ekkert banalt við tónlistina; alls konar blæbrigði komu við sögu og frásögnin var spennandi og kom á óvart.

Tónlist Helga ber sterkt höfundareinkenni. Eins og áður segir var tónmálið nokkuð hefðbundið, en ekki klisja. Helga lá mikið á hjarta, og hann fór sínar leiðir að koma meiningu sinni til skila. Ramminn kallaðist á við fortíðina, en andagiftin var alveg einstök. Það verður spennandi að fylgjast með þessu hæfileikaríka tónskáldi er fram líða stundir. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg tónlist, í senn hefðbundin og frumleg.



# Við aftökustaðinn Drekkingarhyl í Öxará

Á morgun opnar Bergþór Morthens myndlistarsýningu í Alþýðuhúsinu á Siglufirði undir yfirskriftinni Við aftökustaðinn. Bergþór Morthens er fæddur árið 1979. Hann stundaði nám í Myndlistaskólanum á Akureyri á árunum 2001-2004 og mastersnám við Valand listaakademíuna í Gautaborg 2013-2015.

Bergþór hefur unnið ötullega að list sinni og haldið bæði einka- og samsýningar, jafnt hér á landi sem erlendis. Verk Bergþórs ögra viðmiðum portrett-hefðarinnar og daðra við hið gróteska. Viðfangsefnin eru í mörgum tilfellum stjórnmálamenn og fólk í valdastöðum, máluð á hefðbundinn máta en í stað þess að upphefja viðfangsefnið er samhenginu breytt með miðlun listamannsins. Sýningin Við aftökustaðinn vísar til verks eftir Kjarval af einum alræmdasta aftökustað landsins, Drekkingarhyl í Öxará. Verkin eru fullunnin í ákveðnum stíl en svo kemur til sögunnar annar stíll, meira abstrakt og expressjónískur. Hann hylur eða eyðileggur upphaflega verkið og skírskotar til chromophobiu (ótta við liti), þess að grýta tertu í andlit einhvers í pólitískum mótmælum en vísar einnig til athafnamálverksins.

Í Alþýðuhúsinu á Siglufirði er alla jafna heitt á könnunni og þangað eru allir velkomnir. **– mg**



# Nafli alheims míns í Studio Stafni

Í dag kl. 17 opnar Rakel Steinarsdóttir nýja innsetningu í Studio Stafni á Ingólfsstræti 6 undir yfirskriftinni Nafli alheims míns. Hér er á ferðinni öflugt litaspil og pensilstrokur í anda Kristjáns Davíðssonar, nema efniviður Rakelar eru litrík föt barna hennar. Sýningin stendur yfir frá 10. til 20. september og er opin frá kl. 12-17.

Rakel Steinarsdóttir myndlistarmaður er fædd 1965. Hún stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, École supérieure des arts décoratifs de Strasbourg og Edinburgh College of Art.

Hún byggir gjarnan verk sín á innsetningum í rými þar sem umfjöllunarefnið eru ýmiss konar hversdagslegir hlutir sem eru hluti af ferli eða hringrás sem er skráð eða varðveitt og sett í annað samhengi. Þannig eru verkin oftast tengd tíma, jafnvel minningum. **– mg**




Bókmenntahátíð'15

VEISLA FYRIR LESENDUR Í IÐNÓ OG NORRÆNA HÚSINU 9.–12. SEPTEMBER

Lena Andersson / Andri Snær Magnason / Maziar Bahari / Bergsveinn Birgisson / Hassan Blasim / Teju Cole / Dave Eggers / Emil Hjörvar Petersen / Halldóra Thoroddsen / Jón Gnarr / Katja Kettu / Kristín Ómarsdóttir / Pierre Lemaitre / Lilja Sigurðardóttir David Mitchell / Nanna Rögnvaldardóttir / David Nicholls / Oddný Eir Ævarsdóttir / Ófeigur Sigurðsson / Óskar Árni Óskarsson Stine Pilgaard / Kim Stanley Robinson / Ana María Shua / Steinunn Sigurðardóttir / Timur Vermes / Vilborg Dagbjartsdóttir Vilborg Davíðsdóttir / Danny Wattin / Yrsa Sigurðardóttir / Þórdís Gísladóttir / Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir

KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA Á WWW.BOKMENNTAHATID.IS

## BÍÓ



Myndin Krisha er ein þeirra mynda sem keppa í flokknum en hún er eftir bandaríska leikstjórann Trey Edward Shults.



Sleeping Giant segir sögu af þremur unglingsstrákum og var valin besta verk upprennandi leikstjóra á kvikmyndahátíðinni í München.

# Myndirnar í aðalverðlaunaflokki RIFF

**Tólf verk jafn margra leikstjóra keppa um Gullna lundann í ár en myndirnar eiga það sameiginlegt að vera fyrsta eða annað verk leikstjóra og ögra viðteknum gildum í kvikmyndagerð. Þrestir Rúnars Rúnarssonar er meðal mynda sem keppa í þessum aðalverðlaunaflokki hátíðarinnar.**



Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, hefst með pompi og prakt þann 24. þessa mánaðar.

Í dag er tilkynnt um hvaða myndir eru í aðalverðlaunaflokki hátíðarinnar, Vitranir.

Verkin sem valin eru í flokkinn eiga það sameiginlegt að ögra viðteknum gildum í kvikmyndagerð en þær eiga það að auki sameiginlegt að vera fyrsta eða annað verk leikstjóranna. Alls keppa tólf nýir leikstjórar um aðalverðlaunin, hinn Gullna lunda, og eru allar myndirnar sýndar í fyrsta sinn á Norðurlöndum á hátíðinni.

Meðal þeirra mynda sem keppa er Krisha eftir bandaríska leikstjórann Trey Edward Shults. Myndin fjallar um Krisha, sem snýr aftur til fjölskyldu sinnar eftir langvarandi baráttu við Bakkus og afleiðingarnar sem endurkoma hennar hefur á fjölskylduna. Myndin vann til dómnefndar- og áhorfendaverðlauna á South by Southwest-hátíðinni í ár.

Þrestir eftir Rúnar Rúnarsson verður frumsýnd á Íslandi á hátíðinni í ár og tekur einnig þátt í keppnisflokknum. Rúnar er ekki ókunnur flokknum en hann hlaut Gullna lundann árið 2011 fyrir myndina Eldfjall.

Einnig verður kanadíska myndin Sleeping Giant eftir Andrew Cividino sýnd. Hún segir frá unglingspilti sem kynnist tveimur frændum í sumarfríi en þegar hann kemst að sársaukafullu leyndarmáli reynir á vinskapinn. Myndin var valin besta verk upprennandi leikstjóra á kvikmyndahátíðinni í München.

Að loknum sýningum á myndunum munu leikstjórarnir sitja fyrir svörum.

Formaður dómnefndar í ár er Frederik Boyer, sem starfar sem listrænn stjórnandi kvikmyndahátíðarinnar í Tribeca og Les Arcs í Frakklandi, Agnes Johansen kvikmyndaframleiðandi, Laufey Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Kvikmyndamiðstöðvar, Dagmar Borelle og Paola Corvino.

### Myndirnar sem keppa um Gullna lundann

**As I Open My Eyes/ A peine j'ouvre les yeux**
Leyla Bouzid FRA/TUN/BEL/ARE

**Babai**
Visar Morina KOS/DEU

**Barash**
Michal Vinik ISR

**Krisha**
Trey Edward Shults USA

**Mediterranea**
Jonas Carpignano ITA/FRA/USA/DEU/QAT

**Motherland / Ana Yurdu**
Senem Tüzen TUR/GRC

**Sleeping Giant**
Andrew Cividino CAN

**Slow West**
John McClean GBR/NZL

**Þrestir**
Rúnar Rúnarsson ICE/DEN/CRO

**The Here After / Efterskalv**
Magnus von Horn SWE/POL

**We Monsters / Wir Monster**
Sebastian Ko GER

**Wednesday May 9 / Chaharshanbeh, 19 Orbibehesht**
Vahid Jalilvand IRA

## Frumsýningar



**LOVE & MERCY**
Drama
Aðalhlutverk: John Cusack, Paul Dano, Elizabeth Banks, Paul Giamatti og Kenny Wormald.
Frumsýnd: 11. september.

## Endurlifir ást sína á tölvuleikjum



**Breski leikarinn Daniel Radcliffe sagði í viðtali á dögunum að hans nýjasta hlutverk, í þáttaröðinni The Gamechangers, hefði fengið hann til þess að endurlifa ást sína á tölvuleikjum.**

**Myndin segir söguna á bak við tölvuleikinn Grand Theft Auto sem margir kannast sjálfsagt við og viðurkenndi Radcliffe að hlutverkið hefði veitt honum fullkomið tækifæri til þess að endurlífga leikjaáhuga sinn og að hann hefði spilað leikinn talsvert mikið á síðustu árum.**

**Þættirnir verða frumsýndir á BBC þann 15. september næstkomandi.**

## Lagði allt í lagið



**Nýlega var tilkynnt að breski söngvarinn Sam Smith myndi semja og flytja lagið fyrir nýjustu Bondmyndina, Spectre.**

**Lagið mun bera nafnið Writing's on the Wall en fram til þessa hafa tónlistarmenn á borð við Jack White, Adele, Bono og Madonnu samið lög fyrir njósnarann knáa.**

**Smith er ánægður með lagið og sagði í viðtali að hann hefði lagt allt sitt í það og að hann legði áherslu á það í tónlistarsköpun sinni að**






HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989


THE SCENT
BOSS
HUGO BOSS
BOSS
HUGO BOSS
THE SCENT
THE NEW FRAGRANCE FOR MEN

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SELF/LESS VIP | KL. 5:30 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP | KL. 8 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:30 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| SELF/LESS | KL. 8 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 8 - 10:30 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | KL. 10:10 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SELF/LESS | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 7:40 - 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:20 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| SELF/LESS | KL. 8 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 8 - 10:10 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| NO ESCAPE | 5:45, 8, 10:15 |
| TRANSPORTER REFUELED | 8, 10:20 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 5, 10:10 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6 |
| THE GIFT | 8 |

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur



Systkinin Fanney, Óskar Henning og Sigurður Valgarðsbörn standa fyrir listasýningunni Fimir fingur. Fréttablaðið/AntonBrink

## 9. SEPTEMBER 2015

## Listir

**Hvað?** Listasýningin Fimir fingur
**Hvenær?** 8.00-18.00
**Hvar?** Boginn, Gerðubergi.
Systkinin Fanney, Óskar Henning og Sigurður Valgarðsbörn standa fyrir listasýningu í Gerðubergi. Má með sanni segja að systkinin séu listræn, en þau sýna til dæmis kríur unnar úr þorskbeinum, silfurskartgripi, tréútskurð og myndlist. „Við viljum endilega fá fólk til að koma og kíkja á okkur, mér finnst þetta fjandi merkilegt hjá okkur systkinunum," segir Óskar léttur í lund. Allir eru hjartanlega velkomnir í Gerðubergið, en sýningin verður í gangi til 27. september næstkomandi. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Eva Ingó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2.
Fiðlusnillingurinn Eva Ingó hefur spilað í stórum tónlistarhöllum víða um heim en nú ætlar hún að heiðra gesti Mengis með nærveru sinni og spila af sinni alkunnu snilld. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

**Hvað?** Bangsavættir
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Listakonan Kathy Clark stendur fyrir sýningunni Bangsavættir, þar sem uppistaðan í innsetningunni eru leikföng sem áður voru í eigu annarra. Um er að ræða þúsundir bangsa, sem listakonan hefur farið ómildum höndum um og umbreytt. Býður Kathy gestum inn í sannkallaðan bangsaheim, þar sem ekki er allt sem sýnist.

**Hvað?** Út á spássíuna
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Sýningin byggir á textum, skissum og pári í list Jóhannesar Kjarval, einhvers ástsælasta listmálara okkar Íslendinga.

**Hvað?** Listhneigð Ásmundar Sveinssonar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Meðal verka á Ásmundarsafni eru höggmyndir sem Ásmundur gerði sem nemandi við sænsku ríkisakademíuna. Síðar komu verk sem lofsyngja íslenska alþýðu, sagnir og náttúru og loks er í safninu fjöldi abstraktverka sem listamaðurinn vann á síðustu áratugum ævi sinnar, en hann var á meðal frumkvöðla í íslenskri höggmyndalist.

**Hvað?** Nafli alheims míns
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Studio Stafn, Ingólfsstræti 6
Í dag opnar Rakel Steinarsdóttir nýja innsetningu í Studio Stafni, en hér er á ferðinni öflugt litaspil og pensilstrokur í anda Kristjáns Davíðssonar, nema efniviður Rakelar eru litrík föt barna hennar. Rakel Steinarsdóttir er myndlistarmaður og stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, École supérieure des arts décoratifs de Strasbourg og Edinburgh College of Art. Hún byggir gjarnan verk sín á innsetningum í rými þar sem umfjöllunarefnið er ýmiss konar hversdagslegir hlutir sem eru hluti af ferli eða hringrás sem er skráð eða varðveitt og sett í annað samhengi. Þannig eru verkin oftast tengd tíma, jafnvel minningum. Sýningin stendur yfir í tíu daga.



**Hvað?** Bríet
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Dansverkið Bríet var nýlega frumsýnt á Reykjavík Dance Festival og heldur nú áfram í Tjarnarbíói. Verkið er samið til heiðurs Bríeti Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindakonu, og er byggt á ævi Bríetar. Innblásturinn hefur aðallega verið sóttur í hennar persónulegu sögur, auk heimilda um afrek hennar innan kvenréttindabaráttunnar. Höfundur verksins er Anna Kolfinna Kuran í samstarfi við færar listakonur. Aðgangur 2.200 krónur.

## Uppistand

**Hvað?** Góðgerðaruppistand fyrir Barnaspítalann
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Á hverju ári stendur Uppistand.is eða Comedy klúbburinn fyrir styrktarsamkomu til styrktar Barnaspítalanum þar sem allur ágóði rennur beint til spítalans. Í ár verður þéttskipuð dagskrá uppistandara sem kitla hláturtaugarnar rækilega, en þeir eru Þorsteinn Guðmundsson, Alma Geirdal og Darren Foreman. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Magnús R. Einarsson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8
Magnús R. Einarsson heldur tónleika í kvöld, aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Dj Steindór Jónsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Plötusnúðurinn Dj Steindór Jónsson heldur uppi stuðinu á Kaffibarnum í kvöld, aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj Óli Dóri mun þeyta skífum á Bravó í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Arngunnur spilar Mozart
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborgarsalur Hörpu
Konsertinn er nú fluttur af Arngunni Árnadóttur sem tók við stöðu leiðandi klarínettleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2012. Stjórnandi er Cornelius Meister. Miðaverð á harpa.is.

**Hvað?** Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Háskólasvæðið í Vatnsmýri
Árleg Októberfestgleði Stúdentaráðs Háskóla Íslands fer af stað í dag og stendur yfir alla helgina. Í kvöld stíga á svið þau Soffía Björg, Fufanu, Júníus Meyvant, Moses Hightower Kiriyama Family, Agent Fresco og DJ Danni Deluxe. Miðasala fer fram á midi.is.

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um samsýninguna Haust
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið Akureyri
Þau Bergþór Morthens og Þórgunnur Oddsdóttir munu ásamt Hlyni Hallssyni, safnstjóra Listasafnsins, taka á móti gestum í dag og fræða þá um sýninguna og einstaka verk. Þeir listamenn sem taka þátt í haustsýningunni vinna með ólíka miðla og aðferðir, sem dæmi má nefna málverk, innsetningar, vídeóverk, leirverk, skúlptúra og ljósmyndir. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Best of Laddi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó
Laddi býður gestum Gamla bíós upp á BEST OF. Um er að ræða bestu atriðin úr sýningunum Laddi 6-tugur og Laddi lengir lífið sem báðar slógu rækilega í gegn á meðal Íslendinga. Miðasala á midi.is.

# PEPSI OG MUFFIN

*Ljúffeng tvenna sem er alltaf góð*




**FRÁBÆRT TVENNU-TILBOÐ**

**249**

**PEPSI EÐA PEPSI MAX OG MUFFIN**

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



**19:55**
**MATARGLEÐI EVU**
Í þessum þætti ferðast Eva Laufey í huganum til Mexíkó og eldar bragðmikla og litríka dýrindis rétti. Nachos flögur með lárperumauki og salsa, pulled pork og fiskitacos með öllu tilheyrandi. Í eftirrétt eru svo litlar unaðslegar marengskökur með grískri jógúrt og ferskum berjum.
***Uppskriftir úr þáttunum eru á visir.is/matur***

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**20:20**
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast um hylli dómnefndarinnar.



**21:00**
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**21:45**
**TYRANT**
Hörkuspennandi þáttaröð um afar venjulega bandaríska fjölskyldu sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.




**22:00**
**INSIDIOUS**
Spennutryllir um Lambert fjölskylduna sem flytur í nýtt hús og óhugnanlegir hlutir fara að gerast.



**21:45**
**THE SOPRANOS**
Magnaður verðlaunaþáttur þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi sem er ekki alltaf til fyrirmyndar.




Krakkastöðin **07:00-20:30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** 60 mínútur
**10.20** The Doctors
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Dads
**11.45** Undateable
**12.10** Á fullu gazi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Austin Powers in Goldmember
**14.50** My Girl
**16.30** Ninja-skjaldbökurnar
**16.55** iCarly
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Fóstbræður Fóstbræður eru mættir aftur til leiks. Drepfyndin þáttaröð með Sigurjóni Kjartanssyni, Jóni Gnarr, Helgu Brögu Jónsdóttur, Þorsteini Guðmundssyni og Gunnari Jónssyni. Leikstjóri er Ragnar Bragason.
**19.55** Matargleði Evu
**20.20** Masterchef USA
**21.00** NCIS
**21.45** Tyrant Önnur röðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og stórhættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum
**22.40** Death Row Stories
**23.20** Rizzoli & Isles
**00.05** The Third Eye
**00.50** X Company
**01.35** The Mortal Instrument. City of Bones
**03.40** Austin Powers in Goldmember
**05.15** Fréttir og Ísland í dag



Masterchef USA, 20.20

## SPORT
**09.50** Finnland - Færeyjar
**11.30** Euro 2016 - Markaþáttur
**12.25** Armenía - Danmörk
**14.05** Real Madrid - Real Betis
**15.45** Spænsku mörkin 2015/2016
**16.15** Ísland - Kazakhstan
**18.05** Euro 2016 - Markaþáttur
**18.55** Tyrkland - Holland
**20.35** Formúla 1 2015 - Ítalía
**22.55** Noregur - Króatía
**00.35** Lettland - Tékkland

## SPORT 2
**11.00** Newcastle - Arsenal
**12.40** Chelsea - Crystal Palace
**14.30** Man. City - Watford
**16.10** Messan
**17.30** Skotland - Þýskaland
**19.10** Euro 2016 - Markaþáttur
**20.00** Premier League World 2014/
**20.30** England - Sviss
**22.10** Goðsagnir Tryggvi Guðmundsson
**23.05** San Marino - England

## GOLFSTÖÐIN
**08.00** PGA Tour 2015
**14.30** Golfing World 2015
**15.20** 2014 FedExCup Playoffs Official
**16.10** PGA Tour 2015 - Highlights
**17.05** Inside the PGA Tour 2015
**17.30** PGA Tour 2015
**22.30** Inside the PGA Tour 2015
**22.55** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 3
**19.00** Glee
**19.45** Last Man Standing
**20.05** Cristela
**20.30** Sirens
**20.55** Witches of East End Skemmtilegir og dulmagnaðir þættir um tvær systur sem hafa hingað til lifað eðlilegu lífi en það breytist skyndilega þegar móðir þeirra upplýsir þær um að þær eru í raun afar máttugar og ódauðlegar nornir.
**21.35** Supernatural
**22.20** Grimm
**23.05** In the Flesh
**00.00** Cristela
**00.20** Sirens
**00.45** Witches of East End
**01.25** Supernatural
**02.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN



Latibær, 11.25

**07.00** Ævintýri Tinna
**07.25** Latibær
**07.47** Zigby
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Hókus Pókus
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Tommi og Jenni
**09.55** UKI
**10.00** Brunabílarnir
**10.22** Lukku láki
**10.47** Stóri og Litli
**11.00** Ævintýri Tinna
**11.25** Latibær
**11.47** Zigby
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Hókus Pókus
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Tommi og Jenni
**13.55** UKI
**14.00** Brunabílarnir
**14.22** Lukku láki
**14.47** Stóri og Litli
**15.00** Ævintýri Tinna
**15.25** Latibær
**15.47** Zigby
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Hókus Pókus
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Tommi og Jenni
**17.55** UKI
**18.00** Brunabílarnir
**18.22** Lukku láki
**18.47** Stóri og Litli
**19.00** Gnómeó og Júlía

## GULLSTÖÐIN
**16.15** Strákarnir
**16.45** Friends
**17.10** New Girl
**17.35** Modern Family
**17.55** How I Met Your Mother
**18.20** Ally McBeal
**19.10** Cold Feet
**20.00** Shetland
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** The Sopranos
**22.35** It's Always Sunny in Philadelphia
**22.55** Footballers' Wives
**23.45** Ally McBeal
**00.30** Cold Feet
**01.20** Shetland
**02.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN
**12.15** Dodgeball A True Underdog Story
**13.50** James Dean
**15.25** Grown Ups 2
**17.05** Dodgeball A True Underdog Story
**18.40** James Dean Dramatísk mynd um líf hins goðsagnarkennda kvikmyndaleikara James Dean.
**20.15** Grown Ups 2
**22.00** Insidious
**23.45** Tomorrow When the War Began Dramatísk spennumynd um hóp menntaskólakrakka sem mynda sérstök bönd og snúa bökum saman í baráttunni við óvelkomna gesti utan úr geimnum sem hyggja á alger yfirráð á jörðinni.
**01.25** Rob Roy
**03.40** Insidious

## RÚV
**15.30** Þýskaland-Spánn Bein útsending
**17.20** Táknmálsfréttir
**17.28** Sveppir
**17.35** Kafteinn Karl
**17.47** Vinabær Danna tígurs
**18.00** Fréttir
**18.20** Íþróttir
**18.25** Veður
**18.30** EM stofa
**18.50** Tyrkland-Ísland Bein útsending frá leik Íslands og Tyrklands í lokakeppni Evrópumótsins í körfubolta. Leikið er í Berlín.
**20.45** EM stofa
**21.05** Kastljós
**21.35** Best í Brooklyn
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir
**22.25** EM stofa
**22.45** Glæpahneigð
**23.25** Ferkantað líf
**00.20** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.10** Dagskrárlok

## SKJÁREINN
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.06** The Biggest Loser
**09.48** The Biggest Loser
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.49** Dr. Phil
**14.31** Growing Up Fisher
**14.53** America's Next Top Model
**15.39** Survivor
**16.22** Solsidan
**16.45** Men at Work
**17.08** Catfish
**17.51** Dr. Phil
**18.33** The Talk
**19.12** Hotel Hell
**19.55** The Royal Family Sænskir grínþættir um vinalega konungsfjölskyldu sem glímir við sambærileg vandamál og við hin ... bara á aðeins ýktari hátt. Þættirnir fjalla um hinn elskulega en einfalda Svíakonung Eric IV og fjölskyldu hans sem reyna eftir fremsta megni að sinna konunglegum skyldum sínum í takt við væntingar samfélagsins.
**20.15** Royal Pains
**21.00** Agents of S.H.I.E.L.D.
**21.45** Extant
**22.30** Scandal Fjórða þáttaröðin af Scandal er byrjuð með Olivia Pope (Kerry Washington) í fararbroddi. Scandal-þáttaraðirnar eru byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky en hún leggur allt í sölurnar til að vernda og fegra ímynd hástéttarinnar í Washington.
**23.15** Law & Order. UK
**00.00** Secrets and Lies
**00.45** Hannibal
**01.30** Agents of S.H.I.E.L.D.
**02.15** Grilled
**03.40** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



**Borðlampi,** krómskermur með rauðri rós, 39 cm.

**4.995** kr.

52238056
Almennt verð: 6.995 kr.



**DERBY borðlampi,** flex Turkis, E14.

**3.495** kr.

52238067
Almennt verð: 4.495 kr.




**Skrautperur,** margar gerðir, E27/E14, 40W.

**995** kr.

52238032-5
Almennt verð: 1.295 kr.

# LÝSUM UPP TILVERUNA



**ELEMENTS** útiljós, I P44 hvítt.

**3.995** kr.

52257623
Almennt verð: 4.995 kr.



**MASSIVE** kastari GU10, 50W.

**795** kr.

52245494
Almennt verð: 995 kr.



**BRILONER 3** kastarar, gler og króm.

**2.995** kr.

52252913
Almennt verð: 3.995 kr.



**EGLO** kastari, GU10 silfurlitað.

**995** kr.

52252296



**EGLO** kastari, 4xGU10 silfurlitað.

**3.995** kr.

52252294



**EGLO** kastari, 3xGU10 silfurlitað.

**3.995** kr.

52252293



**GITTER loftljós,** svart eða kopar.

**4.995** kr.

52238125-6
Almennt verð: 5.995 kr.



**Útiljós,** lýsir upp og niður, svart IP54.

**7.995** kr.

52251020
Almennt verð: 9.995 kr.

ÚTI- OG INNILJÓS



**CONFORM EGLO,** útiljós, IP44.

**5.995** kr.

52258813
Almennt verð: 6.495 kr.




FRÁBÆRT VERÐ

**KÓPAL glitra** innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.

**4.995** kr.

86620040-3737
Almennt verð: 5.965 kr.

VI-KO



**VIKO** tengill.
54428042

**VIKO** samrofi.
54428004

**VIKO** dimmer 600W.
54428020

**VIKO** tvöfaldur tengill í dós.
54428056

## 25% AFSLÁTTUR
RAFLAGNAEFNI



**VIKO** rakaheldur tengill og rofi.
54428581

**VIKO** rakaheldur rofi.
54428501

**VIKO** rakaheldur tengill, ljósgrár.
54428508

**VIKO** rakaheldur tvöfaldur tengill, drapp.
54428513

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Gildir frá 10. - 14. september

# Með æviráðningu hjá Svavari Knúti



Dagbjört Lilja Svavarsdóttir er sautján ára gömul og hefur séð um að myndskreyta plötur pabba síns síðan hún var níu ára gömul, og sér ekki fram á að hætta.

„Ég man að mér fannst alveg ofboðslega gaman að vera beðin um að teikna fyrir hann og síðan gekk þetta bara svo vel að það var ákveðið að setja myndina á umslagið,“ segir Dagbjört, aðspurð um upphaf ferils hennar sem hirðteiknari föður síns, þá aðeins níu ára gömul. „Ég man samt ekki nákvæmlega hvað kom til en ég hafði alltaf haft mjög gaman af því að teikna og mála og ég held að pabba hafi bara þótt þetta svona tilvalið.“

Dagbjört segir vissulega gaman að sjá hvernig hún hafi þroskast sem listamaður í gegnum árin og plötuumslögin því nánast eins konar þroskasaga listakonu. „Mér hefur þótt þetta ofboðslega skemmtilegt verkefni að vinna með pabba, og get eiginlega ekki valið neina eina mynd sem ég held meira upp á í samanburði við hinar,“ útskýrir Dagbjört en skýtur að: „Mér þykir þó vænst um elsta umslagið, það er að segja fyrstu myndina sem ég teiknaði fyrir Kvöldvöku 2009, vegna þess að hún var sú fyrsta á ferlinum og vegna þess að þar sé ég skýrt breytinguna á mér sem listamanni. Reyndar er ég frekar stolt af málverkinu sem ég gerði fyrir vínylútgáfuna af plötunni Brot sem kemur út í október.“

Aðspurð um hvort pabbi hennar sé harður í horn að taka og hvort hann geri skýra kröfu um að hann sé teiknaður á umslögin, skellir okkar kona upp úr og segir svo ekki vera. „Ég bið alltaf um smá leiðbeiningar frá honum þar sem þetta er fyrst og fremst hans plata og svo vinn ég út frá þessu á minn hátt.“

Dagbjört, sem er nemandi við Menntaskólann í Reykjavík, segist þó ekki ætla sér að feta listabrautina af fullum þunga, því að lokinni menntaskólagöngunni sé stefnan tekin á læknisfræði.

„En ætli ég sjái ekki um plöturnar fyrir pabba, ég held að þessi samvinna sé okkur báðum mjög mikilvæg. Svo finnst mér líka skipta máli að gefa sjálfri mér tíma til að teikna og mála,“ segir þessi hæfileikaríka unga kona að lokum.

gudrun@frettabladid.is

Dagbjört hefur alla tíð haft gaman af því að teikna og mála.




Dagbjört er frekar stolt af þessu málverki sem prýðir vínylútgáfu plötunnar Brot.



Umslagið teiknaði Dagbjört árið 2009.

## Frægir í nærmynd Jake Gyllenhaal





**Í góðum gír.**

**Nafn** Jacob Benjamin Gyllenhaal
**Listamannanafn** Jake Gyllenhaal
**Fæðingardagur** 19. desember 1980
**Staður** Los Angeles, Kalifornía, Bandaríkin

**Það má með sanni segja að Jake hafi fæðst inn í kvikmyndaheiminn en faðir hans er Stephen Gyllenhaal og móðir hans er handritshöfundurinn Naomi Foner. Hann fékk oft aukahlutverk í kvikmyndum föður síns þegar hann var ungur. Ein af fyrstu myndunum þar sem hann fór með aðalhlutverk var kvikmyndin Donnie Darko en hann sló rækilega í gegn í þeirri mynd. Eftir það hefur hann aðeins verið í stórum hlutverkum í stórmyndum og er með einn öfundsverðasta leiklistarferilinn í Hollywood í dag. Hann leikur í Everest sem Baltasar Kormákur leikstýrir.**



Jake hefur verið á föstu með Kirsten Dunst, Reese Witherspoon og Taylor Swift en talið er að Taylor hafi samið lag um hann þegar þau hættu saman. Hann segist hafa mikinn áhuga á pólitík og hefur tekið þátt í verkefnum sem standa að því að fá ungt fólk til þess að kjósa. Eftir að hann lék í The Day After Tomorrow sem fjallar um hlýnun jarðar fór hann á Suðurskautslandið þar sem hann tók þátt í því að vekja athygli á þeim málum.



# Taylor Swift er áhrifamest samkvæmt Vanity Fair





Taylor og Calvin Harris eru eitt tekjuhæsta parið í Hollywood samkvæmt Forbes.

Bandaríska tímaritið Vanity Fair gaf í gær út lista yfir áhrifamestu stjörnurnar í heiminum í dag. Efst á lista er söngkonan Taylor Swift. Til þess að útskýra veru hennar á toppnum er bent á að hún fékk eitt stærsta og áhrifamesta fyrirtæki heims, Apple, til þess að breyta reglugerð sinni um nýju tónlistarveituna þeirra. Skipun hennar á listanum hefur vakið mikla athygli enda er vanalegast hátt sett fólk í pólitík og öðrum greinum sem á efstu sætin. Forstjóri Disney, Bob Iger, er í öðru sæti listans og Rupert Murdoch eru í því þriðja.

Taylor er í dag ein frægasta kona heims og slær nánast allt sem hún gerir í gegn, hvort sem það er tónlist eða uppátæki. Eins og áður kom fram hafði hún lykiláhrif á Apple þegar þau ákváðu að borga listamönnum á tónlistarveitunni sinni á meðan hlustendur fengu fyrstu þrjá mánuðina fría. Það selst upp á svipstundu á alla tónleika sem hún heldur og platan sem hún gaf út á seinasta ári var sú mest selda það árið. Hún á í einlægu sambandi við aðdáendur sína og hefur mikil áhrif á tísku og tónlistarmenningu.

netto
þræsingar & kostakjör

IRONMAXX

# 25%
AFSLÁTTUR

100% WHEY PRÓTEIN
900G, 5TEG
~~ÁÐUR 4.790 KR/STK~~
**3.593** KR/STK

ARGININE SIMPLEX FLJÓTANDI
6500 1000ML
~~ÁÐUR 4.998 KR/STK~~
**3.749** KR/STK

HOTRIDE KOLVETNIS-
BLANDA 900G
~~ÁÐUR4.698KR/STK~~
**3.524** KR/STK

## HÁGÆÐA-
VÖRUR

AMÍNOCRAFT FLJÓTANDI
1000ML
~~3.698 KR/STK~~
**2.774** KR/STK

HELLF.FATBURNER DRINK
500ML WILDBERRY
ÁÐUR 298 KR/STK
**224** KR/STK

## MIKIÐ ÚRVAL
## IRONMAXX
*fæðubótarefna*
Í NETTÓ

ARGININE SIMPLEX
800G
~~ÁÐUR 3.698 KR/STK~~
**2.774** KR/STK

MULTÍVÍTAMÍN 130STK
~~ÁÐUR 2.898 KR/STK~~
**2.174** KR/STK

BCAAÞS M/GLUTAMÍNI 130STK
CREABOLIKUM KREATÍN 130STK
~~ÁÐUR 3.498 KR/STK~~
**2.624** KR/STK

## FYRIR ALVÖRU
*íþróttaiðkendur*

ZINC PRO 150STK
~~ÁÐUR 2.898 KR/STK~~
**2.174** KR/STK

B VÍTAMÍN BIOACTIVE 150STK
C VÍTAMÍN 1000 100STK
D VÍTAMÍN BIOACTIVE 150STK
~~ÁÐUR 2.798 KR/STK~~
**2.099** KR/STK

HRISTARI PRO 750ML
MISMUNANDI LITIR
**1.099** KR/STK

PRÓTEINSTYKKI, 35 GR
~~ÁÐUR 29 KR/STK~~
**187** KR/STK

IMPERIUS PROTEINBARIR, 35 GR
~~ÁÐUR 489 KR/STK~~
**367** KR/STK



Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari hefur fundið fyrir miklum velvilja frá þjóðinni þó hann skilji ekki tungumálið. Fréttablaðið/Anton Brink

# Kurteis töffari af gamla skólanum sem vill engar húfur innandyra

Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck ræðir um lífið, Zlatan Ibrahimovic og hvað honum finnst um það að vera með kaffibolla á fundum.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is



Afsplappaður Lars Lagerbäck mætir mér á Hilton hótelinu í Reykjavík, á týpískum íslenskum haustdegi. Lars er í inniskóm og íþróttabuxum og réttir fram hægri hönd sína og kynnir sig, kurteisin uppmáluð, eins og hann kemur alltaf fyrir.

Við setjumst niður og byrjum strax að ræða um lífið og tilveruna. Lars byrjar að spyrja um mig en fljótlega færist talið yfir í fótboltann og lífsskoðanir hans. Lars segir að hann sé líklega af gamla skólanum, allavega finnist konunni hans það. Hann trúir ekki á að setja of mikið af reglum fyrir liðin sem hann þjálfar, því honum er illa við að refsa leikmönnum. Hann segir mér líka frá sambandi sínu við Zlatan Ibrahimovic, einn besta knattspyrnumann heims, en sem Lars þurfti eitt sinn að reka úr liðinu. Lars hefur líka miklar kenningar um hugarfar Íslendinga og hefur fundið nokkur þjóðareinkenni sem hann hefur velt nokkuð fyrir sér.

**Engar húfur inni**

„Mér er illa við að vera með of margar reglur fyrir liðin sem ég þjálfa. Reglum fylgja refsingar og mér er illa við að refsa mönnum. Ég trúi miklu frekar á viðmið og vil helst að leikmenn ákveði sjálfir hver viðmið liðsins eru; að þeir ákveði sjálfir hvað sé viðeigandi hegðun,“ segir Lars þegar hann er spurður út í hvernig hann haldi aga á liðinu.

Lars, sem er 67 ára, segist alls ekki eiga erfitt með að ná til landsliðsstrákanna sem eru flestir á þrítugsaldri. En hann reynir að hafa áhrif á hegðun þeirra eins og hann getur. „Konan mín segir mér samt að ég sé gamaldags,“ segir hann hlæjandi og fer beint í að útskýra af hverju: „Til dæmis þegar liðið hittist einhvers staðar innandyra þá vil ég ekki að þeir séu með húfur eða hatta. Mér finnst það vera vanvirðing. Og þegar ég byrjaði að þjálfa liðið mættu þeir líka oft með kaffibolla á liðsfundi. Ég skildi ekki af hverju þeir voru með kaffi, ef þú ert að drekka kaffi á fundum, þá ertu ekki að einbeita þér. Konan mín hefur sagt mér að hætta þessari vitleysu. En ég vil bara hvetja þá til að gera rétt.“

**Tölum ekki um úrslit**

Það er greinilegt að smáatriðin skipta Lars miklu máli. Það að mæta með kaffibolla á fundi tengist inn í stærra mengi og er hluti af nálgun Lars á knattspyrnuna og, að því er virðist, lífið sjálft. Hegðun leikmanna og þjálfara skiptir hann gríðarlegu máli, bæði hvað er sagt og hvað er ekki sagt. „Til dæmis tölum við aldrei um hvernig við vonum að úrslit leikja verði. Við tölum bara um að leggja okkur hundrað prósent fram í öllum leikjum og bara í öllu sem við gerum. Þegar ég tók við liðinu heyrði ég sögur, sem ég veit ekki endilega hvort séu sannar, um að menn hefðu verið að skemmta sér eitthvað í keppnisferðum og að menn væru ekki nógu einbeittir í kringum leikina. Ég sagði þeim strax í upphafi að við ættum að vinna okkur inn virðingu. Hluti af því að vera gott lið er að njóta virðingar, bæði fólksins og andstæðinganna. Þannig að þó ég sé 40 árum eldri á ég í góðu sambandi við strákana í liðinu. Það skiptir ekki máli hvort þeir eru tvítugir eða 37 ára eins og Eiður Smári. Það eina sem skiptir máli er að þeir viti af hverju við gerum hlutina á tiltekinn hátt, að þeir skilji ástæðurnar fyrir viðmiðum okkar bæði innan og utan vallar. Upplýsingarnar eru lykilatriði í þessu.“

**Skógarbóndi með gott gildismat**

„Ég var alinn upp á bóndabæ, pabbi minn var skógarbóndi. Hann keypti skóg sem ég erfði eftir foreldra mína. Ég elska að vera þar. Mér þykir frábært að vera þar, sérstaklega eftir því sem ég eldist.“

Lars þakkar foreldrum sínum fyrir að hafa gefið sér góð gildi í vöggugjöf, til dæmis vinnusemi. „Pabbi minn lét mig hjálpa til við ýmislegt, þó svo að ég hafi ekki alltaf viljað það. Mig langaði frekar að vera í hokkí eða fótbolta. Ég þurfti að fórna því og hjálpa til, sem ég er þakklátur fyrir.“

Að lokinni herskyldu fór Lars í háskóla þar sem hann nam stjórnmálafræði og sögu og lauk BA-gráðu. Hann hóf að leika knattspyrnu með litlu sænsku liði að nafni Gimonäs CK og var ráðinn í fullt starf hjá liðinu sem íþróttastjóri og yfirþjálfari yngri flokka. „Þjálfarinn minn þar starfaði fyrir sænska knattspyrnusambandið og hvatti mig til þess að sækja mér menntun í þjálfun. Ég lét þá gamlan draum rætast og skráði mig í íþróttaháskóla.“

**ÉG VEIT EKKI HVERNIG ÉG ORÐAÐI ÞETTA. EN ÞAÐ SEM ÉG MEINTI VAR AÐ ÉG HEF LÆRT ÞAÐ Í LÍFINU AÐ LOKA ENGUM DYRUM. MAÐUR VEIT ALDREI HVAÐ FRAMTÍÐIN BER Í SKAUTI SÉR. EN ÞAÐ KÆMI MÉR MJÖG Á ÓVART, EF ÉG HÉLDI ÁFRAM MEÐ LIÐIÐ.**

Þar kynntist hann góðvini sínum Roland Andersson, en þeir félagarnir hafa starfað saman hjá sænska landsliðinu, því nígeríska og nú því íslenska. Roland er njósnari fyrir Lars, skoðar andstæðingana. „Þegar ég skrifaði undir hjá KSÍ sagðist ég vilja fá að velja mér njósnara sjálfur. Ég vildi fá Roland, því ég treysti honum fullkomlega og við skiljum hvor annan ótrúlega vel. Roland skrifar ítarlegar skýrslur um andstæðinga okkar, sem gagnast okkur ótrúlega vel.“

**Dýrkunin**

Undanfarna viku hefur mikil umræða spunnist um hver það var sem átti hugmyndina að því að Lars kæmi og þjálfaði íslenska landsliðið. Í þeirri umræðu kristallast sú staðreynd að íslenska þjóðin heldur mikið upp á Lars; hálfpartinn dýrkar hann. Fjölmiðlar landsins þökkuðu honum persónulega fyrir árangurinn og margir hafa sagt í hálfkæringi að hann ætti að bjóða sig fram til forseta. Í þeim hópi var meðal annars Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi ráðherra. Lars segist hafa fundið fyrir þessum einstaklega mikla velvilja, þó svo að hann skilji ekki tungumálið. „Svona hefur auðvitað áhrif á mann. Maður tekur eftir svona og þetta þykir mér vera mjög jákvætt. Eftir fjölmörg ár í atvinnumennsku er ég kominn með svolítið þykkan skráp. En þessi jákvæðni hefur náð í gegn. Mér finnst líka gaman að vinna með íslenskum fjölmiðlum. Í Svíþjóð og í öðrum löndum sem ég hef unnið í hafa sumir fjölmiðlarnir meiri áhuga á að búa til einhvern skandal.“

Hann segir íslenska fjölmiðla áhugasamari um liðið sjálft og knattspyrnuna. „Ég met það mjög mikils. Mér finnst líka svo gaman að sjá hvað Íslendingar standa alltaf saman. Ísland er auðvitað lítil þjóð og þið virðist alltaf geta stutt hvert annað. Til dæmis vorum við á keppnisferðalagi þegar Eurovision fór fram. Nánast allir strákarnir í liðinu fylgdust með keppninni og studdu íslenska keppandann. Það skiptir ekki máli hver er að keppa í hverju, þjóðin styður hann af krafti. Mér finnst mjög gott að finna fyrir þessum stuðningi. En ég vona að hann hafi ekki þannig áhrif á mig að hann breyti mér, sem ég efast reyndar um.“

**Ekki viss um hvað hann sagði**

Eftir að hafa rætt við Lars í dágóða stund áttar maður sig á að hann er kannski ekki alveg eins og hann virkar í sjónvarpsviðtölum. Hann er meiri töffari en maður sér hann kannski fyrir sér í sjónvarpinu. Ákveðni hans skín í gegn í bland við sjálfsöryggi og er mikil vigt í hverju orði sem hann lætur frá sér. Þegar ég spyr hann um orð hans í Kastljósi, þar sem hann útilokaði ekki að halda áfram með liðið eftir Evrópukeppnina, brosir hann. „Ég veit ekki hvernig ég orðaði þetta. En það sem ég meinti var að ég hef lært það í lífinu að loka engum dyrum. Maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. En það kæmi mér mjög á óvart, ef ég héldi áfram með liðið. Planið er að ég hætti eftir keppnina og Heimir haldi áfram með liðið.“

Hann segist ekki vita hvað hann ætlar að gera eftir Evrópukeppnina og segir allt eins líklegt að hann hætti að þjálfa. En þó er alltaf stutt í atvinnumanninn í Lars: „Mér finnst mjög gaman að þjálfa og mun skoða allt sem kemur upp. Hvort sem það verður KSÍ, eða danska knattspyrnusambandið, það norska eða bara hvað sem er.“

Lars segir samstarfið við Heimi hafa gengið vel og telur að hann eigi eftir að pluma sig sem landsliðsþjálfari. „Áður var hann bara búinn að vera með félagslið, en hefur núna fjögurra ára reynslu af landsliðsþjálfun. Hann er greindur náungi og ég held að hann muni standa sig vel. En auðvitað veit maður ekkert í raun fyrr en það reynir á hann.“

# 52 MILLJÓNIR

## DREGNAR ÚT Í HVERJUM MÁNUÐI. TRYGGÐU ÞÉR VINANÚMER!

**Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800**

SÍBS HAPPDRÆTTI

## VINNINGASKRÁ SÍBS

9. FLOKKUR 2015
ÚTDRÁTTUR 8. SEPTEMBER 2015

**Aðalvinningur**
**kr. 5.000.000**
68239

**Aukavinningar**
**kr. 100.000**
68238 68240

**Aukavinningar**
**kr. 500.000**
2807 19107 23058 35166 37947 40189 45010 50711 64047 70167

**Kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 83 | 2649 | 5833 | 8230 | 11798 | 14660 | 16737 | 17804 | 19744 | 22406 | 23536 | 26045 | 27904 | 30290 | 32196 | 34916 | 37032 | 41699 | 44829 | 47029 | 50057 | 51733 | 53582 | 57088 | 58823 | 60870 | 63789 | 67435 | 71650 | 75281 | 77201 | 79386 |
| 313 | 2812 | 5944 | 8312 | 12817 | 15056 | 17113 | 17885 | 20008 | 22561 | 23604 | 26890 | 27977 | 30372 | 32502 | 35097 | 37146 | 41702 | 45082 | 47744 | 50161 | 52256 | 53775 | 57102 | 58976 | 61554 | 64081 | 68101 | 72692 | 75297 | 77231 | 79472 |
| 676 | 3854 | 6032 | 9045 | 13338 | 15062 | 17167 | 19212 | 20605 | 22604 | 24659 | 27080 | 28370 | 30545 | 32948 | 35478 | 37700 | 41976 | 45388 | 47933 | 50555 | 52319 | 54671 | 57405 | 59076 | 61771 | 64589 | 68412 | 73096 | 75603 | 77236 | |
| 781 | 4083 | 6378 | 10248 | 13622 | 15317 | 17296 | 19349 | 20963 | 23062 | 24783 | 27434 | 28834 | 30686 | 33121 | 35485 | 38597 | 43269 | 45697 | 47942 | 51088 | 52330 | 55004 | 57590 | 59548 | 62182 | 65327 | 68534 | 73818 | 75607 | 78413 | |
| 1169 | 4850 | 7148 | 10691 | 13683 | 15490 | 17356 | 19423 | 21178 | 23131 | 25001 | 27496 | 29335 | 31275 | 33296 | 35780 | 40218 | 43374 | 46122 | 48030 | 51231 | 52542 | 55865 | 57627 | 59559 | 62262 | 65332 | 69050 | 73969 | 75678 | 78501 | |
| 1193 | 4946 | 7624 | 10902 | 14312 | 15597 | 17522 | 19501 | 21291 | 23192 | 25331 | 27689 | 29472 | 31592 | 33539 | 36011 | 40355 | 43392 | 46238 | 48229 | 51252 | 52607 | 56057 | 58674 | 59614 | 63158 | 65788 | 70364 | 74638 | 75769 | 78505 | |
| 1981 | 5342 | 8136 | 11114 | 14394 | 16101 | 17600 | 19619 | 21318 | 23240 | 25818 | 27849 | 30013 | 31600 | 34312 | 36901 | 40492 | 43489 | 46294 | 48873 | 51550 | 52912 | 56064 | 58682 | 60542 | 63612 | 66171 | 70476 | 74942 | 76133 | 78773 | |
| 2428 | 5411 | 8185 | 11364 | 14517 | 16221 | 17744 | 19727 | 21652 | 23383 | 25872 | 27868 | 30058 | 32046 | 34893 | 37005 | 40750 | 43608 | 46599 | 49860 | 51698 | 53437 | 56677 | 58805 | 60852 | 63751 | 67114 | 71312 | 74984 | 76525 | 79257 | |

**Vöruúttekt hjá Hagkaupum**

**kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 349 | 3400 | 6371 | 8667 | 11331 | 13088 | 16449 | 17870 | 20731 | 23002 | 24849 | 27053 | 29486 | 31839 | 34217 | 37806 | 41012 | 43064 | 45180 | 49301 | 51335 | 53340 | 56721 | 59786 | 61856 | 65318 | 67088 | 69467 | 71886 | 75083 | 77836 | 79952 |
| 402 | 3495 | 6444 | 8772 | 11412 | 13216 | 16469 | 18307 | 20865 | 23130 | 25232 | 27063 | 29639 | 31924 | 34536 | 38165 | 41083 | 43080 | 45386 | 49443 | 51390 | 53392 | 57330 | 59824 | 61949 | 65352 | 67180 | 69722 | 71936 | 75272 | 77864 | |
| 438 | 3513 | 6793 | 8823 | 11440 | 13234 | 16496 | 18663 | 21038 | 23290 | 25370 | 27238 | 29658 | 32471 | 34841 | 38221 | 41168 | 43086 | 45915 | 49773 | 51500 | 53412 | 57407 | 59860 | 61994 | 65758 | 67273 | 70113 | 72026 | 75282 | 77919 | |
| 439 | 3625 | 6920 | 8838 | 11468 | 13282 | 16528 | 18696 | 21621 | 23303 | 25404 | 27499 | 29668 | 32671 | 35359 | 38273 | 41249 | 43131 | 46348 | 49837 | 51653 | 53613 | 57628 | 60119 | 62099 | 65846 | 67416 | 70153 | 72098 | 75546 | 77950 | |
| 692 | 3825 | 7011 | 8970 | 11483 | 13466 | 16681 | 18908 | 21793 | 23535 | 25415 | 27556 | 29832 | 32739 | 35467 | 38495 | 41295 | 43250 | 46976 | 49852 | 51712 | 53715 | 57809 | 60156 | 62193 | 66098 | 67468 | 70262 | 72180 | 75814 | 78080 | |
| 763 | 4140 | 7018 | 9198 | 11488 | 13596 | 16742 | 18986 | 21845 | 23624 | 25492 | 27578 | 29966 | 32750 | 35920 | 38785 | 41456 | 43488 | 47143 | 49883 | 51869 | 54085 | 57836 | 60198 | 62244 | 66104 | 67609 | 70268 | 72388 | 76181 | 78229 | |
| 769 | 4708 | 7430 | 9243 | 11603 | 13751 | 16801 | 19057 | 22053 | 23745 | 25649 | 27786 | 30135 | 32849 | 36130 | 39004 | 41484 | 43548 | 47827 | 49974 | 51914 | 54128 | 57995 | 60317 | 62285 | 66273 | 67883 | 70332 | 72736 | 76240 | 78464 | |
| 874 | 4823 | 7447 | 9416 | 11686 | 13927 | 16830 | 19116 | 22058 | 23794 | 25751 | 27855 | 30275 | 32925 | 36235 | 39226 | 41521 | 43567 | 47945 | 50112 | 52098 | 54152 | 58017 | 60428 | 62498 | 66308 | 68042 | 70397 | 73057 | 76385 | 78529 | |
| 1632 | 4914 | 7475 | 9661 | 11783 | 14341 | 16862 | 19435 | 22086 | 23803 | 25889 | 27925 | 30456 | 32963 | 36239 | 39258 | 41612 | 43946 | 48167 | 50249 | 52326 | 54546 | 58210 | 60589 | 63006 | 66316 | 68085 | 70588 | 73172 | 76423 | 78665 | |
| 1645 | 4927 | 7539 | 9679 | 11851 | 14736 | 16984 | 19506 | 22109 | 23898 | 26042 | 28012 | 30550 | 33091 | 36296 | 39367 | 41839 | 44200 | 48255 | 50288 | 52366 | 54783 | 58390 | 60728 | 63154 | 66358 | 68227 | 70751 | 73207 | 76700 | 78883 | |
| 1678 | 4945 | 7548 | 9767 | 11859 | 14758 | 17082 | 19605 | 22146 | 24124 | 26369 | 28045 | 30561 | 33192 | 36570 | 39455 | 41935 | 44358 | 48293 | 50323 | 52454 | 54994 | 58402 | 61094 | 63179 | 66470 | 68291 | 70882 | 73685 | 76774 | 79028 | |
| 1721 | 4987 | 7616 | 9974 | 12121 | 14764 | 17090 | 19615 | 22249 | 24185 | 26370 | 28394 | 30688 | 33420 | 36712 | 39658 | 42010 | 44363 | 48395 | 50428 | 52501 | 55247 | 58471 | 61407 | 63202 | 66483 | 68374 | 71105 | 73824 | 77084 | 79228 | |
| 1879 | 5163 | 7708 | 10175 | 12313 | 14765 | 17261 | 19627 | 22269 | 24338 | 26533 | 28401 | 30704 | 33421 | 36829 | 39791 | 42434 | 44400 | 48424 | 50503 | 52514 | 55464 | 58482 | 61432 | 63911 | 66611 | 68395 | 71198 | 73844 | 77164 | 79230 | |
| 1885 | 5732 | 7804 | 10292 | 12323 | 14794 | 17409 | 20013 | 22306 | 24357 | 26727 | 28430 | 30738 | 33426 | 36875 | 39872 | 42549 | 44481 | 48432 | 50641 | 52680 | 55556 | 58862 | 61642 | 63978 | 66627 | 68657 | 71203 | 73961 | 77221 | 79245 | |
| 2530 | 5804 | 7941 | 10557 | 12408 | 14969 | 17506 | 20206 | 22550 | 24398 | 26752 | 28551 | 31049 | 33446 | 37008 | 40054 | 42800 | 44605 | 48675 | 50679 | 53106 | 55638 | 59058 | 61661 | 64172 | 66829 | 68904 | 71266 | 74184 | 77253 | 79362 | |
| 2564 | 6007 | 7977 | 10587 | 12457 | 15672 | 17650 | 20296 | 22745 | 24422 | 26850 | 28578 | 31235 | 33563 | 37262 | 40269 | 42888 | 44606 | 48723 | 50878 | 53115 | 55964 | 59200 | 61668 | 64271 | 66977 | 68953 | 71275 | 74235 | 77489 | 79369 | |
| 2677 | 6138 | 8235 | 10652 | 12784 | 15713 | 17699 | 20418 | 22849 | 24482 | 26904 | 28768 | 31349 | 33809 | 37326 | 40479 | 42906 | 44827 | 48729 | 51047 | 53116 | 56274 | 59370 | 61688 | 64491 | 67017 | 69100 | 71433 | 74455 | 77625 | 79405 | |
| 2712 | 6331 | 8332 | 10729 | 12898 | 15846 | 17708 | 20450 | 22894 | 24756 | 26922 | 29036 | 31564 | 34023 | 37629 | 40720 | 42937 | 44997 | 48750 | 51056 | 53312 | 56392 | 59689 | 61693 | 65144 | 67019 | 69204 | 71472 | 74698 | 77700 | 79560 | |
| 2825 | 6361 | 8651 | 10773 | 12901 | 16441 | 17844 | 20730 | 22969 | 24785 | 26929 | 29081 | 31623 | 34174 | 37717 | 40944 | 43008 | 45115 | 48909 | 51115 | 53313 | 56573 | 59691 | 61845 | 65277 | 67047 | 69336 | 71564 | 75062 | 77708 | 79859 | |

**Kr. 15.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 20 | 1952 | 4274 | 6762 | 8579 | 11690 | 13874 | 16070 | 18677 | 22195 | 24897 | 27002 | 29602 | 32525 | 34825 | 38386 | 40671 | 43220 | 44999 | 47165 | 50836 | 54249 | 56246 | 58287 | 61102 | 63882 | 66676 | 69414 | 71916 | 74531 | 77369 | 79356 |
| 20 | 2010 | 4342 | 6768 | 8623 | 11824 | 13938 | 16124 | 18690 | 22357 | 24964 | 27021 | 29623 | 32574 | 35041 | 38464 | 40705 | 43282 | 45017 | 47312 | 51090 | 54278 | 56505 | 58424 | 61444 | 64049 | 66689 | 69430 | 71954 | 74549 | 77390 | 79514 |
| 20 | 2027 | 4412 | 6941 | 8904 | 11825 | 13965 | 16175 | 18708 | 22361 | 25080 | 27081 | 29690 | 32624 | 35105 | 38665 | 40755 | 43305 | 45034 | 47578 | 51232 | 54371 | 56563 | 58452 | 61456 | 64112 | 66694 | 69578 | 71959 | 74571 | 77409 | 79522 |
| 20 | 2056 | 4464 | 7074 | 8957 | 11837 | 14050 | 16179 | 18730 | 22931 | 25115 | 27115 | 29814 | 32643 | 35178 | 38670 | 40854 | 43518 | 45129 | 47662 | 51317 | 54385 | 56753 | 58689 | 61656 | 64391 | 66771 | 69579 | 72015 | 74645 | 77426 | 79610 |
| 20 | 2070 | 4607 | 7124 | 8963 | 11904 | 14067 | 16246 | 18984 | 22962 | 25277 | 27147 | 29872 | 32717 | 35430 | 38683 | 40945 | 43543 | 45133 | 47835 | 51530 | 54567 | 56869 | 59007 | 61691 | 64421 | 66898 | 69632 | 72387 | 74685 | 77549 | 79645 |
| 20 | 2198 | 4620 | 7174 | 9262 | 11905 | 14256 | 16551 | 19007 | 23029 | 25296 | 27173 | 29899 | 32912 | 35571 | 38692 | 41047 | 43602 | 45139 | 47856 | 51823 | 54625 | 56889 | 59160 | 61977 | 64445 | 66940 | 69666 | 72508 | 74691 | 77559 | 79767 |
| 20 | 2387 | 4659 | 7252 | 9495 | 11913 | 14387 | 16608 | 19228 | 23153 | 25316 | 27258 | 29921 | 32994 | 35607 | 38927 | 41223 | 43645 | 45146 | 48050 | 51889 | 54657 | 56955 | 59229 | 61978 | 64465 | 66999 | 69689 | 72531 | 74720 | 77593 | 79832 |
| 20 | 2439 | 4680 | 7291 | 9564 | 11933 | 14446 | 16622 | 19338 | 23246 | 25538 | 27289 | 29999 | 33169 | 35648 | 38971 | 41271 | 43664 | 45184 | 48083 | 52115 | 54789 | 56977 | 59353 | 62073 | 64615 | 67404 | 69788 | 72685 | 74911 | 77631 | 79862 |
| 20 | 2465 | 4696 | 7298 | 9571 | 11998 | 14450 | 16718 | 19597 | 23398 | 25722 | 27407 | 30015 | 33250 | 35833 | 39006 | 41323 | 43708 | 45291 | 48218 | 52173 | 54905 | 57055 | 59355 | 62092 | 64670 | 67529 | 69805 | 72695 | 74926 | 77695 | 79882 |
| 20 | 2744 | 4705 | 7336 | 9599 | 12270 | 14569 | 16721 | 19598 | 23481 | 25901 | 27784 | 30181 | 33292 | 36009 | 39009 | 41358 | 43799 | 45317 | 48473 | 52182 | 55048 | 57093 | 59381 | 62137 | 64679 | 67545 | 69944 | 72705 | 75198 | 77796 | |
| 20 | 2865 | 4784 | 7466 | 9763 | 12466 | 14718 | 16879 | 19608 | 23538 | 25913 | 27821 | 30234 | 33308 | 36103 | 39078 | 41394 | 43808 | 45351 | 48524 | 52365 | 55158 | 57123 | 59403 | 62330 | 64708 | 67649 | 69981 | 72715 | 75302 | 77845 | |
| 20 | 2921 | 4810 | 7547 | 9807 | 12523 | 14731 | 16888 | 19664 | 23571 | 25981 | 27880 | 30333 | 33553 | 36137 | 39155 | 41569 | 43879 | 45394 | 48657 | 52409 | 55165 | 57256 | 59597 | 62342 | 64832 | 67674 | 70075 | 72795 | 75668 | 77960 | |
| 20 | 3018 | 4875 | 7552 | 9899 | 12582 | 14734 | 17071 | 19859 | 23683 | 26004 | 27948 | 30388 | 33592 | 36370 | 39169 | 41600 | 43901 | 45509 | 48759 | 52505 | 55197 | 57291 | 59727 | 62413 | 64884 | 67814 | 70209 | 72899 | 75700 | 77987 | |
| 20 | 3033 | 5017 | 7603 | 10403 | 12584 | 14775 | 17123 | 19921 | 23736 | 26082 | 28039 | 30515 | 33596 | 36490 | 39366 | 41736 | 43909 | 45538 | 48849 | 52646 | 55236 | 57306 | 59771 | 62414 | 64915 | 67826 | 70263 | 73164 | 75838 | 78002 | |
| 20 | 3183 | 5047 | 7721 | 10449 | 12647 | 14833 | 17137 | 20089 | 23907 | 26154 | 28139 | 30616 | 33632 | 36659 | 39467 | 41738 | 43942 | 45584 | 49090 | 52758 | 55241 | 57310 | 59873 | 62420 | 65098 | 67858 | 70399 | 73233 | 75938 | 78155 | |
| 20 | 3239 | 5079 | 7922 | 10457 | 12802 | 14926 | 17144 | 20099 | 23966 | 26213 | 28302 | 30652 | 33641 | 36746 | 39471 | 41867 | 43996 | 45696 | 49156 | 52815 | 55250 | 57344 | 59885 | 62488 | 65469 | 67943 | 70428 | 73338 | 75967 | 78170 | |
| 20 | 3270 | 5151 | 8088 | 10611 | 12826 | 14964 | 17235 | 20157 | 23975 | 26285 | 28448 | 30741 | 33666 | 36864 | 39475 | 41984 | 44158 | 45792 | 49322 | 52990 | 55257 | 57450 | 59913 | 62666 | 65477 | 67974 | 70429 | 73356 | 76102 | 78291 | |
| 20 | 3341 | 5216 | 8168 | 10659 | 12852 | 14998 | 17444 | 20195 | 23977 | 26312 | 28494 | 30784 | 33977 | 36977 | 39529 | 42278 | 44211 | 45848 | 49452 | 53011 | 55293 | 57509 | 59975 | 62749 | 65536 | 68115 | 70549 | 73390 | 76228 | 78444 | |
| 20 | 3393 | 5279 | 8231 | 10723 | 12996 | 15360 | 17624 | 20620 | 24052 | 26347 | 28550 | 30888 | 34100 | 37090 | 39660 | 42330 | 44215 | 45894 | 49460 | 53121 | 55340 | 57525 | 59989 | 62756 | 65732 | 68152 | 70696 | 73487 | 76242 | 78535 | |
| 20 | 3498 | 5377 | 8247 | 10779 | 13115 | 15386 | 17635 | 20702 | 24059 | 26466 | 28556 | 31021 | 34134 | 37132 | 39715 | 42337 | 44236 | 45913 | 49714 | 53262 | 55387 | 57612 | 60058 | 62936 | 65822 | 68242 | 70748 | 73640 | 76273 | 78651 | |
| 20 | 3581 | 5430 | 8265 | 10874 | 13166 | 15570 | 17739 | 20713 | 24138 | 26474 | 28674 | 31099 | 34178 | 37137 | 39766 | 42492 | 44285 | 45973 | 49731 | 53290 | 55473 | 57639 | 60144 | 62938 | 65838 | 68337 | 70800 | 73738 | 76373 | 78684 | |
| 20 | 3642 | 5462 | 8287 | 10939 | 13305 | 15641 | 17948 | 20796 | 24233 | 26556 | 28829 | 31153 | 34187 | 37159 | 39920 | 42509 | 44416 | 46001 | 49756 | 53298 | 55516 | 57679 | 60224 | 63206 | 65907 | 68363 | 71015 | 73800 | 76400 | 78697 | |
| 20 | 3651 | 5499 | 8297 | 10984 | 13306 | 15652 | 17978 | 21091 | 24286 | 26561 | 28866 | 31195 | 34213 | 37250 | 39931 | 42524 | 44420 | 46209 | 49797 | 53306 | 55517 | 57680 | 60425 | 63211 | 65945 | 68517 | 71096 | 73811 | 76440 | 78727 | |
| 20 | 3734 | 5610 | 8313 | 11050 | 13349 | 15665 | 18382 | 21161 | 24368 | 26631 | 28945 | 31242 | 34357 | 37253 | 39951 | 42574 | 44546 | 46227 | 49809 | 53460 | 55603 | 57763 | 60567 | 63259 | 66042 | 68572 | 71270 | 73850 | 76449 | 78752 | |
| 20 | 3791 | 5687 | 8331 | 11193 | 13418 | 15681 | 18402 | 21277 | 24467 | 26804 | 29047 | 31659 | 34375 | 37374 | 39996 | 42655 | 44678 | 46287 | 49810 | 53469 | 55628 | 57775 | 60580 | 63262 | 66185 | 68713 | 71342 | 74022 | 76585 | 78858 | |
| 20 | 3924 | 5761 | 8333 | 11324 | 13440 | 15692 | 18434 | 21305 | 24481 | 26812 | 29132 | 31789 | 34392 | 37600 | 40221 | 42672 | 44731 | 46597 | 49825 | 53669 | 55688 | 57788 | 60585 | 63658 | 66243 | 68738 | 71530 | 74058 | 76630 | 78941 | |
| 20 | 3968 | 5788 | 8381 | 11475 | 13544 | 15808 | 18472 | 21577 | 24552 | 26819 | 29269 | 31970 | 34491 | 37678 | 40251 | 42723 | 44746 | 46777 | 50109 | 53943 | 55738 | 57832 | 60620 | 63687 | 66298 | 68855 | 71625 | 74073 | 76741 | 78952 | |
| 20 | 3980 | 5843 | 8436 | 11486 | 13631 | 15837 | 18518 | 21597 | 24662 | 26840 | 29278 | 32192 | 34493 | 38049 | 40302 | 42779 | 44770 | 46838 | 50307 | 53957 | 55897 | 58076 | 60653 | 63739 | 66325 | 68984 | 71661 | 74111 | 77045 | 78969 | |
| 20 | 3985 | 5952 | 8473 | 11596 | 13697 | 15988 | 18611 | 21868 | 24677 | 26950 | 29326 | 32222 | 34599 | 38097 | 40436 | 42973 | 44782 | 46960 | 50357 | 53987 | 56054 | 58195 | 60872 | 63795 | 66348 | 69073 | 71673 | 74307 | 77138 | 79106 | |
| 20 | 4003 | 6318 | 8574 | 11652 | 13740 | 15994 | 18614 | 22115 | 24719 | 26987 | 29426 | 32338 | 34608 | 38198 | 40645 | 43024 | 44890 | 46994 | 50697 | 54112 | 56148 | 58228 | 60883 | 63824 | 66353 | 69116 | 71860 | 74329 | 77141 | 79154 | |
| 20 | 4182 | 6457 | 8578 | 11678 | 13752 | 16014 | 18624 | 22170 | 24769 | 26988 | 29489 | 32354 | 34617 | 38238 | 40660 | 43077 | 44963 | 47067 | 50825 | 54200 | 56192 | 58244 | 61036 | 63852 | 66576 | 69321 | 71901 | 74338 | 77167 | 79276 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Afgreiðsla vinninga hefst þann 21. september 2015. Birt án ábyrgðar um prentvillur.

# NÁMSKEIÐ SÍBS HAUST 2015

Reykjalundarnámskeið SÍBS um heilbrigði og lífsstíl eru aðlöguð útgáfa af námskeiðum sem notuð eru í meðferð á Reykjalundi. Námskeiðin eru kennd af okkar færustu sérfræðingum á hverju sviði og þú getur treyst faglegu innihaldi þeirra



# Þegar Lars neyddist til að reka Zlatan

Lars þjálfaði fótboltamanninn Zlatan Ibrahimovic sem hann segir alltaf vilja vera bestan og hafi hægt og rólega orðið bestur í liðinu. Lars rak Zlatan tímabundið úr liðinu fyrir að brjóta eina af fáum reglum sem þjálfarinn setti.

Lars Lagerbäck hefur þjálfað margar stjörnur í gegnum tíðina. Til dæmis þjálfaði hann einn þekktasta knattspyrnumann Svía, Freddie Ljungberg, upp öll yngri landsliðin og í A-landsliðinu. Lars þjálfaði einnig sænsku ofurstjörnuna Zlatan Ibrahimovic. Þeir áttu í fínu sambandi og talast ennþá við. „Við tölum minna saman en áður. Undanfarið ár eða svo höfum við sent nokkur SMS hvor á annan.“

Zlatan hefur það orð á sér að vera nokkuð erfiður í samskiptum, en Lars segir það ekki hafa verið vandamál að þjálfa hann. „Það var í raun nokkuð auðvelt. Hann er auðvitað einstakur karakter. Sko, þegar ég byrjaði að þjálfa trúði ég því algjörlega að maður ætti að koma eins fram við alla leikmenn. En það breyttist fljótt og ég lærði að maður þarf að meta alla leikmenn á sömu forsendum. Ég þurfti ekki að koma öðruvísi fram við Zlatan vegna þess að hann er þessi stjarna sem hann er, heldur vegna þess hvernig persónuleiki hann er og vegna þess hver bakgrunnur hans var.“

Fyrstu ár Lars sem landsliðsþjálfara var Zlatan ekki ein af stjörnum liðsins. „Hann er ótrúlegur karakter og vill alltaf vera sá besti. Hann lagði mikið á sig og varð hægt og rólega bestur.“

Lars rifjar upp sögu frá því þegar hann þurfti að reka Zlatan tímabundið úr liðinu, fyrir að brjóta eina af þeim fáu reglum sem Lars og þjálfarateymið settu liðinu. „Leikmenn áttu ekki að fara út þetta kvöld, þeir áttu að vera inni á hótelinu frá kvöldverði fram að morgunmat daginn eftir. Zlatan fór út ásamt tveimur öðrum leikmönnum. Klukkan sex morguninn eftir hringdi ritari sænska knattspyrnusambandsins í mig og tjáði mér að eitt af dagblöðunum væri með myndir af þremur leikmönnum úti á lífinu. Þarna þurfti að taka ákvörðun. Við ákváðum að senda þá heim.“

Lars segist hafa haldið að eftir þetta myndi hann alltaf verða óvinurinn í augum Zlatans. Lars kallaði Zlatan á fund til sín og útskýrði ákvörðunina fyrir honum. „Hann sagði eiginlega ekkert við mig á móti. Enginn af þessum þremur leikmönnum var sáttur. Þeir sögðust hafa haldið að þeir myndu frekar fá sekt, en ég hef ekki trú á þannig refsingu. Ég sendi þá heim og þeir misstu af þessum eina leik. Hinir tveir komu strax til baka í leikinn á eftir, en Zlatan gaf ekki kost á sér fyrr en tveimur leikjum síðar.“

Lars segir að væntanlega hafi samband Zlatans og Rolands Anderson, aðstoðarþjálfara liðsins, hjálpað til. „Roland þjálfaði Zlatan í yngri flokkunum í Malmö og var sá sem mælti með honum í aðalliðið. Zlatan hefur alltaf borið mikla virðingu fyrir Roland og það skipti örugglega sköpum í því að hann ákvað að snúa aftur í landsliðið. Zlatan sagði ekki neitt neikvætt um mig vegna málsins í fjölmiðlum. Það eina sem hann hefur sagt um málið opinberlega var í ævisögu hans. Þar sagðist hann vera ósáttur við að ég sagði okkur – þjálfarateymið – hafa tekið þá ákvörðun að senda hann heim. Zlatan vildi að ég segði að ég hefði tekið ákvörðunina. Ég veit ekki hvernig ég orðaði þetta við hann, líklega hefur hann rétt fyrir sér, en það skipti aldrei máli fyrir mig. Þetta tengist meira uppeldi Zlatans. Fyrir honum er bara einn yfirmaður, bara einn sem ræður. Honum líkar ekki við neina hópavinnu eða fundi. Hann vill bara hlusta á yfirmanninn.“

Lars segir Zlatan hafa reynst sér vel. „Mér þykir alveg afskaplega vænt um hann. Við náðum vel saman öll árin sem við unnum saman. Hann er stórkostleg manneskja. En hann hefur hliðar sem maður þarf að vinna í kringum og þarf alltaf að vera á tánum til þess að hann kaupi mann sem leiðtoga.“

Í sænska liðinu á þessum tíma voru margir þekktir leikmenn og sterkir karakterar. „Við vorum með marga sem vildu vera bestir. Mikil samkeppni ríkti í liðinu sem skapaði líka árekstra,“ segir Lars og bætir við að ekkert svoleiðis sé í íslenska landsliðinu. „Nei, þetta er allt öðruvísi. Í hvert skipti sem við hittumst á keppnisferðalögum er þetta eins og bekkur í skóla sem hittist aftur eftir sumarfrí.“



Lars þjálfaði Zlatan sem hann segir vera ótrúlegan karakter.

**VIÐ TÖLUM MINNA SAMAN EN ÁÐUR. UNDANFARIÐ ÁR EÐA SVO HÖFUM VIÐ SENT NOKKUR SMS HVOR Á ANNAN.**



ALLAR ÞESSAR VÖRUR FÁST Í NETVERSLUNINNI, HEILSUHUSID.IS



25%

**Solaray**
Hágæða bætiefni og vítamínblöndur.



HAUST TILBOÐ! 1.999 KR.

**Ecoffee fjölnota bollinn**
**+5 áfyllingar á Te-barnum**
Með þessum frábæra fjölnota bolla færðu 5 áfyllingar á Te-barnum!
FÆST Í VERSLUNUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

# FÖGNUM HAUSTINU!
# ORKURÍK TILBOÐ

TILBOÐIN GILDA 1.–14. SEPTEMBER

**Guli miðinn**
Íslenska bætiefnalínan sem þarf að vera til á hverju heimili.



25%



ORKUPAKKI 3 FYRIR 2

KEYPTU ALLA 3 PAKKANA EN BORGAÐU BARA FYRIR 2!

**Orku te**
YogiTea veitir þér orku og yl.



25%

**Terranova**
Einstök bætiefni sem slegið hafa í gegn. Hámarksvirkni eru einkunnarorð Terranova!

HEILSUFRÉTTIR ERU KOMNAR ÚT!



NÁÐU ÞÉR Í EINTAK!



25%

**Higher Nature**
Fyrir vandláta – komdu og finndu hvað hentar þér.

FRÍ HEIMSENDING Í SEPTEMBER!

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



**BROSKALL MEÐ GEISLABAUG**
Þessi er náttúrulega sakleysið uppmálað, og hann má bæði nota í gríni og alvöru. Hann er samt svona tækifærissinni. Kjöraðstæður fyrir þennan eru til dæmis þegar menn eru í greiðahugleiðingum og vantar eitthvað, með auðmýktina að vopni, auðvitað.



**HAMINGJUANDLITIN**
Þessi eru vinsælust allra emoji-a. Eðli málsins samkvæmt eru þau aðallega notuð þegar fólk er ánægt, sem netverjar eru allajafna. Þeir eru þó alls ekki allir þar sem þeir eru séðir, því það hefur komið á daginn að þessi glaðlegu andlit eru mikið notuð í „passíf agressífum“ tilgangi.



**AUGUN STANDA Á STILKUM OG ROÐI Í KINNUM**
Þessi er vandræðalegur og þýðir að sendandi hefur pínu farið hjá sér. Hann gæti hafa gert mistök, eða hann kann ekki að taka hrósi og finnst þessi henta vel í slíkum aðstæðum. Sem hann gerir samt eiginlega ekki.



**ULLARINN**
Þessi er æðislega flippaður, og iðulega bætt við þegar fólk segir eitthvað sem það er ekki alveg visst um að falli í góðan jarðveg. Einstaklega pirrandi gæi segja margir og hann má því alveg spara. Hentu frekar í blikkarann.



**BROSKALL MEÐ OPINN MUNN OG KALDAN SVITA**
Þessi lýsir líka kátínu, nema hvað að viðkomandi er í pínu taugastressi, og gæti allt eins sagt „hjúkket“ í capslock. Mikið notaður við aðstæður þar sem allt hefði geta farið til andskotans, en slapp fyrir horn.



**BROSKALL MEÐ GLEÐITÁR**
Þessi endurspeglar að sendandi er gjörsamlega grenjandi á sig úr hlátri. Afbragðs gott grín ætti að skila þér þessum. LOL, „laughing out loud“, hlær upphátt, eru einkunnarorð þessa emoji.



**FÚLU GÆJARNIR**
Þessi sést æði oft. Hann nær yfir fýlupúkana. Þeir eru mikið notaðir og passa við flestar neikvæðar tilfinningar. Eitthvað er bara ömurlegt.



**KALDUR SVITI**
Þennan sendir fólk sem er undir álagi, stressað og er við það að bugast. Kjörinn til að senda þegar fólk þarf að vinna fram eftir. Eða ef heimalærdómurinn ætlar aldrei að klárast.



**BROSKALL MEÐ HJARTAAUGU**
Þessi dúlli endurspeglar algera aðdáun, og er oft fleygt fram einum og sér, til dæmis við myndir. Hann getur alveg staðið einn án þess að skammast sín.



**BLIKKARINN**
Þessi er sá sem ullararnir ættu frekar að nota, enda er þessi að slá á létta strengi og ber ekki að taka alvarlega. Bara létt spaug.



**MÉR ER EKKI SKEMMT KARLINN**
Þessi er ekki beint reiður, en hann er pirraður og lýsir yfir vandlætingu í garð þess sem móttekur. Ef hann segði eitthvað þá væri það „eeehhg“. Það er ekki spes að fá þennan.

# Emoji





**ÞREYTTA ANDLITIÐ**
Þessir eru alveg að gefast upp á lífinu. Margir skella í þennan þegar heimurinn er alveg að murka úr þeim líftóruna og trúin á mannkynið löngu uppurin. En hann hentar líka við smærri tilefni, eins og að fara til tannlæknis.

## Gildishlaðnar fígúrur vaða nú uppi og eru notaðar í miklum mæli á öllum samfélagsmiðlum, smáskilaboðum og úti um allt að virðist. Hver einn og einasti endurspeglar fyrirfram gefna tilfinningu.

Upphafsmaður þessara tilfinningatroðnu andlita, sem kallast emoji á frummálinu, er Japaninn Shigetaka Kurita. Hann sótti innblásturinn til tækni sem hann sá veðurfræðing nota, og henti í framhaldinu í heilt stafróf af tilfinningum í myndaformi. Þetta var árið 1999 og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan, en Apple og Android stukku á vagninn í kringum 2013, og Microsoft stuttu síðar, og ekki varð aftur snúið. Emoji spyr hvorki um stöðu né stétt, allir eru að nota þetta. Nú er svo komið að karlarnir eru sumum hrein kvöð því ekki má sleppa þeim og guð hjálpi þeim sem setja of marga. Sannarlega vandlifað á emoji-öld. Fréttablaðinu þótti því eðlilegast að gera þeim helstu skil.



**HÁGRENJANDI GAURINN**
Þessi spangólar af angist og er stundum notaður þannig. Hann er þó oftar notaður til að tjá kaldhæðni.



**KÚKURINN**
Þessi er vinsæll, í alvöru. Sá sem hann sendir má muna fífil sinn fegurri, en er nokkuð hress þrátt fyrir það og alveg til í að grínast aðeins.



**Túristatvennan** Allir pollslakir og pínu svalir.



**Reiðu andlitin** Alveg brjál. Og alls ekki hlátur í huga. Virðum það.



**Sá kossasjúki** Þessi er lúmskur. Getur verið bæði einlægur og sætur, eða algjör belja. Passa sig.



**Þverlínuandlit** Þessi endurspeglar töluvert áhugaleysi.



**OK** Þessi samþykkir, og rúmlega það. Toppnæs gæti einhver slengt fram.



**Hendur upp í loft** AAAAmen! Þvílíka ánægjan.



**Helvítis fokking fokk** Það er púki í mönnum og þeir svífast einskis.



**Lauman** Fylgi þessi með skilaboðunum, býr eitthvað undir. Jafnvel perralegt.



**Slaki gaurinn** Þessi segir til um hve slakur sendandinn er og býsna sáttur með sitt. Gott að fá þennan.



**Sólgleraugnagæinn** Eitursvalur, líkt og sá sem sendir. Eða viðkomandi stendur að minnsta kosti í þeirri meiningu.



**Eins társ karl** Þessi endurspeglar særindi, hann er ekki beint reiður, en sár og vonsvikinn. Sem er eiginlega versta týpan.



**Grettarinn** Þessi er mikið notaður þegar fólk veit að það er pirrandi og notaður sem yfirlýsing um það.



**Hræðslutýpan** Táknmyndir algerrar skelfingar. Oft notaðir á kaldhæðinn máta, eins og sá sem spangólar.



**Pústarinn** Þessi getur ekki meir. Þetta er „dæs“ týpan. Tryllingslega búinn á því og er ekki að grínast.


DÚKKU
HEIMILI
„Dúkkuheimili er bæði fersk og djörf. Hér er á ferðinni sýning sem enginn leikhúsunnandi ætti að láta framhjá sér fara."
S.B.H. - Mbl.
„Mikill leiksigur hjá Unni Ösp"
A.G. - Listaukinn
„Ein besta opnun sem sést hefur á þessu leikári"
S.J. - Fbl.
GRÍMAN 2015
Sýning ársins
Leikstjóri ársins
Leikkona ársins í aðalhlutverki
Leikmynd ársins
Búningar ársins
Lýsing ársins.
„Mögnuð sýning sem á fullt erindi við samtímann"
B.L. - Pressan
„Þvílíkt leikrit, það hefur ekki elst um einndag."
A.V. - DV
SÝNINGAR HEFJAST
Á NÝ Í KVÖLD!
fim. 10/9 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
fös. 11/9 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
lau. 19/9 kl. 20 UPPSELT
mið. 23/9 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
lau. 26/9 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
fim. 1/10 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
fös. 2/10 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR
MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS
ÁSKRIFTARKORT
ÁSKRIFTARKORT
Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu!
ODDI






# Meiri áhersla á náttúrulegt útlit og fallega húð í vetur

Hugo Villard hefur farðað fyrir nokkur af þekktustu tímaritum og hönnuðum í heimi. Hann hrífst mikið af Íslandi og segir það koma sér á óvart hversu mikið margar íslenskar stelpur mála sig.



Hugo var fenginn í verkefni með Blue Lagoon á meðan hann er hér á landi en hann nýtir vörurnar þeirra með förðunum. Mynd/Vilhelm

Franski förðunarmeistarinn Hugo Villard er staddur hér á landi en hann hefur lengi verið heillaður af Íslandi. Hann byrjaði að læra förðun aðeins 16 ára gamall og hefur hingað til verið að farða hjá Vogue í Þýskalandi, Mexíkó og Japan, tímaritinu Another Magazine og mörgum fleiri heimsþekktum blöðum og tískumerkjum sem leggja línurnar í tískuheiminum. Þetta er í þriðja sinn sem hann kemur hingað til lands en hann hefur verið með námskeið og að kenna fyrir Mood Make-up School.

„Ég var mjög heillaður af Björk svo ég ákvað að koma hingað árið 2010 til þess að sjá hana á tónleikum. Eftir þá heimsókn vissi ég að ég yrði að koma hingað aftur og langaði aðeins að vinna hérna þannig að ég setti mig í samband við Eygló, sem er eigandi Mood, og við höfum átt í farsælu samstarfi síðan þá.“



Íslenska förðunartískan sem margar ungar stelpur virðast fylgja kom Hugo verulega á óvart. „Það sem kom mest á óvart var hvað sumar eru mikið málaðar. Ég bý í París þar sem konur mála sig lítið og eru helst með hárið eins og þær sé nývaknaðar. Stundum bæta þær á sig rauðum varalit. Hérna á Íslandi eru stelpur meira undir áhrifum frá Bandaríkjunum, Kim Kardashian ber að nefna í því samhengi.“

**HÉRNA Á ÍSLANDI ERU STELPUR MEIRA UNDIR ÁHRIFUM FRÁ BANDARÍKJUNUM, KIM KARDASHIAN BER AÐ NEFNA Í ÞVÍ SAMHENGI**

Það hafa eflaust margir tekið eftir því að förðunartíska, sem kallast „contouring“ og snýst um að skyggja nokkra hluta andlitsins og lýsa aðra hluta til þess að skerpa línur, hefur verið vinsæl hér á landi. Eygló segir þó að hún eigi von á breytingu á þessu í vetur. „Ég held að þetta sé komið gott og ég hef tekið eftir því að það er meiri áhersla á fallega og náttúrulega húð, minni augnmálning og svo kannski flottur varalitur.“

„Náttúrulegar snyrtivörur eru alltaf að verða vinsælli og þær eiga eftir að spila mikilvægt hlutverk í vetur. En hvað varðar förðun þá sé ég fyrir mér að það verði mjög mörg trend í gangi. Það sem mér hefur þótt mest áberandi er gyllt 70's förðun og frekar dökk „goth“ förðun með ljósri húð, dökkum augum og dökkum vörum. Svo vona ég líka að dökkir berjalitaðir varalitir komist í tísku enda fara þeir öllum vel,“ segir Hugo.

Eftir veru sína á Íslandi fer Hugo til Mílanó þar sem hann ætlar að taka þátt í tískuvikunni sem verður seinna í september. „Ég hef alltaf verið í París en það er kominn tími til að prófa nýtt umhverfi. Umboðsskrifstofan mín er í Mílanó og ég ætla að flytja þangað. Ég veit ekki enn þá hvaða verkefni ég tek þátt í í tískuvikunni en það er allavega víst að Mílanó heldur eina flottustu tískuvikuna.“

Hugo átti erfitt með skóla sem unglingur en hafði mikinn áhuga á því að teikna og þegar hann fékk að prófa að sækja námskeið í „special effects“ málun aðeins 16 ára gamall þá umbreyttist líf hans. „Ég hélt alltaf að tíska væri bara föt og skór. Förðun er fullkomin leið fyrir mig til þess að skapa og sameina áhugamálin mín. Það tekur tíma að gera förðunina að lifibrauði en í millitíðinni var ég aðeins að módela en mér fannst það ekki vera fyrir mig.“

**gunnhildur@frettabladid.is**



Margar ungar stelpur líta upp til förðunarstíls Kim Kardashian.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
Doritos
Twister
Doritos Twister
Zinger lundir, tortilla, salsasósa, iceberg, majónes, rifinn ostur og muldar Doritos-flögur
999 KR.
Doritos Twister, 2 Hot Wings, franskar, gos og Góu rúsínur.
1.799 KR.
SVOOO
GOTT
PIPAR\TBWA • SÍA • 153593

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar
Frosti Logason



# Að skipa og hlýða

Líkt og langflestir þeirra sem samsettir eru úr holdi og blóði hef ég ekki verið ósnortinn af þeim fréttum sem berast af flóttafólki frá Sýrlandi þessa dagana. Hvernig er hægt annað en að finna til með manneskjum sem nauðbeygðar þurfa að flýja heimkynni sín og skilja allt sitt eftir í tættum sprengjurústum? Ég finn til ábyrgðar og mér finnst það skylda mín að bjóða slíka einstaklinga velkomna til Íslands ef ég fæ einhvern tímann tækifæri til þess.

Þetta fólk er ekki að biðja um mikið. Einungis að fá að lifa lífi sínu við friðsamlegar aðstæður. Hjá okkur ríkir friður og við höfum nóg pláss. Nú gefst okkur tækifæri til þess að láta gott af okkur leiða. Þannig held ég að flestum okkar líði, fyrir utan nokkur skemmd epli sem hafa síðastliðin ár fengið að rotna hressilega í kjöraðstæðum á moggablogginu og öðrum viðlíka skúmaskotum samfélagsins.

Það kom mér því örlítið á óvart að sjá móttökurnar sem íslenski blaðamaðurinn frá Stöð 2 fékk þegar hann kíkti á aðstæður í flóttamannabúðum í Búdapest á dögunum. Þar var gargað á hann og blótsyrði fengu að fjúka. Búðirnar líktust um of Guantanamo, sögðu vistmennirnir. Sjálfsagt vissu flóttamennirnir ekki að blaðamaðurinn væri útlendingur og auðvitað er ömurlegt að þurfa að hafast við í tjaldi í flóttamannabúðum. En þetta kom spánskt fyrir sjónir.

Í flóttamannabúðum í Þýskalandi brutust líka út óeirðir um daginn þegar einhver dóninn tók upp á því að rífa blaðsíðu úr Kóraninum. Í frétt frá Austurríki hrópuðu flóttamenn á þarlend stjórnvöld að senda þeim rútur þegar heimamenn höfðu mætt á svæðið á einkabílum. Já, sumt er erfiðara að skilja en annað hugsaði ég um leið og upp fyrir mér rifjuðust orð föður míns heitins þegar ég sem ungur drengur tók stundum hressileg frekjuköst í stofunni heima. Skipað gæti ég væri mér hlýtt.

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir
Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015




Allt sem þú þarft ...

